


# Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda: rammadrög að hæfniþróun



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

NÁMSGAGNASTOFNUN

COUNCIL OF EUROPE
CONSEIL DE L'EUROPE
Evrópuráðið

# Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda: rammadrög að hæfniþróun

**Peter Brett, Pascale Mompoint-Gaillard og Maria Helena Salema Virgílio Meira Soares, Vedrana Spajic-Vrkaš, Sulev Valdmaa og Ulrike Wolff-Jontofsohn lögðu til efni**

**Ritstjóri: Sarah Keating**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

NÁMSGAGNASTOFNUN

COUNCIL OF EUROPE CONSEIL DE L'EUROPE Evrópuráðið

*Þær skoðanir sem koma fram í þessari bók eru á ábyrgð höfundanna og ekki víst að þær endurspegli opinbera stefnu Evrópuráðsins.*

Allur réttur áskilinn. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti eða dreifa í ágóðaskyni, svo sem í rafrænu formi (á geisladiski, á netinu o.s.frv.) eða með fjölföldun, svo sem ljósritun eða skráningu í einhvers konar upplýsingakerfi, án skriflegs leyfis Public Information and Publication Division, Communication and Research Directorate (F-67075 Strasbourg Cedex eða publishing@coe.int).

**Bókin á frummálinu:** *How all teachers can support citizenship and human rights education: a framework for the development of competences*
© Evrópuráðið, mars 2009

**Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda: rammadrög að hæfniþróun**
ISBN 978-9979-0-1891-9

Íslensk þýðing: © Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir

Ritstjóri íslenskrar útgáfu: Aldís Yngvadóttir
Handbókin er gefin út í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar með leyfi Evrópuráðsins.
Málfarslestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Vefútgáfa 2014
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Forsíða: Document and Publication Production Department (SPDP), Evrópuráðið
Útlitshönnun: Ogham/Mourreau
Umbrot: Námsgagnastofnun

Útgáfa Evrópuráðsins (Council of Europe Publishing)
http://book.coe.int
F-67075 Strasbourg Cedex

# Efnisyfirlit


Stutt yfirlit ..... 5

Þakkir ..... 7

1. Formáli ..... 9
2. Inngangur ..... 13
3. Yfirlit yfir hæfniþættina og ritið í heild ..... 17
4. Flokkur A: Þekking og skilningur á MLB/MRM ..... 21
5. Flokkur B: Nám og kennsla í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum ..... 33
6. Flokkur C: Nám og kennsla í þágu MLB/MRM sem byggist á samvinnu og samfélagslegri þátttöku ..... 47
7. Flokkur D: Innleiðing og mat á þátttökuaðferðum á sviði MLB/MRM ..... 59
8. Úrræði sem nýtast öðrum aðilum ..... 69
9. Niðurstaða ..... 75
10. Viðauki ..... 77
11. Heimildir ..... 81

# Stutt yfirlit

Þetta rit er gefið út í tengslum við áfanga í MLB/MRM-áætlun Evrópuráðsins, Learning and living democracy for all (2006–09), og er ætlað að koma til móts við það lykilmarkmið að efla „möguleika á þjálfun og starfsþróun kennara í aðildarríkjunum, bæði hvað varðar menntun og samstarf við borgaraleg samtök, einkum innan sveitarfélaga og á vettvangi frjálsra félagasamtaka“.

Það hlutverk kennara að styðja lýðræðisleg gildi með virkri kennslu sem kallar á þátttöku nemenda er almennt viðurkennt. Með tilkomu nýrra félagslegra strauma, vaxandi samvirkni og breytinga í nærsamfélögum og á heimsvísu er það mjög undir kennurum komið og þeim sem mennta þá hvernig til tekst með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun (MRM).

Í þessu riti eru kynntir þeir lykilhæfniþættir sem kennarar þurfa að búa yfir til að geta útfært slíkt nám í bekkjarkennslu; í skólanum öllum og í samfélaginu utan hans. Bókin er ætluð kennurum á öllum sviðum náms og kennslu (ekki einungis sérfræðingum á þessu sviði, heldur kennurum í öllum námsgreinum); og þeim sem kenna kennaranemum í æðri menntastofnunum eða á öðrum vettvangi, bæði í almennri kennaramenntun og endurmenntun.

Kynntir eru 15 hæfniþættir sem skipt er í fjóra framvinduflokka tengda spurningum og vandamálum sem kennarar og æfingakennarar hljóta að rekast á við innleiðingu MLB/MRM:

- þekking og skilningur á MLB/MRM;
- nám og kennsla í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum (undirbúningur, bekkjarstjórnun, kennsla og mat);
- nám og kennsla í þágu MLB/MRM sem byggist á samvinnu og samfélagslegri þátttöku (MLB/MRM í verki);
- innleiðing og mat á þátttökuaðferðum á sviði MLB/MRM.

Hver flokkur hæfniþátta er tekinn fyrir í einum kafla í bókinni þar sem þeim er nákvæmlega lýst og tekin eru dæmi um þá. Hverjum hæfniþætti fylgir síðan framvindutafla: þessar töflur eiga að gagnast kennurum og þeim sem kenna kennaraefnum við að finna út hvernig þeir standa að vígi faglega á þessu sviði og hvað þeir þurfa einkum að bæta í starfsháttum sínum. Aðrir hlutaðeigandi aðilar finna hér einnig efni sem tengist framkvæmd og innleiðingu MLB/MRM: stefnumótendur, skólastjórnendur og æðri menntastofnanir.

Þessi bók er byggð á margvíslegu efni sem orðið hefur til í tengslum við MLB/MRM-áætlun Evrópuráðsins undanfarinn áratug og um leið tengist hún þremur öðrum mikilvægum ritum Evrópuráðsins á þessu sviði:

- *Tool on teacher training for education for democratic citizenship and human rights education* (Huddleston, T. (ritstj.), 2005), sem ætlað er stjórnvöldum og yfirvöldum menntamála og á að gera þeim ljósa þörfina á kerfisbundnum og samhæfðum aðferðum við þjálfun kennara í þessum greinum;
- *Democratic governance of schools* (Backman, E. og Trafford, B., 2007), þar sem fjallað er um heildarstefnu skóla og málefni sem tengjast forystu um MLB/MRM.
- *Tool for quality assurance of education for democratic citizenship in schools* (Bîrzea, C. o.fl., 2005), sem er uppsláttarrit/verkfæri þar sem grundvallarreglum og ferlum gæðastjórnunar er beitt.

Við vonum að með stuðningi þessara brautryðjendaverkefna og því sem þessi bók hefur fram að færa geti kennarar leyst – oft erfið og umdeilanleg – vandamál sem tengjast mannréttindum og lýðræði og skapað ungmennum námsumhverfi sem menntar þau þannig að í fyllingu tímans verði þau ábyrgir, virkir og nýtir samfélagsþegnar.

# Þakkir

Þetta verk er afrakstur af heils árs vangaveltum, ráðgjöf og skrifum. Því er mikilvægt að gera grein fyrir þeim mörgu aðilum sem áttu hlut að gerð þessarar bókar og hlutverki hvers og eins.

Hópurinn sem stóð að fyrstu drögunum kom fyrst saman í júní 2007. Þetta voru þau Peter Brett, Virgílio Meira Soares, Maria Helena Salema, Vedrana Spajic-Vrkašog Sulev Valdmaa.

Í upphafi var ekki ljóst hver yrði aðalhöfundur en fljótlega ákvað hópurinn að Peter Brett skyldi hafa forystu um gerð frumdraganna að bókinni. Hann bar því ábyrgð á gerð kaflanna sem ekki eru sérstaklega nefndir hér á eftir og var aðalritstjóri þar til verkinu lauk.

Virgílio Meira Soares tryggði samræmi við áætlun Evrópuráðsins um æðri menntun og gerði drög að köflum sem tengdust því efni.

Maria Helena Salema samdi hæfniþætti nr. 5, 9, 13 og 14 og lagði einnig til efni í aðra kafla bókarinnar og þá átti hún aðild að fræðilegum bakgrunni rannsóknar á MRM og kennaramenntun og starfsþróun kennara. Hún tók mikinn þátt í ferlinu allt þetta ár.

Vedrana Spajic-Vrkaš átti stóran þátt í heildarhugtakaramma bókarinnar.

Sulev Valdmaa átti hlut að hæfniþáttum nr. 1 og 8 og sá um tenginguna við Pestalozzi-þjálfunaráætlun Evrópuráðsins fyrir æfingakennara og kynningaraðila á sviði menntunar.

Í september 2008 gekk Ulrike Wolff-Jontofsohn til liðs við sérfræðingahópinn og átti hlut að köflunum um æðri menntun og starfsþjálfun kennara.

Samkvæmt ítarlegum ráðleggingum Pestalozzi-hópsins um MLB í mars 2008 endurskipulagði Pascale Mompoint-Gaillard alla bókina, bæði hvað varðaði efnisröðun og viðbótarefni.

Ólöf Ólafsdóttir, forstöðumaður skóla- og utanskóladeildar Evrópuráðsins (School and Out-of-School Department), sá um að mannréttindum, og þar með jafnrétti kynjanna, væru gerð viðhlítandi skil í bókinni. Josef Huber studdi gerð bókarinnar út frá Pestalozzi-áætluninni. Heather Courant og Sharon Lowey sáu til þess að allt skipulag og stjórnun gengi sem best.

Og loks vil ég þakka verkefnisstjórunum, samstarfsneti Suðaustur-Evrópu og sérstökum ráðgjafarhóp um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (ED-EDCHR) — einkum formanninum, Reinhild Otte, sem veitti dýrmætan stuðning og ráðgjöf.

Ég vil þakka öllum höfundunum og öðrum sem lögðu til efni. Það var ánægjulegt að bera ábyrgð á þessu verkefni, ekki einungis vegna þess að ég trúi að endanlega verkið reynist gagnlegt, heldur vegna þess að ferlið sjálft var frábært tækifæri til að vinna með áhugasömum, reyndum og skapandi kennurum.

*Sarah Keating*
*verkefnisstjóri og ritstjóri*
*Strassborg, desember 2008*

# 1. Formáli

Almennt er viðurkennt að kennarar gegni mikilvægu hlutverki við að stuðla að lýðræðismenntun með virkum aðferðum sem kalla á þátttöku nemenda. Árangurinn af menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun (MRM) er verulega háður kennarastéttinni.

Án vafa var það þetta sem réð því að í lokayfirlýsingu fastanefndar evrópskra menntamálaráðherra (Istanbúl, maí 2007) tilgreindu menntamálaráðherrar frá 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins borgaravitund sem einn af þeim fimm hæfniþáttum sem stuðluðu að lýðræðismenningu og félagslegri samheldni (hinir þættirnir voru: þvermenningarleg hæfni; hæfni í fleiri en einu tungumáli; félagsleg vitund; samstaða og víðsýni). Þessi bók er svar við þessari yfirlýsingu ráðherranna og nýtur því pólitísks stuðnings.

Hinn 3. október 2008 gekk þing Evrópuráðsins skrefi lengra með því að innleiða Tilmæli 1849 (2008) um eflingu lýðræðis og mannréttindamenningar með kennaramenntun.[1]

Þingið lagði meðal annars þetta til:

> Ráðherranefndin skori á ríkisstjórnir og viðkomandi yfirvöld aðildarríkjanna að notfæra sér reynslu og sérþekkingu Evrópuráðsins á þessu sviði, einkum og sér í lagi:
>
> ...
>
> 5.2. sú hæfni sem efling lýðræðis- og mannréttindamenningar og mannréttinda í skólastofunni kallar á skal tilgreind í námskrá kennaramenntunar í öllum faggreinum.

Innan þessara pólitísku ramma skyldu þessi nýju tilmæli einnig skoðuð í víðara samhengi í milliríkjastarfi Evrópuráðsins að MLB/MRM frá árinu 1997 og koma til móts við lykilmarkmið og stefnumið þeirrar vinnu sem nú fer fram á vettvangi Evrópuráðsins – Learning and living democracy for all (2006-09) –

> að efla möguleikana á menntun og starfsþróun kennara í aðildarríkjunum, bæði hvað varðar menntun og í samstarfi við þátttakendur í samfélagslegu starfi, einkum á vettvangi frjálsra félagasamtaka.[2]

Í mörgum Evrópulöndum er oft breitt bil milli opinberrar stefnu og umræðu um MLB/MRM og starfshátta í skólunum.[3] Könnun á vegum Eurydice sýndi að þrátt fyrir þá staðreynd að menntun um borgaravitund sé orðin almennari í námskrám hefur hún aðeins verið sett inn sem liður í grunnmenntun kennara í fáeinum Evrópulöndum.[4]

Eitt af brýnum verkefnum sem nýlega hafa verið skilgreind er að „[byggja upp] skilvirkari og víðtækari þjálfun kennara bæði í grunnnámi og símenntun“:

> Í Vestur-Evrópu er þjálfun kennara á sviði MLB/MRM yfirleitt takmörkuð og brotakennd og felst mestmegnis í almennri fræðslu fyrir kennaranema en er valfrjáls þegar kemur að símenntun kennara. Þetta samræmist ekki hinu mikilvæga hlutverki kennara við þróun skilvirkra vinnu-

1. Texti sem þingið samþykkti 3. október 2008 (36. fundur).
2. Evrópuráðið, Education for Democratic Citizenship and Human Rights, *Programme of Activities* (2006-2009) „Learning and living democracy for all“ DGIV/EDU/CAHCIT (2006) 5, 14. mars 2006, 3.
3. Naval, Print and Iriate (2003) Civic education in Spain: a critical review of policy, (á netinu) Journal of Social Science Education; og Osler og Starkey (2005). Sjá „Heimildir sem vitnað er til í bókinni“ í 11. kafla.
4. Eurydice, Citizenship education at school in Europe, 2005.

bragða á þessu sviði. Það vekur alvarlegar spurningar um getu og hæfni kennara til að ryðja braut virkari aðferðum sem hvetja til þátttöku og tengjast nýjum kennsluháttum víða um lönd.[5]

Þetta rit er byggt á margs konar efni sem þróað hefur verið í MLB-áætlun Evrópuráðsins og tengist um leið öðrum aðgerðum/útgáfum þess:

- kennaramenntun hefur verið mikilvæg frá upphafi og verið meðal forgangsatriða Evrópuráðsins á vettvangi menntamála, þar á meðal við undirbúning og framkvæmd Evrópuárs um borgaravitund (2005). Sem lið í hinu síðarnefnda gaf Evrópuráðið út Tool on teacher training for education for democratic citizenship and human rights education,[6] sem ætlað var að gera ríkisstjórnum og yfirvöldum menntamála ljósa þörfina á kerfisbundnum og samhæfðum aðferðum við þjálfun kennara á þessu sviði. Þar var lýst góðum starfsháttum í almennu kennaranámi. Kallað var eftir meiri vinnu að þróun og framsetningu kjarnahæfniþátta í MLB og MRM sem lögð yrði áhersla á í kennaranámi. Vinnan sem þetta rit er byggt á er svar við því kalli:

  > það eru þeir (kennararnir) sem kynna og útskýra ný hugtök og gildi fyrir nemendum, auðvelda þeim að þróa með sér nýja leikni og hæfni og skapa aðstæður sem gera þeim kleift að beita þessari leikni og hæfni í daglegu lífi heima fyrir, í skólanum og í nærsamfélaginu.[7]

- einnig má líta á verk höfundahópsins sem handbók í tengslum við ritið Democratic governance of schools,[8] þar sem fjallað var um heildarstefnu skóla og málefni sem tengjast forystu um MLB/MRM. Verki okkar um hæfniþættina er ætlað að koma til móts við þarfir allra kennara í starfi þeirra innan skólastofunnar.

  > Árangri nemenda í bóknámi er gefinn mikill gaumur nú um stundir en við megum ekki gleyma öðru mikilvægu hlutverki menntunar: að leggja rækt við gildi og félagslega færni sem eru skilyrði fyrir friðsamlegri sambúð þegnanna í alþjóðlegu nútímasamfélagi.[9]

- „Könnun á lýðræðislegum stjórnarháttum í skólum Evrópu“[10] sýndi að nemendur fengju frekar tækifæri til virkrar þátttöku í stjórnun skóla ef slíkt var liður í formlegri skólanámskrá:

  > Til að geta áttað sig á námsmöguleikunum sem felast í ýmiss konar þátttöku virtust nemendur þurfa að fá tækifæri til að ígrunda með gagnrýnum hætti það sem þeir voru að læra, svo og að sjá „stóru myndina“, þ.e. að vandamál sem tengjast lýðræðislegum stjórnunarháttum í skólanum eru af sama meiði og vandamál sem upp koma í lýðræðislegum stjórnarháttum í heiminum yfirleitt. Þetta gefur því ekki eingöngu tilefni til þess að stuðla að gagnrýninni ígrundun í skólastofunni, heldur að þar séu gefin tækifæri til að ígrunda stöðu lýðræðis í verki innan skólans sjálfs og leiðbeint sé um tungutak og hugtök til að ræða slíkt.

- Tool for quality assurance of education for democratic citizenship in schools[11] er uppsláttarrit/verkfæri þar sem grundvallarreglum og ferlum gæðastjórnunar er beitt:

  > ef starf skólans á að bera góðan árangur verða sömu grunnreglur að gilda þar og er að finna í MLB-námsefninu.

5. Bîrzea, C. o.fl., *All European study on education for democratic citizenship policies*, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2004.
6. Huddleston, T. (ritstj.), *Tool on teacher training for education for democratic citizenship and human rights education*, Evrópuráðið, Strassborg, 2005.
7. Sama rit, bls. 15.
8. Backman, E. og Trafford, B., *Democratic governance of schools*, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2007
9. Sama rit, bls. 43.
10. Huddleston, T., *From student voice to shared responsibility: effective practice in democratic school governance in European schools*, Network of European Foundations og Evrópuráðið, 22. maí 2007, bls. 28.
11. Bîrzea, C. o.fl., *Tool for quality assurance of education for democratic citizenship in schools*, Council of Europe Publishing, Evrópuráðið, 2005.

Loks skal þess getið að margir hafa gefið ráð við gerð bókarinnar. Í mars 2008 veitti Pestalozzi-þjálfunaráætlunin fyrir æfingakennara og kynningaraðila á sviði menntunar aðstoð við þróun hæfniþáttanna. Þetta rit var endurskoðað eftir að ráðlegginga hafði verið leitað hjá Pestalozzi-neti æfingakennara í 14 Evrópulöndum og byrjað var að prófa það í ýmsu samhengi á vegum áætlunarinnar um vorið og sumarið 2008.

Verkefnastjórarnir, sem komu saman í apríl 2008 í Vín, gáfu einnig ráð, svo og samstarfsnetin í Suðaustur-Evrópu, í júní 2008 í Zagreb, og það gerði einnig samstarfsnetið á Eystrasalts/Svartahafssvæðinu.

# 2. Inngangur

## 2.1 Markmiðin með bókinni og markhópurinn

Meginmarkmið þessarar bókar er að skilgreina og lýsa með dæmum kjarnahæfniþáttum kennara í MLB og MRM og koma til móts við þarfir einstakra kennara innan veggja skólastofunnar.

Æfingakennarar frá Króatíu, Eistlandi, Englandi, Frakklandi, Þýskalandi og Portúgal unnu saman að því að skilgreina lykilhæfniþætti í MLB/MRM og lýsa þeim. Þeir reyndu síðan að lýsa því með dæmum hvernig hæfniþættirnir gætu nýst við margvíslegar aðstæður (hugsanlega í 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins) fyrir æfingakennara og bekkjarkennara við umfjöllun um málefni á sviði MLB/MRM, til að þróa færni á þessu sviði, styðja lýðræðis- og mannréttindagildi og við að þróa raunhæf verkefni í kennslu.

Þetta verkfæri er ætlað kennurum og þeim sem sinna grunnmenntun og símenntun kennara. Hæfniþættirnir eru ekki eingöngu miðaðir við sérfræðinga á sviði MLB/MRM, heldur gagnast þeir öllum kennurum, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Hæfniþættirnir sem hér er lýst eru ekki skyldubundnir. Þeir eiga að koma kennurum og þeim sem sinna kennaramenntun að gagni en ekki valda þeim ugg. Hæfni á ekki að óttast (eða nota sem svipu yfirvalda). Færniþættirnir voru þróaðir með það í huga að efla kennarann. Tilgangurinn er að styðja og bæta kennslu- og námsaðferðir á þessu sviði en ekki að dæma. Þær hugmyndir og leiðbeiningar sem hér eru settar fram er hægt að nota allar eða að hluta sem efni til að þjálfa kennara. Við gerum ráð fyrir aðlögun og sveigjanleika í notkun þeirra við margvíslegar aðstæður í ýmsum löndum og okkur er ljóst að löndin fella MLB/MRM inn í menntakerfi sín með mjög mismunandi hætti.

## 2.2 Skilgreiningar

### Skilgreiningar á MLB/MRM eru túlkunaratriði

Almennt má segja að menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar, sem stuðlar að gildismiðaðri þekkingu og færni sem byggist á athöfnum og breytingum, efli ungmenni og auki félagslegt réttlæti.

Evrópuráðið leggur áherslu á mikilvægi MLB/MRM við að undirbúa og efla fólk fyrir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Það bendir sérstaklega á það meginmarkmið MLB/MRM að hvetja og styðja nemendur til að verða virkir, upplýstir og ábyrgir þegnar. Það sem einkennir slíka þegna er að:

- þeir eru meðvitaðir um réttindi sín og skyldur;
- þeir eru vel heima á hinu félagslega og pólitíska sviði;
- þeim er annt um velferð annarra;
- þeir geta sett skoðanir sínar og rök skýrt fram;
- þeir eru færir um að hafa áhrif á heiminn;
- þeir eru virkir í samfélagi sínu;
- þeir eru ábyrgir þegnar.[12]

12. Bîrzea, C. o.fl., 2005, op. cit., bls. 25.

Kennarar þurfa að átta sig mjög vel á því hvernig og hvers vegna þeir færa rök fyrir MLB/MRM í hinum ýmsu löndum:

> Ýmis málefni, hugtök og svið tengjast MLB/MRM. Þetta eru málefni eins og varðveisla ýmissa fyrirbæra, svo sem lýðræðisþjóðfélags og réttinda sem tengjast því; skilningur á nauðsyn þátttöku í þjóðfélaginu; undirbúningur ungmenna fyrir virka og upplýsta þátttöku og þróun hæfni þeirra á því sviði; áhersla á þjóðfélag án aðgreiningar; áhersla á nútímaþjóðfélagið; hvatning til samvinnu og áhersla á alþjóðleg sjónarmið ...
>
> Meðal lykilhugtaka sem MLB/MRM er byggð á eru lýðræði, réttindi, ábyrgð, umburðarlyndi, virðing, jafnrétti, fjölbreytileiki og samfélag. Þessi hugtök, rétt eins og MLB/MRM, geta einnig verið umdeilanleg og vafasöm í öðru samhengi.
>
> MLB/MRM tekur einnig til þekkingar og skilnings, hæfni, viðhorfa og gilda. Allt þetta kemur fram í náms- og kennsluaðferðum sem hafa það að meginmarkmiði að móta og breyta viðhorfum og hegðun ungmenna fram á fullorðinsár.[13]

## Margar skilgreiningar má finna á hugtakinu „hæfni“

Í tengslum við verkefnið var einnig litið til fyrri hugmynda um hlutverk og eðli þeirrar hæfni sem kennarar þurfa að búa yfir. Einn liður í Lissabon-áætluninni var að framkvæmdastjórn ESB setti fram sameiginlegar evrópskar meginreglur um færni kennara og hæfniskröfur.[14] Stöðugt er krafist meiri og fjölbreyttari hæfni af kennurum, hæfni sem ekki er einstaklingsbundin eða afmörkuð og endanleg. Nýir hæfniþættir hafa þróast sem svar við nýjum samfélagslegum þörfum skólans (svo sem átakalausnir, menningarvitund, þvermenningarlegur skilningur og samskipti og alþjóðleg og fjölbreytt viðhorf og samráð).

Hugtakið var fyrst þróað í stjórnunarfræðum og orðin „hæfni“, „geta“, „hæfileikar“og „færni“ eru oft notuð í sömu eða svipaðri merkingu. Hér verður ekki sett fram tæmandi skilgreining á „hæfni“. Eins og áður var tekið fram getur orðið haft margvíslega merkingu og skylda merkingu orða eins og „hæfileiki“, „gáfa“, „geta“ og „leikni“. Hæfni er hægt að eigna einstaklingum, samfélagshópum eða stofnunum „þegar þeir eða þær ráða yfir eða öðlast forsendur til að ná tilteknum framfaramarkmiðum og uppfylla mikilvægar kröfur sem ytra umhverfið setur“.[15]

Skilgreining OECD á hæfni er:

> meira en þekking og færni eingöngu. Í henni felst geta til að mæta flóknum kröfum með því að nýta og virkja sálfélagslega þætti (þar á meðal færni og viðhorf) í tilteknu samhengi.[16]

Markmið „E-Forum on Approaches by Competencies“ sem UNESCO stóð fyrir árið 2006 var að bjóða upp á fjölbreyttan, opinn og uppbyggilegan vettvang þar sem fólk frá ýmsum heimshlutum gæti deilt reynslu sinni af námskrárbreytingum og -þróun sem byggðist á hæfnitengdum aðferðum. Þetta þriggja vikna starf var byggt á riti þar sem hugtakinu „aðstæðubundin hæfni“ var lýst:

> Í stað þess að setja einfaldlega saman lista eða upptalningar samhengislausra hæfniþátta verðum við hér eftir að einbeita okkur að því að lýsa athöfn einstaklings sem sýnir hæfni hans við tilteknar aðstæður, með það í huga að þróa „aðstæðubundna hæfni“.[17]

---

13. Kerr, D., „Citizenship: local, national and international“, í Gearon, L. (ritstj.), *Learning to teach citizenship in the secondary school*, 2003, bls. 7–8.
14. European Commission, Directorate General of Education and Culture, *Common European Principles for Teacher Competences and Qualifications*, lagt fram á European Testing Conference on Common European Principles for teacher competences and qualifications. 20.–21. júní 2005, Brussel.
15. Weinert, Franz E., *Concepts of competence*, Max Planck Institute for Psychological Research, München, 1999.
16. OECD, „The definition and selection of key competencies“, DeSeCo publications, 2005, www.oecd.org/dataoecd/47/61/35070367.pdf.
17. ORE (Observatoire des Reformes en Education), Revisiting the concept of competence as an organizing principle for programs of study: from competence to competent action, Montreal, 2006.

Með lykilhæfni stöndum við frammi fyrir ýmiss konar hæfni, þar sem ýmsir hæfileikar stuðla að því að markmiðum með kennslu í MLB/MRM verði náð.

Almennt getum við skilgreint hæfni þannig að í henni felist til dæmis:

- þekking (að vita);
- viðhorf og hegðun (að vera sér meðvitaður um eigin hegðun í tilteknu samhengi og geta útskýrt hana);
- afstaða (að vera opinn fyrir breytingum, að finna fyrir áhuga);
- kunnátta í aðferð (vita hvernig á að fara að);
- vitsmunaleg færni (meðferð upplýsinga, gagnrýnin hugsun og greining);
- færni byggð á reynslu (að vita hvernig bregðast skal við og laga nýja þekkingu að fyrri þekkingu, félagsleg færni).

## 2.3 Hvaða gagn er að MLB/MRM?

- MLB/MRM veitir ungu fólki og fullorðnum möguleika á að setja sig inn í málefni sem eru á döfinni og vekja áhuga þeirra;
- í MLB/MRM felast margs konar virkar leiðir í námi og tækifæri fyrir ungmenni og fullorðna til að rökræða um umdeild málefni;
- kennsla í MLB/MRM er skemmtileg. Skólastofan og námsumhverfið utan hennar ólgar af hugmyndum, skoðunum og áhuga;
- hvað er mikilvægara en að fólk í næsta nágrenni, landinu og um heim allan geti búið saman í sátt og samlyndi? MLB/MRM er menntun sem snýst um „framtíðina“ (ungmenni íhuga skipulega hvernig þau geti gert heiminn að betri stað);
- MLB/MRM gefur ungu fólki (og kennurum og öðru fullorðnu fólki) eðlileg og „raunveruleg“ tækifæri til að „láta til sín taka“ og knýja á um breytingar;
- MLB/MRM á rætur í hugmyndum um samfélagsþátttöku – nemendur og kennarar geta tekið þátt í umræðu við aðila utan skólans;
- MLB/MRM skapar svigrúm innan námskrárinnar til að gera ungu fólki kleift að kynna sér betur málefni eins og löggjöf, mannréttindi, stjórnmál og umhverfismál, sem annars myndu ekki rata í kennslustundir;
- MLB/MRM gefur tækifæri til að bregðast á jákvæðan hátt við neikvæðum öflum í þjóðfélaginu (til dæmis kynþáttafordómum, staðalmyndum fjölmiðla og ranghugmyndum um fólksflutninga í heiminum);
- MLB/MRM gerir öllum kennurum (hvert sem sérsvið þeirra er) kleift að tengja kennslu sína áríðandi málefnum – þannig verður námið merkingarbært og mikilvægt;
- MLB/MRM getur eflt kennara á tímum þegar þeir finna til vanmáttar vegna þrýstings ofan frá.

## 2.4 Viðbrögð við áskorunum við innleiðingu MLB/MRM

Teymið sem vann að þessu verkefni gerði sér engar grillur. Erfitt er að koma MLB/MRM að sem nýju efni í námskrá. Í flestum Evrópulöndum hefur sú aðferð verið reynd að flétta efnið inn í aðrar greinar sem fyrir eru, til dæmis sögu eða félagsvísindi/samfélagsgreinar.

Hér skal ekki lagður dómur á kosti og galla ólíkra aðferða hvað þetta varðar, en tekið skal fram að þverfaglegar aðferðir líta oft betur út á pappírnum en þær reynast síðan í skólastofunni sjálfri,

þar sem fræðsla um borgaravitund getur orðið einhliða, brotakennd eða villandi.[18] Árangur hefur yfirleitt ekki verið í samræmi við væntingar og þessar

> tilraunir renna smám saman út í sandinn en í staðinn koma hnitmiðaðri aðferðir: til dæmis afmarkaðri menntun um borgaravitund með skilgreindu námsefni, betur skilgreind þverfagleg og verkefnatengd kennsla, raunhæf verkefni á þessu sviði, þemadagar eða -vikur sem snúast um tiltekin málefni á sviði MLB/MRM eða frjó blanda þessara aðferða.

Kennarar eru sérfræðingar á tilteknum sviðum – til dæmis sagnfræðingar, landfræðingar og raunvísindamenn – en þeir eru einnig margt annað. Allir kennarar verða að geta íhugað grundvöll fræðigreina sinna, litið þær gagnrýnum augum, tengt þær öðrum sviðum og málefnum, svo sem borgaravitund, og íhugað félagslega nytsemi þeirra, mikilvægi og tengsl við menningu samtímans. Þannig stuðla þeir að umburðarlyndi, jafnrétti, jákvæðri afstöðu til fjölbreytileika og virðingu fyrir mannréttindum og framgangi þeirra.

18. Sjá t.d. Bolivar, *Non scholae sed vitae discimus*: *limites y problemas de la transversalidad [Takmarkanir og vandamál þverfaglegu aðferðarinnar]* *Revista de Educacion*, 309, bls. 23–65, Enero-Abril 1995.

# 3. Yfirlit yfir hæfniþættina og ritið í heild

## 3.1 Stutt lýsing á flokkun hæfniþáttanna

Eftir að hafa ráðfært okkur við ýmsa sem hlut eiga að máli – svo sem tengslanet Pestalozzi-æfingakennara, sem Evrópusambandið stendur að og í eru fjórtán aðildarlönd, verkefnisstjóra og sérfræðinga á þessu sviði – skilgreindum við samtals fimmtán hæfniþætti sem kennarar þurfa að tileinka sér til að geta kennt MLB/MRM af öryggi og á skilvirkan hátt.

Þessum fimmtán hæfniþáttum var skipt í fjóra flokka (A, B, C og D) sem samsvara spurningum og vangaveltum sem kennarar og þeir sem mennta kennara geta rekist á í kennslu sinni. Hér verður gefið stutt yfirlit yfir þessa fjóra flokka og hæfniþættina fimmtán áður en fjallað verður nánar um þá.

| Heiti flokks | Tengdar spurningar |
|---|---|
| Þekking og skilningur á MLB/MRM | Hvað getum við gert? |
| Nám og kennsla í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum: undirbúningur, bekkjarstjórnun, kennsla og mat | Hvernig getum við gert þetta? |
| Nám og kennsla í þágu MLB/MRM sem byggist á samvinnu og samfélagslegri þátttöku: MLB/MRM í verki | Með hverjum getum við gert þetta? |
| Innleiðing og mat á þátttökuaðferðum á sviði MLB/MRM | Hvernig getum við gert þetta betur? |

**1. tafla: Flokkarnir fjórir og litatáknun þeirra**

Flokkarnir voru skilgreindir með gagnsemi í huga. Þeir samsvara spurningum sem upp geta komið hjá kennurum og þeim sem mennta kennara við innleiðingu MLB/MRM í menntastofnunum:

| |
|---|
| Flokkur A: „Hvað getum við gert til að undirbúa innleiðingu MLB/MRM?“ |
| Flokkur B: „Hvernig getum við innleitt MLB/MRM í skólanum mínum?“ |
| Flokkur C: „Með hverjum getum við stuðlað að virkri borgaravitund nemenda?“ |
| Flokkur D: „Hvernig getum við bætt það sem við erum að gera/fagleg þróun sem þarf að eiga sér stað?“ |

**2. tafla: Flokkunin og spurningar sem tengjast henni**

## 3.2 Hvernig þú finnur það sem þú leitar að: skipulag bókarinnar og litatáknunin

Hver flokkur fékk sinn lit til að auðvelda lestur og leit að upplýsingum. Sama litatáknun er notuð í ritinu öllu (sjá 1. og 2. töflu).

Höfundar vildu gera bókina sem þægilegasta í notkun, aðgengilega fyrir kennarana sjálfa og einnig þá sem mennta kennara, við ýmsar aðstæður. Fyrir hvern flokk og hvern hæfniþátt notuðum við svipað (en sveigjanlegt) snið:

- í hverjum flokki (3., 4., 5. og 6. kafli): gefin er stutt lýsing á fræðilegum grunni hvers flokks með tilvísunum í rannsóknir, gögn og annað sem liggur að baki tillögum okkar;
- í hverjum hæfniþætti (kaflar 3.1 til 3.4, 4.1 til 4.4, 5.1 til 5.4 og 6.1 til 6.4) er að finna:

- stutta skilgreiningu á færniþættinum;

- dæmi um það hvernig kennarar og æfingakennarar geta sýnt með starfi sínu að þeir uppfylli hina ýmsu færniþætti;

- framvindutöflu sem gagnast kennurum og æfingakennurum við að skilgreina „hvar þeir eru staddir“ út frá þekkingu sinni og skilningi á því sem þarf til að uppfylla hæfniþáttinn og um leið, „hver næstu skref þeirra“ gætu verið.

Til viðbótar þessu hæfniþáttalíkani eru ýmsar upplýsingar í viðaukunum:

- efni ætlað öðrum hlutaðeigandi aðilum: þetta rit er ætlað kennurum og þeim sem sinna kennaramenntun en við vitum að innleiðing MLB/MRM kallar á virka þátttöku ýmissa annarra, svo sem stefnumótenda, skólastjórnenda og ýmissa aðila á sviði æðri menntunar, svo að fáeinir séu nefndir. Hér má sjá hvernig þessir aðilar geta notað hæfniþáttalíkanið sem lagt er til, þannig að þeim takist sem best að greiða götu þessarar menntunar. Framvindutöflur, svipaðar töflunum sem er að finna í köflunum um hæfniþættina, má finna hér svo að þessir aðilar geti áttað sig á „hvar þeir eru staddir“ með tilliti til hæfniþáttanna og – um leið – „hver næstu skref þeirra“ gætu verið;
- sjálfsmatsverkfæri: þetta er matskerfi sem gerir kennurum og þeim sem sinna kennaramenntun kleift að meta með kerfisbundnum hætti hvernig þeim og nemendum þeirra fer fram hvað varðar þekkingu, skilning og skipulag MLB og MRM.

## 3.3 Yfirlit yfir hæfniþættina fimmtán

| Flokkur A:<br>Þekking og skilningur á MLB/MRM | Flokkur B:<br>Undirbúningur, bekkjarstjórnun, kennsla og mat | Flokkur C:<br>MLB/MRM í verki – samvinna og samfélagsleg þátttaka | Flokkur D:<br>Innleiðing og mat á þátttökuaðferðum |
|---|---|---|---|
| Hæfniþáttur nr. 1<br>Markmið og tilgangur MLB/MRM; gildismiðuð þekking og færni sem byggist á getu til aðgerða og breytinga. | Hæfniþáttur nr. 5<br>Undirbúningur aðferða sem taka allt í senn til þekkingar á MLB/MRM, hæfileika, afstöðu, viðhorfa og gilda og hafa virkt nám og þátttöku nemenda í fyrrirúmi. | Hæfniþáttur nr. 10<br>Námsumhverfi sem gerir nemendum kleift að greina á gagnrýninn hátt pólitísk, siðferðileg, félagsleg og menningarleg málefni sem eru ofarlega á baugi og nota til þess upplýsingar úr ýmsum áttum, þar á meðal fjölmiðlum, tölfræðileg gögn og gögn af netinu. | Hæfniþáttur nr. 13<br>Mat á því hversu miklu nemendur fá ráðið um eigin mál og möguleikar þeirra á þátttöku í ákvörðunum. |
| Hæfniþáttur nr. 2<br>Helstu alþjóðasamningar og grunnreglur sem tengjast MLB/MRM og lykilhugtök á þessu sviði. | Hæfniþáttur nr. 6<br>Umfjöllun um lýðræði og mannréttindamál innan einstakra námsgreina (þverfagleg aðferð) til að auka þekkingu, færni og þátttöku og stuðla að eflingu ungra þegna í lýðræðissamfélagi. | Hæfniþáttur nr. 11<br>Samstarf við hlutaðeigandi aðila (svo sem fjölskyldur, félagasamtök, fulltrúa sveitarfélaga og stjórnmálamenn) um ýmiss konar tækifæri fyrir nemendur til að eiga hlut að málum sem snerta lýðræðislega borgaravitund í samfélaginu. | Hæfniþáttur nr. 14<br>Gott fordæmi um jákvæð gildi, viðhorf og afstöðu sem ætlast er til að ungmenni tileinki sér og lýðræðisleg kennsluaðferð þar sem nemendur taka þátt í undirbúningi og útfærslu námsins. |
| Hæfniþáttur nr. 3<br>Innihald námsefnisins í pólitísku og lagalegu; félagslegu og menningarlegu; efnahagslegu og evrópsku og alþjóðlegu samhengi. | Hæfniþáttur nr. 7<br>Setning skýrra grunnreglna og sköpun góðs anda þar sem ríkir traust, hreinskilni og gagnkvæm virðing. Farið er að grunnreglum MLB/MRM í bekkjar- og hegðunarstjórnun til að tryggja góðan skólaanda. | Hæfniþáttur nr. 12<br>Stefna sem ræðst gegn öllum myndum fordóma og mismununar og vinnur gegn kynþáttahyggju. | Hæfniþáttur nr. 15<br>Tækifæri og vilji til að endurskoða, fylgjast með og meta kennsluaðferðir og nám nemenda og notkun þessa mats í framtíðaráætlunum og við faglega þróun. |
| Hæfniþáttur nr. 4<br>Innleiðing MLB/MRM í ýmiss konar samhengi: með þverfaglegum aðferðum; í skólamenningunni og með þátttöku samfélagsins | Hæfniþáttur nr. 8<br>Ýmsar kennslustefnur og aðferðir – þar á meðal gott vald á spurningum út í bekkinn – til að þróa umræðufærni nemenda, einkum um viðkvæm og umdeild mál. | | |
| | Hæfniþáttur nr. 9<br>Notkun ýmissa matsaðferða (þar á meðal sjálfsmats og jafningjamats nemenda) til að upplýsa nemendur um og fagna framförum þeirra og árangri í náminu. | | |

**3. tafla: Yfirlit yfir færniþætti á sviði MLB/MRM**

# 4. Flokkur A: Þekking og skilningur á MLB/MRM

Þessi flokkur hæfniþátta snýst um að átta sig á um hvað MLB/MRM er og að byggja upp trausta þekkingu kennara til að tryggja að nemendum sé kennt með skýra stefnu í huga. Hann tengist spurningunni „hvað getum við gert?“ til að innleiða mannréttindi og lýðræði í skólastofunni, skólanum og samfélaginu. Kennarar leita svara við sumum eftirfarandi spurninga:

- Hvað telst vera nauðsynleg þekking á MLB/MRM og hverjar eru grunnreglurnar?
- Hver eru helstu hugtökin?
- Hvaða færni, gildi, viðhorfum og afstöðu reyna kennarar að stuðla að þegar þeir undirbúa kennslustundir og viðfangsefni í MLB/MRM?
- Hvernig er hægt að skipta námsefninu í viðráðanlegar einingar þannig að það falli sem best inn í námskrá og starf skólans?

## 4.1 Stutt yfirlit og fræðileg undirstaða

Allir kennarar þurfa að öðlast og sýna trausta þekkingu og skilning á eftirfarandi þáttum:

**Hæfniþáttur nr. 1: markmið og tilgangur MLB/MRM**

Að skilja hvað MLB/MRM hefur sérstaklega fram að færa og miðar að því að efla gildismiðaða þekkingu og færni sem byggist á athöfnum og breytingum, eflir ungmenni og stuðlar að félagslegu réttlæti og frelsi.

**Hæfniþáttur nr. 2: helstu alþjóðasamningar og grunnreglur sem tengjast MLB/MRM**

Þekking á þeim römmum sem Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa þróað í alþjóðlegu samstarfi um grunnreglur og lykilhugtök sem snerta lýðræði og mannréttindi; þáttur þeirra í stefnumálum landsins, nærsamfélagsins og skólans og faglegu hlutverki kennarans í kennslustofunni og utan hennar.

**Hæfniþáttur nr. 3: innihald námsefnis og náms- og kennsluáætlana á sviði MLB/MRM**

Þekking á eftirfarandi fjórum sviðum sem tengjast innbyrðis: hinu pólitíska og lagalega sviði; hinu félagslega og menningarlega sviði; hinu efnahagslega sviði og hinu evrópska og alþjóðlega sviði. Kennarar verða að geta eflt þekkingu nemenda á sviði borgaravitundar, færni þeirra, viðhorf, gildi og afstöðu, svo að þeir verði færir um virka þátttöku og þeir þurfa að geta tengt saman þessa ýmsu þætti námsins.

**Hæfniþáttur nr. 4: innleiðing MLB/MRM í ýmsu samhengi**

Að geta litið á MLB/MRM sem sérstaka námsgrein; lið í þverfaglegri aðferð og grundvallarþátt í skólamenningunni allri og áhersla á þátttöku nemenda í samfélaginu og tengsl þeirra við það.

**4. tafla: Flokkur A – Þekking og skilningur á MLB/MRM**

### Fræðileg undirstaða

Að undanförnu hafa fræðimenn um heim allan á sviði menntunar lagt áherslu á það markmið að efla þekkingu á borgararéttindum og samfélagsþátttöku. IEA (International Association for the

Evaluation of Educational Achievement) ályktaði til dæmis þannig: „Nemendur í flestum löndum vita hver helstu gildi og stofnanir lýðræðisins eru – en skilningurinn ... ristir oft grunnt.“[19]

Ian Davies hefur mælt með heildstæðri sýn á slíka þekkingu þannig að ekki sé eingöngu um að ræða safn þekktra staðreynda, heldur djúpan skilning á hugtakarömmum og tengslamynstrum og hæfni sem þarf til að afhjúpa merkingu.[20] Hann kannaði eðli þekkingar og skilnings á MLB/MRM út frá kennaramenntun og studdist við kenningar fræðimanna eins og Shulmans[21] og McNamara.[22] Þessir fræðimenn lögðu ríka áherslu á mikilvægi þess að setja efnið þannig fram að það yrði skiljanlegt öðrum, einkum börnum og ungmennum, til dæmis með myndefni, dæmum og útskýringum. Lykillinn er það sem kalla mætti „heimfæranlega“ þekkingu á efninu.

Þekking og skilningur á lykilefni, hugtökum, gildum og reglum MLB/MRM skiptir máli. Kennarar sem eru vel að sér um tiltekið efni eru líklegir til að vekja meiri áhuga en aðrir, vera virkari og fara út á nýjar brautir í kennslu sinni. Þeir eru líklegri en aðrir til að hafa góða skipan á einstökum fyrirlestrum og námslotum. Þá eru þeir færir um að búa til og velja náms- og kennsluaðferðir og -athafnir sem stuðla að góðum skilningi og hæfni nemandans. Ef kennarar eru aðeins með takmarkaða þekkingu á hugtökum og grunnreglum á þessu sviði er hætt við að þeir verði tregir til að láta nemendur glíma við flóknar hliðar mála og kennslan verði einhliða, nemendur forðist að taka þátt og spyrja spurninga, þannig að ekki takist að tengja námið því sem þeir hafa áður lært.

Markmið og tilgangur MLB/MRM geta verið róttæk. Sagt hefur verið að markmiðið sé „að breyta stjórnmálamenningunni“.[23] Ungt fólk þarf að skilja hvað lýðræðisleg borgaravitund er; það þarf að vera þokkalega vel læst til að geta skilið pólitísk ferli og einnig til að geta tekið upplýstar ákvarðanir sem snerta ýmsar hliðar borgaravitundar. Kennarar þurfa því að efla ýmiss konar „læsi“ sem tengist borgaravitund[24] í starfi sínu með nemendum. Við greinum milli fjögurra tegunda „læsis“: pólitísks og lagalegs; félagslegs og menningarlegs; efnahagslegs og evrópsks og alþjóðlegs:

- Pólitískt og lagalegt læsi vísar til pólitískra réttinda og skyldna gagnvart stjórnmálakerfinu og réttarríkinu. Í skilningi á hinu pólitíska/lagalega sviði felst þekking og skilningur á alþjóðlegum reglum að baki MLB/MRM, sem byggist á hinni sögulegu hugmynd um jafnt virði og göfgi allra manna óháð kyni, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum eða félagslegum og efnahagslegum bakgrunni.[25] Kennarar þurfa að læra um mannréttindi og kerfi sem beitt er til að verja þau og þeir þurfa að öðlast hæfni til að beita þeim daglega í verki. Nemendur þurfa að geta ígrundað gildi, þróað með sér viðhorf og brugðist við til að verja og styðja mannréttindi. Þetta kann að þykja „þung“ og þurr þekking fyrir kennara að afla sér en raunar er þekkingin sem „heimfæra“ þarf í skólastofunni ekki svo viðamikil; ung börn eru til dæmis móttækileg fyrir verkefnum sem snúast um langanir og þarfir eða réttindi og skyldur.

19. Í Torney-Purta, J. o.fl., *Citizenship education in twenty-eight countries: civic knowledge and engagement at age fourteen*, IEA Secretariat, Amsterdam, 2001.
20. Davies, I., „What subject knowledge is needed to teach citizenship education and how can it be promoted? A discussion document for consideration by initial teacher education tutors“, 2003, Citized-vefsvæðið: www.citized.info.
21. Schulman, L., „Those who understand: knowledge growth in teaching“, *Educational Researcher*, 15, bls. 4–14, 1986.
22. McNamara, D., „Subject knowledge and its application: problems and possibilities for teacher educators“, *Journal of Education for Teaching*, 17 (2), bls. 113–128, 1991.
23. Í Crick, B., *Education for citizenship and the teaching of democracy in schools*, Crick report, QCA, 1998.
24. Í Reece, P. og Blackall, D., „Making news: literacy for citizenship“, http://makingnewstoday.uow.edu.au (mars 2008). Vitnað er í Habermas J., *The theory of communicative action*, Volume 1, Cambridge, UK: Polity Press, 1984, Habermas, J., *The theory of communicative action*, Volume 2, Cambridge, UK: Polity Press, 1987, Luke, A., Muspratt, S., & Freebody, P. (ritstj.), *Constructing critical literacies: teaching and learning textual practice*, Cresskill NJ: Hampton Press, 1997.
25. Grundvallartextar eru t.d.: Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (1948) og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (1989); Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þar sem lýst er algildum, óafsalanlegum og ódeilanlegum mannréttindum og frelsi, sem gerður var lagalega bindandi fyrir aðildarríkin, og Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu) (1950).

- Félagslegt og menningarlegt læsi vísar til venslanna milli einstaklinga í þjóðfélaginu; svo sem gilda sem eru þeim sameiginleg, sameiginlegrar heimssýnar og hvernig þeir skipa málum þannig að þeir geti lifað saman. Kennarar þurfa að þekkja lykilhugtök, svo sem félagslegan fjölbreytileika, síbreytilegt eðli menningar og sjálfsmyndar o.s.frv. Þeir þurfa að ígrunda félagsleg gildi og efla þvermenningarlega hæfni, félagsleg viðhorf og færni sem spornar gegn félagslegri aðgreiningu, mismunun og kynþáttafordómum.
- Efnahagslegt læsi vísar til venslanna milli einstaklinga/hópa og efnahagsástandsins í þjóðfélaginu (atvinnu- og neytendamarkaðar, félagslegrar verndar, lágmarkslauna, kaupmáttar o.s.frv.). Kennarar þurfa að vita og skilja hvernig hagkerfið virkar, þar á meðal hvert er hlutverk viðskipta og fyrirtækja og fjármálaþjónustu; þekkja réttindi og ábyrgð neytenda; tengsl starfsmanna/atvinnurekenda og átta sig á áhrifum siðferðilegrar neyslustefnu. Þeir þurfa að láta nemendur velta fyrir sér mannréttindum, svo sem réttinum á starfi og boðlegum lífskjörum.
- Evrópskt og alþjóðlegt læsi eða „alþjóðleg borgarvitund" gæti fljótt á litið virst vera sitt hvað. Það vísar til viðurkenningar á og stuðnings við alþjóðlega samvirkni og til málefna sem tengjast sjálfbærni og umhyggju fyrir komandi kynslóðum. Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir einingu og fjölbreytileika evrópskra þjóðfélaga, átta sig á því að heimurinn er alþjóðlegt samfélag og gera sér ljós þau pólitísku, efnahagslegu, umhverfislegu og félagslegu áhrif sem það hefur. Þeir þurfa að geta aðstoðað nemendur við að átta sig á hvað felst í slíkri samvirkni með því að setja málin í kunnuglegt samhengi fyrir börn og unglinga.

Í flestum aðildarríkjum Evrópuráðsins er litið á MLB/MRM sem grunnþátt í námskrármarkmiðum grunnskóla og framhaldsskóla, almennt menntunarmarkmið sem hægt er að útfæra með margvíslegum hætti alls staðar í námskránni og almennt í skólakerfinu. Hvernig MLB/MRM er komið fyrir í námskránni getur þó verið mjög mismunandi frá einu menntakerfi til annars – eftir því hvaða hefðir og hugmyndir eru ríkjandi á þessu sviði, menntunarstiginu o.s.frv. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins (2002)12 um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar kemur skýrt fram að á öllum stigum og brautum menntakerfisins skuli innleiða MLB/MRM í námskrána, ýmist sem sérstaka námsgrein, samþætta öðru námsefni eða sem þverfaglegt þema. Í tilmælunum er lögð áhersla á nauðsyn þverfaglegra aðferða til að auðvelda fólki að afla sér þeirrar þekkingar, viðhorfa og hæfni sem það þarf á að halda til að geta lifað saman í lýðræðislegu fjölhyggjuþjóðfélagi.

Aldur nemenda, menntunarstigið og skipulag námskrár í viðkomandi landi ræður því hvort boðið er upp á MLB/MRM:

- sem sérstaka og sjálfstæða námsgrein, sem getur verið annaðhvort skyldubundin eða valfrjáls;
- sem samþætt námsefni með einni eða fleiri námsgreinum (oft saga, félagsfræði/samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, siðfræði, heimspeki, landafræði og tungumál);
- eða sem þverfaglega menntahugsun eða grunnreglu, þannig að sjónarmið MLB/MRM birtist óbeint eða beint í öllum greinum námskrárinnar og á öllum stigum menntunar, bæði innan skóla og utan.

Hættan sem fylgir síðasttöldu aðferðinni er sú að eigi stefna eða hugsun að ríkja alls staðar, gegnsýra alla námskrána, getur endirinn orðið sá að hún finnist hvergi. Þegar eitthvert svið er á ábyrgð allra getur farið svo að enginn telji sig bera ábyrgð á því.

Mikilvægt er að árétta að þessar ólíku aðferðir útiloka ekki hver aðra heldur geta í rauninni bætt hver aðra upp.

## 4.2 Hæfniþáttur nr. 1

**Hæfniþáttur nr. 1: markmið og tilgangur MLB/MRM**

Að skilja hvað MLB/MRM hefur sérstaklega fram að færa og miðar að því að auka gildismiðaða þekkingu og færni sem byggist á getu til aðgerða og breytinga, eflir ungmenni, eykur félagslegt réttlæti og stuðlar að frelsi.

### 4.2.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

- vita í hverju þekking og skilningur á MLB/MRM felst. Í flestu kennaranámi, í flestum löndum og námsgreinum, eru kennarar látnir kanna eðli, heimspeki og tilgang menntunar og framhaldsskólakennarar eðli og tilgang sérgreinar sinnar. Þetta er sérlega mikilvægt þegar kemur að MLB/MRM þar sem fæstir kennarar hafa, eins og er, kynnst greininni sjálfir í skóla eða í æðri menntastofnunum.
- eru færir um að miðla þeim áhugaverðu þáttum sem felast í vandaðri og virkri kennslu á þessu sviði.

Þetta kallar á námsáætlanir sem gefa til dæmis svigrúm til að íhuga:

- hvers vegna MLB/MRM hefur öðlast aukið vægi í nútímaþjóðfélagi;
- hvaða hlutverki skólar og kennarar geta gegnt í slíkri þróun;
- eðli ýmissa skilgreininga sem tengjast MLB/MRM og hafa áhrif á hvað fjallað er um og val á kennslu- og námsaðferðum;
- tækifærin og áskoranirnar sem felast í MLB/MRM (hvað einkennir þessa menntun sérstaklega?);
- að hvaða þekkingu, tungutaki, hæfni, gildum, viðhorfum og afstöðu reynt er að stuðla með MLB/MRM;
- lykilhugtök sem tengjast MLB/MRM;
- það sem rannsóknir í tengslum við MLB/MRM – hérlendis, í Evrópu og á alþjóðavísu – segja okkur.

## 4.2.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 1: markmið og tilgangur MLB/MRM | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú veist lítið um MLB/MRM, mikilvægi slíkrar menntunar, markmiðin eða tilganginn. Þú hefur lítinn skilning á því í hverju mismunandi „læsi“ sem tengist borgaravitund felst og hvernig skólar geta þróað það.* | Reyndu þetta:<br><br>• kynntu þér helstu þætti MLB/MRM, markmiðin og tilganginn;<br>• gerðu þér skýra mynd af því mismunandi „læsi“ sem felst í MLB/MRM;<br>• veltu fyrir þér kennslusviði þínu og finndu þar fagleg tengsl við MLB/MRM;<br>• finndu út hvers konar „læsi“ væri hægt að þróa með kennslu námsgreinar þinnar og námsefnis sem henni tengist;<br>• leitaðu að upplýsingum um góða starfshætti kennara í nágrenninu, hérlendis og í Evrópu við útfærslu MLB/MRM í bekkjarkennslu;<br>• farðu að hugsa út leiðir til að fella inn í kennslu þína gildismiðaða þekkingu á MLB/MRM og færni sem byggist á getu til aðgerða og breytinga. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú þekkir grunnþætti MLB/MRM og hefur fræðilega þekkingu á útfærslunni í menntakerfinu og stefnu stjórnvalda en samt kemur þú þessu efni sjaldan að í kennslu þinni.* | Reyndu þetta:<br><br>• skoðaðu námskrána með það fyrir augum að finna álitleg efnissvið og þemu þar sem þú gætir fellt MLB/MRM inn í kennsluna;<br>• settu þér nokkur markmið til skamms og lengri tíma um að finna MLB/MRM stað í námsefninu og/eða námsgreininni sem þú kennir;<br>• finndu í kennsluáætlun heppilegar einingar þar sem þú getur eflt gildismiðaða þekkingu og færni sem byggist á getu til aðgerða og breytinga;<br>• finndu út hvaða kennslu- og námsaðferðir best er að nota til að stuðla að þekkingu, hæfni og leikni á þessu sviði;<br>• undirbúðu og kenndu nokkrar kennslustundir í MLB/MRM. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú hefur undirbúið kennslustundir í MLB/MRM fyrir bekkina þína og ert að verða öruggari hvað varðar þekkingu á þessu sviði og rök fyrir slíkri menntun. Þú treystir þér þó illa til að fjalla um flókin vandamál og hugtök og beita áræðnari og „opnari“ kennsluaðferðum. Þú ert efins um árangur og áhrif af kennslu þinni.* | Reyndu þetta:<br><br>• lýstu markmiðum þínum skýrt og skilmerkilega fyrir nemendum þegar þú fellir MLB/MRM inn í kennsluna;<br>• ákvarðaðu hvers konar „læsi“ þú ætlar að stuðla að í hvert sinn;<br>• gerðu ráð fyrir endurgjöf í tengslum við árangurinn af kennslunni (skilgreindu til dæmis árangursviðmið verkefna fyrir fram);<br>• greindu og ígrundaðu eftir hvern tíma hvað nemendur hafa lært og gerðu úrbætur ef þarf;<br>• veltu aftur fyrir þér hvers konar „læsi“ skuli stuðlað að í kennslunni. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Þú hefur öðlast góða fræðilega þekkingu og hagnýta færni til að kenna MLB/MRM á þínu sérsviði. Þú áttar þig á því hvernig nemendur þróa með sér mismunandi „læsi“ út frá kennslunni. Þú ert fær um að meta framfarir þeirra á þessu sviði.* | Reyndu þetta:<br><br>• leyfðu kennurum í öðrum greinum að njóta góðs af reynslu þinni og þekkingu;<br>• finndu samstarfsaðila í samfélaginu sem geta aðstoðað þig við að þróa markmið þín og undirbúðu verkefni á sviði MLB/MRM með nemendum þínum;<br>• hjálpaðu til við að þróa MLB/MRM sem heildarstefnu skólans og þátt í skólaandanum. |

## 4.3 Hæfniþáttur nr. 2

**Hæfniþáttur nr. 2: alþjóðlegir lykilsamningar og grunnreglur sem tengjast MLB/MRM**

Þekking á þeim römmum sem Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa þróað í alþjóðlegu samstarfi um grunnreglur og lykilhugtök sem snerta lýðræði og mannréttindi; þáttur þeirra í stefnumálum landsins, nærsamfélagsins og skólans og faglegu hlutverki kennarans í kennslustofunni og utan hennar.

### 4.3.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt geta til dæmis sýnt að þeir séu færir um að skoða með gagnrýnum huga sum eftirfarandi vandamál og spurningar:

- ➜ Hvaða grunnhugmyndir og -gildi liggja að baki samskiptum ríkja á alþjóðavísu og í Evrópu?
- ➜ Hvernig virkar hið alþjóðlega og evrópska kerfi sem styður og vinnur að framgangi MLB/MRM? Hvers eðlis eru alþjóðlegar og evrópskar skuldbindingar varðandi algildar grunnreglur um mannréttindi? Hver er munurinn á lagalega bindandi og siðferðilega eða pólitískt bindandi samningum?
- ➜ Hvert er einkum hlutverk alþjóðlegra og evrópskra samtaka, ríkis- og sveitarstjórna og stofnana á þeirra vegum þegar kemur að því að uppfylla alþjóðlegar og evrópskar skuldbindingar?
- ➜ Hver eru hin alþjóðlegu og evrópsku lykilgildi, -reglur og -kerfi sem tengjast MLB/MRM, þar á meðal þau sem stofnað hefur verið til af hálfu Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)? Hvernig varð þetta til? Hvað er líkt og ólíkt með þeim með tilliti til lykilhugtaka og aðferðafræði? Hvernig tengjast hin ýmsu hugtök?
- ➜ Hvernig tengjast alþjóðleg og evrópsk stefnumið og grunnreglur á sviði MLB/MRM breytingum í menntamálum innan landa, sveitarfélaga og stofnana, þar á meðal breytingum á kennaranámi?
- ➜ Hvert er hlutverk stefnumótenda á vettvangi ríkis og sveitarstjórna, kennaramenntunarstofnana, rannsóknarstofnana, menntastofnana, félagasamtaka og einstaklinga við að styðja alþjóðlega viðurkennd markmið og gildi sem tengjast MLB/MRM? Hvers vegna gegna einstaklingar lykilhlutverki við að efla framgang alþjóðlegra og evrópskra gilda og grunnreglna?
- ➜ Hvernig geta kennarar stuðlað að kynningu alþjóðlegra grunnreglna og samninga á sviði MLB/MRM í skólum sínum og bekkjum?
- ➜ Hver er ávinningurinn og hvað hindrar framgang alþjóðlegra grunnreglna og samninga á sviði MLB/MRM? Hvernig verður þessum háleitu markmiðum náð með alþjóðlegri og evrópskri samvinnu?

## 4.3.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 2: alþjóðlegir lykilsamningar og grunnreglur sem tengjast MLB/MRM | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú veist lítið um alþjóðlegt samhengi grunnreglna, stefnumiða og venja á sviði MLB/MRM. Raunar virðist þér þetta allt vera heldur yfirþyrmandi, sértækt og þurrt. Þú áttar þig ekki á sérstökum hlutverkum alþjóðlegra og evrópskra stofnana. Grunnreglur SÞ og Evrópusáttmálar virðast liggja fjarri þínu daglega starfi í skólastofunni.* | Reyndu þetta:<br><br>• kynntu þér aðgengileg ágrip helstu alþjóðlegu samninganna á þessu sviði – Mannréttindayfirlýsingar SÞ, Barnasáttmála SÞ og Mannréttindasáttmála Evrópu. Samningarnir skarast víða. Finndu tíu helstu grunnreglurnar sem þú telur að tengist hlutverki þínu sem kennara;<br>• leitaðu þér upplýsinga og reyndu, ef þú getur, að afla þér einhverrar þjálfunar á þessu sviði. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú veist að til eru alþjóðlegir samningar og grunnreglur sem tengjast MLB/MRM og hefur fræðilega þekkingu á því hvernig hægt er að vinna að framgangi þeirra með stefnu stjórnvalda og skóla en samt kemur þú þessu sjaldan að í kennslu þinni.* | Reyndu þetta:<br><br>• kannaðu hvernig þeir sem móta stefnu landsins og nærsamfélags þíns hafa leitast við að hrinda alþjóðlegum markmiðum og gildum sem tengjast MLB/MRM í framkvæmd á sviðum sem tengjast starfi þínu. Hvar getur þú séð þessu stað í námskrám og námsefni?<br>• finndu nokkur bekkjarverkefni sem hæfa aldri nemenda þinna og nota má til að kanna málefni sem snúast um réttindi og skyldur. Evrópuráðið og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hafa útbúið frábært fræðsluefni um þetta í mörgum aðildarríkjum ráðsins;<br>• finndu kvikmyndir og/eða kvikmyndastiklur sem geta varpað ljósi á stefnumið og grunnreglur MLB/MRM. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú hefur öðlast aukið öryggi hvað snertir þekkingu á og rök fyrir MLB/MRM. Kennsla þín hefur aukna alþjóðlega skírskotun og verður æ alþjóðasinnaðri. Þú áttar þig á mannréttindagrundvelli þessarar menntunar. Samt sem áður ertu dálítið hikandi við Evrópusamhengið í kennslu þinni og kennsluhættir þínir miðast enn fyrst og fremst við skólastofuna.* | Reyndu þetta:<br><br>• leitaðu að samstarfsmönnum og bandamönnum utan skólans, til dæmis hjá félagasamtökum sem sinna þróunarstarfi eða samtökum eins og Amnesty International og UNICEF, til að aðstoða þig við að láta nemendur kafa dýpra í málefni sem tengjast mannréttindum;<br>• íhugaðu möguleika á samstarfsneti skóla – þú gætir kannað leiðir til að gera þetta og, í aðildarríkjum ESB, fundið leiðir til fjármögnunar með hjálp Comenius-áætlunarinnar;<br>• íhugaðu að fá einn árgang eða allan skólann til að taka þátt í svokölluðum Evrópudögum. Þátttaka nemenda í ýmiss konar hagnýtum og hvetjandi athöfnum sem tengjast slíkum dögum mun auka skilning þeirra á evrópskri menningu og málefnum (t.d. geta bekkir kannað hver sitt land, útbúið kynningar og sett upp sýningarbása sem hluta af Evrópskum útimarkaði). |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Með bekkjarkennslu þinni og víðari alþjóðlegri sýn er þér að takast að þróa djúpstæða alþjóðlega borgaravitund hjá nemendum þínum. Þekking á alþjóðlegum samningum sem tengjast MLB/MRM hefur stuðlað að aukinni víðsýni innan skólans.* | Reyndu þetta:<br><br>• taktu þátt í alþjóðlegum framtaksverkefnum sem gera ungmennum kleift að vinna saman óháð landamærum;<br>• finndu samstarfsaðila í samfélaginu til að aðstoða þig við að útfæra markmið þín;<br>• fáðu allt starfsfólkið og skólastjórnendur með í þessi framtaksverkefni;<br>• haltu áfram að reyna að stuðla að meiri samfellu og betri framvindu innan námskrár skólans að því er varðar evrópsk og alþjóðleg málefni. Íhugaðu hvernig endurtaka mætti þemu þannig að þau yrðu meira krefjandi ár frá ári. |

## 4.4 Hæfniþáttur nr. 3

**Hæfniþáttur nr. 3: innihald námsefnis og náms- og kennsluáætlana á sviði MLB/MRM**

Þekking á eftirfarandi fjórum sviðum sem tengjast innbyrðis: hinu pólitíska og lagalega sviði; hinu félagslega og menningarlega sviði; hinu efnahagslega sviði og hinu evrópska og alþjóðlega sviði. Kennarar verða að geta eflt þekkingu nemenda á sviði borgaravitundar, hæfni þeirra, viðhorf, gildi og afstöðu svo að þeir verði færir um virka þátttöku, og þeir þurfa að geta tengt saman þessa mismunandi þætti námsins

### 4.4.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

➜ átta sig á því hvernig þekking og skilningur á MLB/MRM hefur áhrif á þeirra eigin kennsluhætti. Þetta getur til dæmis falist í því að sýna skilning á hugtökum og færni í MLB/MRM og vita hvað algengast er að nemendur misskilji og þeim mistakist;

➜ kennararnir sýna einnig að þeir geti sett upplýsingar skýrt fram, geti t.d. lýst innihaldi og markmiðum, gefið skýrt til kynna þegar vikið er að öðru efni og tekið saman lykilatriði eftir því sem kennslustundinni vindur fram. Þeir geta kynnt efni skilmerkilega út frá tilteknum lykilhugmyndum, notað viðeigandi orðaforða og varpað fram gagnlegum spurningum sem fara saman við gang kennslustundarinnar;

➜ gera sér grein fyrir hugsanagangi nemenda og hvernig líklegt er að framfarir þeirra verði hvað varðar þekkingu, hæfni og þátttöku í MLB/MRM. Þeir styðja nám nemenda með skýrri hugmynd um stefnuna og gæta þess í senn að byggja á því sem nemendur hafa áður lært og að leggja grunn að framtíðarnámi þeirra og árangri. Þeir þurfa að geta skilgreint mismunandi þætti náms, sem eru til dæmis:

➜ þekking og lykilhugtök: hugtökin lýðræði og borgaravitund; borgaraleg réttindi þegnanna og skyldur (þar á meðal Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi); mannréttindi; pólitískt læsi; réttarríkið; félagslegur og menningarlegur fjölbreytileiki og sjálfsmyndir; sjálfbær þróun; hnattræn samvirkni; efnahagsleg öfl sem eru að verki í nærsamfélaginu, landinu og heiminum öllum; siðleg neyslustefna og þátttaka, samstaða og félagsleg samheldni;

- hæfni: gagnrýnin hugsun; að kunna að spyrja; lausn vandamála; teymisvinna; áætlanagerð og ákvarðanataka; notkun upplýsinga- og samskiptatækni við rannsóknir og til samskipta; að geta sett sig í spor annarra; að geta fært rök fyrir skoðunum og ákvörðunum; þátttaka í rökræðum; ákveðni; lausn ágreinings; skrifleg og munnleg skoðanaskipti; endurskoðun og ígrundun eigin athafna;
- viðhorf og afstaða: virðing fyrir félagslegum og menningarlegum mun og arfleifð; skilningur á því að réttindi og skyldur þegnanna fylgjast að; að geta unnið með öðrum; víðsýni; sannsögli; umburðarlyndi; samkennd; virðing fyrir menningarlegum fjölbreytileika og félagslegu réttlæti, andstaða gegn kynþáttafordómum; vilji til að leysa ágreining friðsamlega; vilji til sjálfboðastarfa í þágu samfélagsins;
- gildi; mannréttindi (virðing fyrir mannlegri reisn, skylda til að halda fram rétti annarra); virðing fyrir lýðræðislegum gildum og hefðum – þar á meðal réttarríkinu, pólitískri fjölhyggju, lýðræðislegu frelsi og hugmyndum um jafnrétti; umhyggja fyrir komandi kynslóðum ; stuðningur við frið/ofbeldisleysi, heiðarleika og jöfnuð og viðurkenning á mikilvægi þátttöku og virkrar borgaravitundar;

➜ virk þátttaka: að grípa til upplýstra og ábyrgra aðgerða eins og hentar aðstæðum; kosningaþátttaka; kynningarstarf, hagsmunagæsla, herferðir og barátta fyrir málstað.

## 4.4.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 3: innihald námsefnis og náms- og kennsluáætlana á sviði MLB/MRM | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú hefur takmarkaðan skilning á MLB/MRM hvað varðar innihald, vægi og metnað. Ákvæði um þetta efni í námskrá eru óljós og brotakennd. Þú skilur ekki hvernig þessi fræðsla getur hugsanlega tengst öðrum námsgreinum. Þú hefur ekki velt mikið fyrir þér lýðræðislegum gildum í menntun.* | Reyndu þetta:<br><br>• finndu tækifæri til að sjá hvernig vel er staðið að MLB/MRM, svo að þú fáir góða ástæðu til að gefa slíku meira vægi í kennslu þinni. Með því að kynna þér gott starf, hafa samband við áhugasama kennara eða sérfræðinga utan skólans eða heimsækja aðra skóla færð þú tilfinningu fyrir þeirri „sýn“ sem slíkt nám veitir;<br>• finndu eitt svið þar sem þig skortir staðgóða efnislega þekkingu en möguleikar eru á að útbúa nýjar kennsluáætlanir. Ræddu um þessar áætlanir við aðra kennara. Fáðu að sjá annan og reyndari kennara kenna svipað efni. Kenndu efnið og veltu fyrir þér hvernig til tókst;<br>• þegar þú hefur undirbúninginn þarftu að hafa hugfast að hæfnin og sjálf ferlin við mótun MLB/MRM eru jafn mikilvæg og þekkingin. Leggðu sérstaka áherslu á námsferlin við undirbúning kennslustundanna. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú ert farin(n) að kenna nokkra þætti MLB/MRM í bekknum þínum eða sérgrein þinni. Þú notar aðallega útgefnar heimildir eða námsbækur en þróar ekki eigið námsefni. Enn eru „göt“ í þekkingu þinni á efninu – til dæmis hikar þú við að fjalla um pólitísk vandamál og hugtök. Þú hefur lært heilmikið en ert enn að fikra þig áfram með að hrinda kenningunni í framkvæmd.* | Reyndu þetta:<br><br>• farðu að safna að þér gögnum úr fjölmiðlum – úrklippum úr dagblöðum eða brotum úr fréttum þar sem má finna dæmi um málefni sem tengjast MLB/MRM, spurningar og hugtök. Þannig eflir þú þekkingu þína og sjálfstraust og nemendur munu taka þessu efni vel;<br>• skoðaðu með gagnrýnum augum kennslubækurnar sem þú notar. Hvað virkar og/eða höfðar til nemenda? Má finna einhver önnur gögn á netinu sem styðjast mætti við – frá frjálsum félagasamtökum, líknarfélögum eða faggreinafélögum? Veltu fyrir þér hvernig þú getir gert þetta nám merkingarbært, minnisstætt og mikilvægt fyrir nemendur;<br>• veldu eitt lykilhugtak – svo sem lýðræði, jafnrétti, frelsi eða sanngirni – og undirbúðu kennslustund eða röð kennslustunda sem gerir nemendum kleift að dýpka skilning sinn á þessum hugmyndum. Beittu hugtakinu á málefni sem vekur áhuga nemenda. Rétt eins og þér þykir þeim kannski leiðinlegt að fjalla um pólitísk kerfi og stofnanir – gáðu hvort þeir eru sama sinnis varðandi pólitísk málefni. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú treystir þér vel í kennslu eigin námsgreinar. Þeim atriðum fer fækkandi sem þú treystir þér ekki til að fjalla um. Þú lítur ekki eingöngu á það sem hlutverk þitt að miðla þekkingu og hæfni í MLM/MRM til nemenda, heldur einnig gildum. Áætluninni um MLB/MRM miðar vel áfram alls staðar í skólanum, þar á meðal innan námsgreina.* | Reyndu þetta:<br><br>• íhugaðu vandlega hvernig þú getir aukið hæfni nemenda með því að undirbúa verkefni á þessu sviði – til dæmis aukið og dýpkað rannsóknarfærni þeirra og nákvæmni í vinnubrögðum; einbeitt þér að þróun hópvinnu eða samvinnunáms eða aðstoðað nemendur við að færa rök fyrir skoðunum sínum með skýrari og betur sannfærandi hætti;<br>• nýttu netið betur til að styðja námið, ekki eingöngu til að kanna mál, heldur einnig til samskipta og til að setja upplýsingar fram á enn áhrifaríkari hátt;<br>• veltu fyrir þér hvernig þú getir beitt þekkingu þinni á því hvernig nám fer fram við að kenna þetta námsefni. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Þú gerir þér grein fyrir gildi þess að leyfa nemendum að taka þátt í upplýstum ákvörðunum um nám sitt. MLB/MRM ber reglulega á góma á námsgreinafundum og almennum skólafundum. Þú verður æ hæfari til að efla hæfni nemenda á ólíkum sviðum.* | Reyndu þetta:<br><br>• þú áttar þig á því lykilatriði mannréttinda- og lýðræðismenntunar að með henni er unnt að fá nemendur til að fjalla um raunveruleg vandamál og vekja með þeim einhvers konar „hvöt til breytinga“ (sjá hæfniþátt nr. 11). Reyndu sjálf(ur) að gera meira til að stuðla að virkri þátttöku í samfélaginu. Hvernig gætu aðilar úti í samfélaginu stutt nemendur þína með framlagi í kennslustundum?<br>• haltu áfram að beita færni þinni í að spyrja spurninga til að fá fram afstöðu nemenda í málum sem tengjast MLB/MRM. Fáðu aðra kennara til að fylgjast með kennslu þinni og veita þér þannig jafningjastuðning og stuðla að áframhaldandi þróun þinni í starfi;<br>• deildu reynslu þinni með öðrum skólum – íhugaðu möguleika á tengslaneti skóla – annaðhvort innanlands eða milli landa. |

## 4.5 Hæfniþáttur nr. 4

**Hæfniþáttur nr. 4: innleiðing MLB/MRM í ýmiss konar samhengi**

Að geta litið á MLB/MRM sem sérstaka skólanámsgrein; lið í þverfaglegri aðferð; grundvallarþátt í skólamenningunni og átta sig á mikilvægi þátttöku nemenda í samfélaginu og að þeir séu í tengslum við það.

### 4.5.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

- ➜ Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:
- ➜ hafa skilning á því sem kalla má lykilþættina þrjá og geta gefið dæmi byggð á eigin reynslu: Mannréttindi og lýðræði í verki innan skólans alls; fræðsla um mannréttindi og lýðræði innan skólastofunnar sem liður í námskránni; og fræðsla um mannréttindi og lýðræði sem nær til samfélagsins utan skólastofunnar og skólalóðarinnar og byggist á samstarfi við það;
- ➜ búa yfir faglegri hæfni til að geta ráðið fram úr flóknum aðstæðum í námi og kennslu og geta valið og aðlagað mismunandi kennslu- og námsaðferðir. Með þessari faglegu hæfni er stefnt að því að í skólastofunni (og utan hennar) fari fram nám sem byggt er á grunnreglum MLB/MRM og lagað að aldri, þroska, getu og þörfum ólíkra nemenda.
- ➜ velja, aðlaga og beita viðeigandi aðferðum;
- ➜ skilja – og eru færir um að þróa – virka þátttöku og áhuga á skólanum og samfélaginu utan hans;
- ➜ fagleg geta þeirra ætti einnig að tengjast:
  - vitneskju þeirra um tækifæri til þátttöku;
  - getu þeirra til að undirbúa og stjórna virkri þátttöku innan skólasamfélagsins, svo og víðar í samfélaginu og á alþjóðavísu.

## 4.5.2 Framfaratafla

| Hæfniþáttur nr. 4: innleiðing MLB/MRM í ýmiss konar samhengi | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú áttar þig ekki á því að MLB/MRM getur farið fram í margs konar samhengi. Yfirleitt takmarkar þú þig við málefni sem tengjast þinni eigin bekkjarkennslu. Að því marki áttar þú þig á því að MLB/MRM er til og skarast við námsefni sem þú hefur einhvern tíma kennt.* | Reyndu þetta:<br><br>• líttu á þetta í „víðara samhengi“. Íhugaðu hvernig nemendur í skólanum upplifa MLB/MRM. Dragðu upp mynd af hringjum sem skarast og sýna hvernig nemendur geta fengið þessa kennslu í ýmiss konar samhengi. Í skólanum fara hugsanlega fram kosningar, starfsemi félaga, þar eru „vinakerfi“ og ýmiss konar jafningjafræðsla. Hvaða kennslu fá nemendur núna? Hvernig tengist námsefnið vandamálum í samfélaginu? |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú ert farin(n) að átta þig á því að námið getur verið skilvirkara þegar fjallað er um málefni og atburði utan kennslustofunnar. Þú sérð ávinninginn af því að skírskota til samfélagsins í kennslu þinni.* | Reyndu þetta:<br><br>• tilgreindu þrjár leiðir til að tengja kennslu þína viðfangsefnum á sviði MLB/MRM. Skoðaðu nú listann yfir mögulegar „umbótaaðgerðir“ á bls. 66. Hver gæti reynst vera góður bandamaður úti í samfélaginu í tengslum við það málefni eða þekkingarsvið sem hefur verið valið? |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Fram undir þetta hefur þú ekki talið að heildarskólastefna og skólaandi sem tengist MLB/MRM komi þér mikið við. Litið er svo á að þetta sé á ábyrgð skólastjórnenda. Þú veist hins vegar að skipulag skóla hefur verið að breytast, þannig að nemendur hafa æ meira að segja um hluti sem snerta þá.* | Reyndu þetta:<br><br>• kynntu þér þá þætti í skipulagi skólans sem gera nemendum kleift að lýsa áliti sínu á málefnum sem snerta þá. Hversu líklegt er að skoðanir og hugmyndir nemenda í þínum eigin bekk fái hljómgrunn hjá skólastjórnendum? Veltu því fyrir þér hvort þú getir gert eitthvað að eigin frumkvæði til að stuðla að auknu lýðræði innan skólans;<br>• haltu áfram að velta fyrir þér hvernig tengja mætti betur og stilla saman viðburði í skólanum og nám nemenda samkvæmt námskrá. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Sýn þín á MLB/MRM er að þróast þannig að þú tengir saman heildarstefnu skólans og skólastarfið, tækifæri í skólastofunni og námskrána og samstarf við samfélagið utan skólans. Þú, fyrir þitt leyti, kemur með einhverjum hætti að öllum þremur lykilþáttum MLB/MRM: mannréttindum og lýðræði í verki innan skólans alls; fræðslu innan skólastofunnar samkvæmt námskránni og fræðslu sem nær til samfélagsins utan skólastofunnar og skólalóðarinnar og byggist á samstarfi við það.* | Reyndu þetta:<br><br>• leggðu til að skólinn komi upp kerfi sem reglulega hvetji til endurgjafar hlutaðeigandi aðila – nemenda, samkennara og foreldra – á nám og kennslu í MLB/MRM;<br>• íhugaðu hvernig notkun netsins gæti aukið færni nemenda, breitt út góðar starfsaðferðir og bætt samskipti við samstarfsaðila utan skólans;<br>• athugaðu hvort þú getur víkkað út sýn skólans á „samfélag“ þannig að hún taki til samfélaga í Evrópu og víðar, sem þið gætuð unnið með. |

# 5. Flokkur B: Nám og kennsla í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum

Þessi flokkur hæfniþátta tengist innleiðingu aðferða á sviði MLB/MRM í skólastofunni og í skólanum. Hann er svar við spurningunni „hvernig getum við innleitt MLB/MRM í skólanum okkar?“ Kennarar leita svara við sumum eftirfarandi spurninga:

- Hvernig get ég undirbúið kennsluna þannig að hún hvetji nemendur til að vera virkir í náminu?
- Hvaða öðrum kennurum get ég unnið með til að flétta MLB/MRM inn í ólíkar námsgreinar?
- Hvaða gildi verða ráðandi í kennslunni og hvernig getum við unnið saman sem lærdómssamfélag?
- Hvernig get ég fjallað frjálslega og af öryggi um umdeild og erfið málefni?
- Hvaða góðar aðferðir við námsmat get ég nýtt mér í starfi mínu?

## 5.1 Stutt yfirlit og fræðileg undirstaða

Allir kennarar þurfa að öðlast og sýna örugga þekkingu og skilning á eftirfarandi þáttum:

**Hæfniþáttur nr. 5: áætlanir um leiðir, aðferðir og námstækifæri**

Áætlanir um leiðir, aðferðir og námstækifæri til að sameina þekkingu á MLB/MRM, færni, viðhorf og gildi þar sem megináhersla er á virkt nám og þátttöku og áhuga nemenda.

**Hæfniþáttur nr. 6: að fella grunnreglur og hefðir MLB/MRM inn í eigin kennslu**

Grunnreglur og venjur á þessu sviði eru felldar inn í sérhæfðar námsgreinar (þverfagleg aðferð) til að auka þekkingu, færni og þátttöku og stuðla að eflingu ungmenna í fjölhyggjulýðræði.

**Hæfniþáttur nr. 7: að setja grunnreglur sem skapa góðan skólaanda**

Setning skýrra grunnreglna svo að skapa megi gott andrúmsloft þar sem ríkir traust, hreinskilni og gagnkvæm virðing. Farið er að grunnreglum MLB/MRM í bekkjar- og hegðunarstjórnun til að tryggja stefnufestu og skilvirkni í námi.

**Hæfniþáttur nr. 8: að þróa ýmsar leiðir til að auka umræðufærni nemenda**

Ýmsar kennslustefnur og aðferðir – þar á meðal gott vald á spurningum út í bekkinn – að efla umræðufærni nemenda, einkum þegar um er að ræða viðkvæm og umdeild mál.

**Hæfniþáttur nr. 9: notkun ýmissa aðferða við námsmat**

Sjálfsmat og jafningjamat nemenda notað til að upplýsa um og fagna framförum þeirra og árangri í náminu.

**5. tafla: Flokkur B – Nám og kennslustarf í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum**

### Fræðileg undirstaða

Athugasemd: Hæfniþættirnir í þessum flokki, einkum nr. 5 og 6, tengjast náið færniþætti nr. 4 því að undirbúningsaðgerðir og skilgreining á þverfaglegum aðferðum krefjast góðrar þekkingar á því

hvernig innleiðing MLB/MRM fer fram og þar verður að koma til sameiginlegt átak kennarahópa. Hér á eftir fer nákvæm lýsing á því sem einkennir þessa fimm færniþætti.

Þróun færni í áætlanagerð krefst tíma, stuðnings, ígrundunar og samvinnu. Þannig tengist þessi þáttur færniþætti nr. 4 hvað varðar innleiðingu MLB/MRM: hann krefst þess að kennarinn skilji hvaða „leið" eigi að fara: ganga út frá einstökum námsgreinum, fara þverfaglega leið, flétta efnið inn í heildarstefnu skólans eða nota margar aðferðir.

Undirbúningur náms sem styður lýðræðislega og virka borgaravitund er lykilhæfni því að í því felst:

- að móta skýr markmið og gera þau ljós fyrir öðrum;
- að ákveða áherslur í náminu, velja viðfangsefni og skipuleggja kennslustundir nákvæmlega;
- að gera nemandanum mikilvægi viðfangsefnisins ljóst og velja fjölbreytt og aðgengileg en um leið krefjandi verkefni:
- að finna gögn og heimildir sem stuðla sem best að virkri þátttöku;
- að gera ráð fyrir virkri endurgjöf nemenda á kennsluna og námið.

Í þessari hæfni felst að laga námið að mismunandi námsstíl nemenda, þar sem þeir byggja upp merkingu og grundvalla námið með virkum hætti á því sem þeir hafa áður lært af viðfangsefnum og málefnum á þessu sviði.[26] Hvað svo sem verið er að kenna þarf kennarinn að stuðla að þátttöku nemenda við undirbúning námsferlanna með því að fá þá með í umræður og vera þannig opinn fyrir sem flestu sem varðar kennsluáætlunina, heppilegustu kennsluaðferðir, val á námsgögnum og viðeigandi aðferðir við námsmat.

Þegar þverfaglegri aðferð er beitt er markmiðið að efla þekkingu á lýðræði og mannréttindum með kennslu ýmissa námsgreina. Þetta er mikilvægt málefni sem allir kennarar þurfa að sinna. Um mörg hugtök og efnissvið MLB/MRM (til dæmis ágreining innan félaga, sjálfbærni og umhverfismál o.s.frv.) er hægt að fjalla út frá ýmsum sjónarmiðum í ólíkum námsgreinum. Kennarar þurfa að skoða námskrána vel og vinna að því að finna sameiginlegan grundvöll. Mikilvægt er að ná einingu um þetta og skapa samfellu í námi nemenda. Þegar keppt er að því að allir nemendur nái tiltekinni færni þarf samþætting námsgreina einnig að koma til. Eigi til dæmis að leggja áherslu á tjáningarfærni nemenda verða allir kennarar að vinna að því. Hvaða viðfangsefni þar kæmu við sögu væri síðan einstakra skóla eða kennara að ákveða.

Það getur reynst best að takmarka MLB/MRM við hæfilegan fjölda „burðargreina". „Burðargrein" er grein sem á eitthvað skylt við eða skarast við MLB/MRM. Álitlegustu „burðargreinarnar" eru augljóslega þær sem tengjast hug- og félagsvísindum – en það ætti ekki að útiloka aðrar greinar, svo sem stærðfræði, náttúrufræði og listgreinar. Til dæmis getur áhugi okkar á íþróttum og viðhorf okkar til „íþróttamannslegrar framkomu" verið „burðareining" í MLB/MRM.

Bekkjarstjórnun og grunnreglur sem skapa gott bekkjarumhverfi eru mjög áríðandi í MLB/MRM. Lýðræðislegar stofnanir og þjóðfélög krefjast meira af fólki en hugsunarlausrar hlýðni við lög og reglur. Þegnarnir verða að geta séð hefðir þeirra og reglur í gagnrýnu og siðferðilegu ljósi og geta sjálfir hegðað sér réttlátlega og túlkað lög og reglur út frá eigin lífi. Bill Rogers leggur áherslu á að hegðunarreglur og aðferðir, bæði innan skólans og í skólastofunni, eigi afdráttarlaust að vísa til lykilhugtaka eins og réttinda, skyldna og sanngirni:

> Lítið á aga í ljósi sameiginlegra réttinda, reglna og ábyrgðar. Þetta merkir að aginn snýst ekki eingöngu um vald og yfirráð kennarans (sem hann ávinnur sér en áskilur sér ekki) heldur sameiginleg réttindi allra í bekknum. ... Það er mikilvægur þáttur í jákvæðum aga að kennarar reyni

26. Duerr, K., Spajic-Vrkaš, V. og Ferreira Martins, I., *Strategies for learning democratic citizenship,* Evrópuráðið, 2000.

að fá nemendur til að taka ábyrgð á eigin hegðun ... með því að nota tungutak þar sem áherslan er á val nemandans en ekki hótanir kennarans.[27]

## Flokkur B: Nám og kennslustarf í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum

Hæfniþátturinn „fjallar um umdeild málefni í kennslu“ ætti að vera í brennidepli hjá kennurum sem vilja öðlast öryggi og sjálfstraust svo að þeir hneigist ekki til að forðast slík mál. MLB/MRM krefst þess að ungmenni skiptist á skoðunum og hugmyndum um raunveruleg málefni sem snerta þau og samfélag þeirra (svo sem glæpi, óréttlæti, réttindi barna, umhverfismál o.s.frv.). Slík málefni geta verið umdeild eða viðkvæm, eða hvort tveggja í senn. Kennarar sem sinna MLB/MRM þurfa því að læra hvernig þeir geta hvatt ungt fólk til að lýsa skoðun sinni afdráttarlaust en virða um leið sjónarmið sem ekki fara saman við þeirra eigin. Þeir þurfa einnig að átta sig á því hvenær þeir – sem kennarar – mega lýsa eigin skoðunum á umdeildu máli.

Þegar fengist er við umdeild mál á skipulegan og varfærinn hátt getur reynst gagnlegt fyrir kennara að styðjast við eftirfarandi spurningar:

- Hverjir eru meginþættir málsins og hvað hefur það í för með sér?
- Hversu viss erum við um að upplýsingarnar séu réttar?
- Hvaða hópar tengjast málinu?
- Hverjir eru hagsmunir og gildi þessara hópa?
- Hvar og hvernig er hægt að fjalla um þessi mál og hverjir geta það?
- Hvaða aðra valkosti var um að ræða?
- Hvernig á – eða er hægt – að sannfæra fólk um að bregðast við eða skipta um skoðun?
- Hvernig getum við haft áhrif á niðurstöðuna – hvernig snertir hún okkur?

Við mat á námi nemenda þurfa að koma til margs konar matsaðferðir sem henta á þessu sviði. Mikið er rætt um tilhögun námsmats. Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil umræða um kosti lokamats/yfirlitsmats annars vegar og leiðsagnarmats hins vegar.[28] Hægt er að láta nemendur taka þátt í námsmati með því að nota sjálfsmat og jafningjamat til að upplýsa um og fagna framförum og árangri í þekkingu, færni og virkri þátttöku á þessu sviði. Ekki er til nein ein „uppskrift“ að því hvernig námsmati skuli vera háttað. Hvað sem því líður, hvernig sem aðferðir eru tengdar saman, þá verður alltaf að vera fyrir hendi skilvirkt kerfi til að bera saman og meta framfarir nemenda – gæði námsins. Nám nemenda nýtur góðs af vandaðri endurgjöf.

Í mörgum Evrópulöndum kunna menn að hafa réttmætar áhyggjur af því að of strangt námsmat geti hugsanlega drepið niður spennandi verkefni á sviði MLB/MRM sem ungmenni taka þátt í. Þessi hætta eykst ef „lokamati/yfirlitsmati“ og „mati á námi“ er beitt. Ef aðferðirnar byggjast hins vegar á „mati í þágu náms“ getur matið stuðlað að framgangi slíkrar fræðslu, þó að þessi aðferð hafi ekki verið tekin upp nema að litlu leyti í Evrópu. Í rannsókn frá árinu 2003 var „mat í þágu náms“ skilgreint þannig: „Það að leita uppi og túlka vísbendingar sem nemendur og kennarar þeirra geta notað til að finna út hvar nemendur eru staddir í námi sínu, hvert þeir þurfa að stefna og hvernig best er að fara að því.“[29] Með aðferðinni er lögð áhersla á að nemendur eigi hlut að því að ákveða námsmarkmið og árangursviðmið og á gildi þess að þeir taki þátt í sjálfsmati og jafningjamati.

27. Rogers, B., *The language of discipline*: *a practical approach to effective classroom management*, Northcote House Publishers, Plymouth, 1994, bls. 14–15.
28. Black, P. o.fl., *Assessment for learning*: *putting it into practice*, Open University Press, New York, 2003.
29. Sama rit.

## 5.2 Hæfniþáttur nr. 5

Hæfniþáttur nr. 5: áætlanir um leiðir, aðferðir og námstækifæri

Undirbúningur aðferða til að sameina þekkingu á sviði MLB/MRM, færni, afstöðu, viðhorf og gildi þar sem virkt nám og þátttaka nemenda skiptir höfuðmáli.

### 5.2.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

➜ eru færir um að velja og undirbúa viðeigandi viðfangsefni í námi sem hægt er að útfæra í ýmsu samhengi: til dæmis í samhengi við tiltekna námsgrein eða í þverfaglegu samhengi þar sem valin eru viðfangsefni sem reyna sérstaklega á þekkingu og ferli á þessu sviði. Dæmi: þúsaldarmarkmið SÞ gætu verið viðfangsefni skólans í heild eða sérstaks verkefnadags utan stundaskrár; fjalla mætti um kjarnorku í eðlisfræði með vísan til MLB/MRM;

➜ vita hvernig á að undirbúa kennslustundir sem tryggja stöðugar framfarir í námi, þannig að falli vel að námskrá skólans og markmiðum um þverfagleg tengsl við aðrar námsgreinar, átta sig á samhengi við aðrar námsgreinar og undirbúa kennsluna á skipulegan og heildstæðan hátt;

➜ hafa þekkingu á hugsanastílum og átta sig á mikilvægi þess að kennsluaðferðir henti mismunandi námsstíl nemenda: til dæmis ýmsar leiðir til að koma til móts við nemendur sem ýmist treysta mest á sjónrænt nám, nám byggt á hreyfiskyni eða hljóðskyni eða á texta; samvinnu/samkeppnisnám; samskipti sem snúast um eitt mál eða drepa á mörg; ósjálfstæð/sjálfstæð vinnubrögð; íhygli/hvatvísi gagnvart viðfangsefninu; hlutsýni/heildsýni, þol gagnvart margræðni o.s.frv.;

➜ vita að nemendur hafa þegar lært ýmislegt og átta sig á hugsanagangi þeirra og tilfinningum og kunna að gera áætlanir og kanna hvað nemendur hafa lært áður. Þeir geta lýst markmiðum og byggt kennslustundir skipulega upp þannig að nemendur skilji til hvers er ætlast af þeim og séu virkir og samvinnufúsir;

➜ átta sig á því hvenær hinir ýmsu þættir eiga við í kennslustund, svo sem: kynning; lykilspurningar; bekkjar-, hóp-, para-, og einstaklingsvinna; nýtt umfjöllunarefni; hvaða gögn og efnivið skal nota; og nægilega fjölbreytt tjáningarform (til dæmis lausnir verkefna í orðum, með sjónrænum hætti, með látbragði eða hreyfingu; rannsóknir, samvinna, notkun netsins og ýmissa miðla og bekkjarfundir um námið og leiðir til útfærslu);

➜ átta sig á þeim málefnum sem eru á döfinni og snerta sérstaklega ungmenni og samfélag þeirra. Þeir geta þá til dæmis aðstoðað nemendur við að hrinda af stað umhverfisverkefni í samfélaginu, svo sem að hreinsa til í almenningsgarði eða berjast fyrir umferðaröryggi. Kennarinn undirbýr námið sem af slíkum verkefnum leiðir og aðstoðar nemendur við að skipuleggja þau;

➜ vita hvernig undirbúa skal verkefni nemenda, svo sem námsdagbækur, sem fá nemendur til að íhuga persónulega reynslu sína og tilfinningar í tengslum við eigin borgaravitund;

➜ vita að gott er að skipuleggja kennsluna í upphafi en vita jafnframt að slíkt skipulag þarf að vera sveigjanlegt. Mikilvægt er að kennarar ígrundi starf sitt svo að þeir geti lagað aðferðir og verkefni að þörfum nemenda, komið til móts við ólíkan námsstíl þeirra og nýtt það sem þeir hafa þegar lært á þessu sviði.

## 5.2.2. Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 5: áætlanir um leiðir, aðferðir og námstækifæri | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þér finnst þú þurfa nánari upplýsingar og stuðning við að undirbúa viðfangsefni nemenda. Þér finnst þú þurfa nákvæma áætlun sem tengist lykilhugtökum MLB/MRM, færni, viðhorfum, afstöðu og gildum og hægt væri að fella inn í kennslustundir. Þú þarft langan tíma til undirbúnings. Þér finnst þú þurfa einhverjar upplýsingar um skilvirkari kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðri afstöðu til þátttöku í félagsstarfi eða í samfélaginu almennt. Þú ert óörugg(ur) og þarft kennslufræðilegar forsendur til að breyta starfsháttum þínum. Þú veltir fyrir þér hvernig nemendur muni bregðast við nýstárlegum aðferðum.* | Reyndu þetta:<br><br>• finndu tækifæri til að tala við þér reyndari kennara;<br>• fáðu að sjá góð dæmi um aðferðir hjá reyndari kennurum eða í skólanum öllum og reyndu að tileinka þér þær við undirbúning kennslunnar (markmið, viðfangsefni, aðferðir og nálgun);<br>• veltu fyrir þér væntingum þínum um árangurinn af áætlanagerðinni fyrir nemendurna. Hvernig hefur þessi nýja áætlanagerð haft áhrif á þig persónulega?<br>• hlustaðu á aðra óreynda kennara og lýstu fyrir þeim væntingum þínum og áhyggjum;<br>• veldu einhvern lið í undirbúningnum þar sem þér finnst þú þurfa á meiri sérfræðiþekkingu að halda. Þetta gæti til dæmis verið það að geta greint félagsleg og pólitísk vandamál, sem virðast vera mikilvæg, og hvernig væri best að haga umfjöllun um þau í kennslustundum. Biddu samkennara þinn að útskýra hvernig hann velur viðfangsefni og hvernig hann hagar undirbúningi í samræmi við getu og aldur nemenda. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú ert farin(n) að kenna nokkra þætti MLB/MRM í bekknum þínum. Þú ert í vafa um hvort kennslan sem þú hefur undirbúið skilar nógu góðum árangri. Þú undirbjóst kennslustund en hafðir á tilfinningunni að þú hefðir misst stjórnina og áttir erfitt með að stýra rökræðum og þátttöku nemenda.* | Reyndu þetta:<br><br>• veldu og greindu eina hlið á kennslu þinni. Til dæmis hvernig þér tókst að stýra samskiptunum milli þín og nemenda og milli nemenda innbyrðis; þú getur beðið reyndari samkennara að fylgjast með samskiptum þínum við nemendur og síðan borið saman athugasemdir hans og álit þitt;<br>• veltu fyrir þér hvernig þú getir bætt samskiptafærni þína með lýðræðislega þátttöku nemenda og markmið kennslustundarinnar í huga. Spurðir þú opinna spurninga? Aðstoðaðir þú nemendur við að átta sig á nýjum eða óhlutbundnum hugtökum? Hvaða lýðræðis- og mannréttindagildi lágu til grundvallar viðfangsefninu? |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú treystir þér vel til að velja viðfangsefni sem geta bætt framtíðarmöguleika og eflt borgaravitund nemandans. Þú treystir þér vel til að skipuleggja samskipti þannig að þau veki áhuga nemenda. Þú treystir þér vel til að velja kennsluaðferðir sem henta tilteknum viðfangsefnum. Þig langar til að skiptast á hugmyndum við samkennara þína.* | Reyndu þetta:<br><br>• veltu fyrir þér hvað liggur að baki hugmyndum þínum og gildum þegar þú undirbýrð kennsluna. Hvers vegna valdir þú viðfangsefnið X? Hvers vegna hefur þú tileinkað þér aðleiðsluaðferðir en ekki afleiðslu-? Er það í þágu nemenda þinna eða þína eigin þágu? Hvers vegna hefur þú ákveðið að innleiða verkefnavinnu en ekki jafningjastarf? Hverjar voru væntingar þínar og gildi varðandi námsgetu nemenda þinna.<br>• reyndu að meta væntingar þínar með augum nemenda og út frá því sem gerist í kennslustundum;<br>• viðraðu hugmyndir þínar við samkennara og foreldra. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Þú áttar þig á þeirri skyldu þinni sem kennari að efla nemendur til þátttöku í þjóðfélaginu með þekkingu, færni og gildum. Þú veist að þú ert fyrirmynd. Þig langar að fá aðra með þér til að undirbúa þverfagleg verkefni með þátttöku alls skólans. Þú áttar þig á gildi virkrar þátttöku nemenda þinna í samfélaginu og vilt stuðla að alþjóðlegri borgaravitund þeirra.* | Reyndu þetta:<br><br>• gættu þess stöðugt að ekki verði vart ósamræmis milli ábyrgðar þinnar sem kennara og þess sem þú ætlar nemendum þínum að gera;<br>• gættu þess að gera ráð fyrir verkefnum með þátttöku nemenda í eigin áætlanagerð og áætlunum með öðrum;<br>• undirbúðu með öðrum aðgerðir þar sem allir hagsmunaaðilar og samstarfsaðilar hafa eitthvað mikilvægt fram að færa og geta hugsanlega einnig notið góðs af; þetta er ekki aðeins samstarf heldur raunveruleg „lýðræðisþátttaka“ sem þú átt hlut að við undirbúning og val á athöfnum. |

## 5.3 Hæfniþáttur nr. 6

Hæfniþáttur nr. 6: að fella grunnreglur og hefðir MLB/MRM inn í eigin kennslu

Grunnreglur og venjur á sviði MLB/MRM eru felldar inn í sérhæfðar námsgreinar (þverfagleg aðferð) til að auka þekkingu, færni og þátttöku og stuðla að eflingu ungmenna í fjölhyggju-lýðræði.

### 5.3.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

- ➜ átta sig á þeim vandamálum sem skapast þegar kenna á MLB/MRM „í gegnum“ aðrar námsgreinar. Þeir geta þurft að bregðast við erfiðum vandamálum sem kunna að skapast þegar fjallað er um mannréttindi og lýðræði „í gegnum“ til dæmis sögu, landafræði eða aðrar félags- og hugvísindagreinar;
- ➜ átta sig á hvar það er sem „tengingar“ við MLB/MRM hætta að verða óbeinar og yfirborðslegar (tilviljunarkennd tengsl við námsefni) og verða skýrar og afdráttarlausar;
- ➜ reyna að gera góð skil bæði kjarnamarkmiðum aðalnámsgreinarinnar og markmiðum MLB/MRM (þeir fara að sjá hvað einkennir þetta efni sérstaklega þegar þeir taka upp ólík kennslulíkön sem hugsanlega þjóna mismunandi tilgangi).

Athugasemd: Fjögur eða fimm mjög vönduð þverfagleg innlegg, hugsanlega samtengd, fyrir hvern árgang eru mun líklegri til árangurs og skapa betri samfellu en mörg illa skilgreind eða laustengd. Ef reynt er að koma umfjöllun um mannréttindi og lýðræði inn í allar námsgreinar verða tengingarnar svo margar að erfitt getur reynst að ráða við slíkt án heildstæðs ramma.

**MLB: hinn mikilvægi kjarni**

Hugtökin lýðræði og borgaravitund; borgaraleg réttindi og skyldur þegnanna (með vísan til Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi); mannréttindi, pólitískt læsi; hlutverk stjórnvalda; refsiréttur og einkaréttur; félagslegur og menningarlegur fjölbreytileiki og sjálfsmyndir; andstaða gegn kynþáttafordómum; sjálfbær þróun; hnattræn samvirkni; efnahagsleg öfl sem eru að verki í nærsamfélaginu, landinu og heiminum öllum; málefni sem eru efst á baugi og þátttaka, samstaða og félagslegt réttlæti.

**Tungumál/bókmenntir** ←

Kanna kynþáttafordóma og viðleitni manna til réttlátrar hegðunar. Kanna og ræða hugmyndir um jafnrétti og bann við mismunun.

**Listgreinar** ←

Hvernig getur listsköpun gert samfélag okkar betra? Hvernig getur listin kennt okkur að meta menningarlegan fjölbreytileika? Hvernig má nota sjónrænar listir í mótmælum og baráttu?

**Landafræði** ←

Hverjir eru kostir sanngjarnra viðskipta? Þurfum við fleiri eða færri vegi? Hvað ætti Evrópa að gera til að stuðla að sjálfbærni?

→ **Náttúrufræði**

Ætti að banna klónun manna? Væri rétt að gera ætlað samþykki við líffæragjöf að reglu? Ætti að leyfa erfðabreyttar plöntur?

→ **Saga**

Hvernig hafa borgaraleg réttindi og almenn mannréttindi þróast í tímans rás? Geta mótmæli með ofbeldi hugsanlega verið réttlætanleg? Samanburður á þrælahaldi fortíðar og þrælahaldi 21. aldar.

→ **Stærðfræði**

Hvers vegna skiptir tölfræði, til dæmis um fátækt á heimsvísu eða barnavinnu, máli? Hvernig er hægt að hagræða tölfræði?

## 5.3.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 6: að fella grunnreglur og hefðir MLB/MRM inn í eigin kennslu | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú ert ekki viss um hverjar þessar grunnreglur og hefðir eru. Hugsanlega lítur þú hreinlega á MLB/MRM sem „ógn" við þitt svið. Þú lítur á kennarastarfið sem fræðilega köllun til að kenna sérgrein þína samkvæmt námsefninu, skólanámskrá og aðalnámskrá.* | Reyndu þetta:<br><br>• kynntu þér hugtök sem tengjast MLB/MRM og grunnreglur og starfshætti á þessu sviði;<br>• skoðaðu og greindu námsefni þitt til að finna sameiginlegan grundvöll og tilgreindu (hugsanlega) skörun og „skurðpunkta" hvað efni, færni, hugtök og gildi varðar;<br>• ræddu við samkennara þína sem kenna samfélagsgreinar eða félagsvísindi. Íhugaðu ávinninginn sem nemendur hafa af betur samræmdri kennslu þar sem málefni sem tengjast lýðræði og mannréttindum fléttast eðlilega og hnökralaust inn í námsefnið. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú þekkir nokkuð vel til hugtaka á sviði MLB/MRM, grunnreglna og starfshátta. Þú sérð hvar þekking, færni og gildi á þessu sviði og þín eigin sérgrein og/eða námskráin í þeirri grein skarast.* | Reyndu þetta:<br><br>• gerðu áætlun um það hvernig þú getir fléttað grunnreglur og starfshætti MLB/MRM inn í kennslu þína: skilgreindu viðeigandi efnissvið og málefni;<br>• fundaðu með samkennurum þínum til að skiptast á upplýsingum um kennslu á þessu sviði. Sameinið kraftana. Best er að setja reglulega fundi til að ræða um mál sem tengjast þessu á fundaáætlun skólans;<br>• í kennslunni skaltu reyna að tryggja að nemendur átti sig á samþættingu námsgreinanna og geri sér ljóst hvað þeir eru að læra en það dyljist þeim ekki. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Sýnin á MLB/MRM í skólanámskránni er skýr. Kennarar vinna saman að undirbúningi og flétta grunnreglur og starfshætti MLB/MRM inn í kennslu sína. Einnig eru mannréttindi og lýðræði ríkjandi innan skólans.* | Reyndu þetta:<br><br>• kannaðu hvernig þú getur fært meira af kennslunni út fyrir skólastofuna og skólann sjálfan;<br>• kannaðu möguleika á vettvangsferðum og heimsóknum (til dæmis á söfn, sýningar, í aðsetur sveitarstjórnar/þings og á hátíðir);<br>• bjóddu gestum utan skólans í kennslustundir;<br>• gerðu nemendur að samstarfsaðilum þínum í skólastofunni. Lýstu fyrir þeim markmiðunum og leyfðu þeim að taka þátt í undirbúningnum. Fáðu þá til að segja álit sitt. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*MLB/MRM er reglubundinn, eðlilegur og stöðugur liður í kennslu þinni. Nemendur fá reglulega tækifæri til að bregðast við málefnum sem upp koma í skólastofunni (við ýmsar aðstæður).* | Reyndu þetta:<br><br>• prófaðu og innleiddu margs konar kennslu- og námsaðferðir;<br>• aðstoðaðu samkennara þína við að auka færni sína og beita fleiri aðferðum í kennslustundum.<br>• haltu áfram að bæta kennsluhætti þína;<br>• finndu aðila í samfélaginu utan skólans til að aðstoða þig við að útfæra markmið þín; |

## 5.4 Hæfniþáttur nr. 7

Hæfniþáttur nr. 7: að setja grunnreglur sem skapa góðan skólaanda

Setning skýrra grunnreglna svo að skapa megi gott andrúmsloft þar sem ríkir traust, hreinskilni og gagnkvæm virðing. Farið er að grunnreglum MLB/MRM í bekkjar- og hegðunarstjórnun til að tryggja stefnufestu og skilvirkni í námi.

### 5.4.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ..."

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

- ➜ vilja bæta möguleika allra nemenda á að læra með því að gera stöðugt miklar kröfur um góða hegðun;
- ➜ gefa fordæmi og halda fram gildum sem styrkja markmið MLB/MRM, svo sem sannleiksleit og virðingu fyrir skoðunum annarra;
- ➜ leitast við að koma á jákvæðum tengslum við alla nemendur, leggja sig fram um að hlusta á skoðanir þeirra á náminu og koma fram við þá af virðingu. Þeir eru einnig sjálfum sér samkvæmir, hreinskilnir og sanngjarnir í samskiptum við nemendur;
- ➜ geta sett skýrar og afdráttarlausar reglur og ákveðið umbun og viðurlög sem tengjast grunnreglum MLB/MRM um réttindi og skyldur og hegðunarstefnu skólans. Þetta tekst með því að:
  - – setja fram fáar reglur með jákvæðu orðalagi sem nemendur skilja;
  - – gefa nemendum tækifæri til að móta og endurskoða reglur hvar sem því verður við komið;
  - – beita markvisst hrósi og umbun fyrir jákvæða hegðun;
  - – nota tungutak sem lætur í ljós að óviðeigandi hegðun sé hafnað en ekki nemendum sjálfum.
- ➜ vísa til lykilatriðanna fjögurra varðandi hegðun, sem eru: réttindi annarra, þörf á reglum, góðar umgengnisvenjur og nauðsyn þess að viðurkenna persónulega ábyrgð;
- ➜ forðast að tala þannig til nemenda að það geti skaðað sjálfstraust þeirra og tengsl við þá, heldur hrósa nemendum oft og nota jákvætt orðalag sem hæfir aldri þeirra og aðstæðum;
- ➜ vita af ýmsum aðferðum, sem eiga bæði við um hópa og einstaklinga, og geta gagnast nemendum við að ná betri stjórn á hegðun sinni;
- ➜ átta sig á togstreitunni sem nemendur geta upplifað milli reglna utan skóla um hegðun og væntinga um hegðun í skólanum, og aðstoða nemendur við að greina muninn og ræða vandamál sem þessu tengjast;
- ➜ hvetja til sjálfstæðrar ákvarðanatöku með því að skapa tækifæri til slíks í skólastofunni; til dæmis: að greiða atkvæði með „augun lokuð" svo að nemendur freistist ekki til að herma eftir öðrum í bekknum.

## 5.4.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 7: að setja grunnreglur sem skapa góðan skólaanda | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Kennarar setja reglur einhliða – jafnvel þó að nemendum líki þær greinilega ekki eða séu á móti þeim. Lítið eða ekkert svigrúm er gefið fyrir samninga. Mikil áhersla er á skyldur en afar lítil á réttindi. Reglur eru reglur og lítið eða ekkert tillit er tekið til margbreytileika, ólíkra aðstæðna eða sérþarfa. Skortur á grunnreglum sem samkomulag er um kemur í veg fyrir að opnar og kurteislegar umræður geti farið fram í bekknum.* | Reyndu þetta:<br><br>• bættu skilning þinn á ýmsum þeim þáttum í skóla- og bekkjarumhverfi sem framkalla óæskilega hegðun;<br>• hvettu til þess að allt starfsfólk skólans eða allur skólinn fái leiðsögn utanaðkomandi sérfræðings til að koma skólasamfélaginu í skilning um vandamálið og kenna því aðferðir til að ná betri stjórn á hegðun nemenda og starfsfólks, einstaklinga sem hópa;<br>• reyndu smám saman að koma á jákvæðum tengslum við alla nemendur, leggðu þig fram um að hlusta á skoðanir þeirra á náminu og komdu fram við þá af virðingu;<br>• reyndu jákvæða hvatningu, svo sem að gefa punkta þegar hegðun er lofsverð og þegar fimmtán punktum er náð fær bekkurinn verðlaun (að gera eitthvað skemmtilegt, fara í leik o.s.frv.). |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Kennarar setja reglur í bekkjum og framfylgja þeim. Eitthvað er um það að ráðgast sé við nemendur en viðbrögðin hafa valdið vonbrigðum, kannski vegna þess að nemendum hefur ekki þótt hugur fylgja máli. Nemendur hafa ekki úrræði til að láta í sér heyra. Í bekkjarumræðum hlusta nemendur lítið á aðra og sýna skoðunum þeirra litla virðingu.* | Reyndu þetta:<br><br>• láttu nemendur taka þátt í að setja skólanum og bekknum grunnreglur. Leitaðu ráða hjá nemendum um það hvernig bregðast skuli við fjölbreytileika í bekknum (breytilegum námsstíl; þörfum og námsaðferðum stúlkna/drengja); og ólíkum námsþörfum innan bekkjarins (t.d. mismunandi leikni í tungumálum og námsörðugleikum).<br>• hafðu grunnreglur og orðalag MLB/MRM í fyrirrúmi – í stað þess að tala um reglur og refsingu skaltu nota hugtök eins og „ábyrgð", „réttindi", „almannahagur", „gagnkvæm virðing" og „umburðarlyndi";<br>• þegar þú þarft að beita viðurlögum skaltu vera skýr og forðast mótsagnir og öfgar. Gagnrýndu gjörðina, ekki einstaklinginn. Leggðu til dæmis áherslu á ábyrgð allra á andanum í skólanum með því að spyrja út í afleiðingarnar af hegðun einstaklings fyrir aðra og hópinn. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Um sumar skóla- og bekkjarreglur er samið við fulltrúa nemenda. Kennarar nota jákvætt tungutak og sjá til þess að nemendur taki ábyrgð á eigin hegðun með því að leggja áherslu á ákvarðanir nemenda frekar en að beita hótunum. Gefið er svigrúm til að ræða málin og hlusta.* | Reyndu þetta:<br><br>• láttu nemendur taka virkan þátt í því að setja reglurnar. Taka þarf tillit til hlutverks skólaráðs (og árganga/bekkjarráða sem því tengjast) þegar grunnreglur fyrir bekki eru settar. Reynslan sýnir að nemendur aðhyllast raunhæfar reglur sem auðvelt er að fylgja; bekkjarandinn er þeim einnig mikilvægur;<br>• fáðu eldri nemendum sérstök hlutverk og leggðu áherslu á þá ábyrgð sem þeim er falin. Það stuðlar að framgangi lýðræðis- og mannréttindagilda að láta eldri og yngri nemendur vinna tvo og tvo saman;<br>• gakktu eftir skoðunum nemenda á málefnum eins og einelti og skemmdarverkastarfsemi og hvernig þeir hugsi sér að skólinn geti orðið betra, uppbyggilegra og öruggara lærdómssamfélag. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Samráð er haft við skóla- og nemendaráð um hegðunarreglur í skólanum/bekkjum. Vel er hlustað á allar raddir. Nemendur gegna sínu hlutverki sem ábyrgir þegnar með því að innleiða hegðunarreglur í bekkjum og framfylgja þeim. Í skólasamfélaginu ríkir sannur fjölmenningarandi og hvergi ber á viðhorfinu „við og hinir". Skólastofurnar eru staðir þar sem fram fer stefnufast og lifandi nám.* | Reyndu þetta:<br><br>• sjáðu til þess að nemendur og starfsfólk fái reglulega tækifæri til að breyta bekkjarreglum eða endurskoða þær;<br>• treystu nemendum áfram til að hafa frumkvæði að auknu frelsi, þ.e.a.s. skapaðu andrúmsloft þar sem nemendur njóta meiri réttinda, þeim mun meiri ábyrgð sem þeir sýna;<br>• fáðu gesti í bekkinn og leyfðu þeim að kynnast þeirri góðu rökræðu, samskiptum og virðingu fyrir skoðunum annarra sem þar er að finna;<br>• haltu áfram að vinna með samkennurum þínum að því að þróa færni þína. |

## 5.5 Hæfniþáttur nr. 8

Hæfniþáttur nr. 8: að útfæra ýmsar leiðir til að auka umræðufærni nemenda, einkum um umdeild mál

Ýmsar kennsluaðferðir – þar á meðal gott vald á spurningum út í bekkinn – sem auðvelda umræður nemenda um viðkvæm/umdeild mál.

### 5.5.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

➜ átta sig á þeirri færni sem samfélagslegar umræður krefjast. Dæmi:

- félagsleg færni og færni í samskiptum, svo sem að geta fært rök fyrir máli sínu, að geta sett hugmyndir skýrt fram, að taka til máls til skiptis og að nota áhrifaríkt látbragð;
- notkun viðeigandi orðalags og hugtaka sem þessu tengjast (svo sem „þegn“, „almannahagur“ og „málstaður“) og að sneitt sé hjá móðgandi eða fordómafullu orðalagi;
- skilningur á ólíkum umræðuformum – dæmi: rökræður um andstæð sjónarmið eða könnunarviðræður;
- rökræðutækni – til dæmis færni í að sannfæra aðra; að geta samið um málamiðlun eða samhljóða niðurstöðu og að þekkja og beita mælskulist;
- að þekkja lagarammana sem snerta takmörk á tjáningarfrelsi nemenda í tengslum við MLB/MRM.

➜ kunna ýmsar aðferðir sem geta gagnast nemendum við að efla umræðufærni sína. Kenna þarf nemendum umræður. Þá þarf að huga að ýmsu:

- að umfjöllunarefnið skipti máli – umræðan tengist hagsmunum og reynslu nemenda;
- að umfjöllunin sé skemmtileg – nota miðla sem varpa áhugaverðu ljósi á málin; segja til dæmis sögu, sýna myndskeið, ljósmynd, listaverk o.s.frv.;
- gera tilganginn skýran með því að kynna umræðuefnin og setja fram spurningar sem á að ræða og hvetja nemendur til að semja spurningarnar; leyfa þeim til dæmis að semja eigin spurningar um tiltekið mál og hafa síðan „blinda“ atkvæðagreiðslu um það hvað skuli rætt;
- nota fjölbreyttar aðferðir við hópvinnu og samvinnu og stokka upp sætaskipan í litla hópa, pör, hring, hálfhring eða fiskabúr;
- virða reglur um að hlusta/taka til máls – og enn betra er að láta nemendur sjá um að framfylgja þessum reglum;
- forðast að tala of mikið sjálf(ur) – gefa nemendum svigrúm til að tala.

➜ átta sig á þeim leiðum sem hægt er að fara þegar kennslan snýst um umdeild mál. Aldur nemenda skiptir máli í þessu sambandi. Allar aðferðir hafa sína galla ef menn binda sig um of við þær. Ef þær eru notaðar skynsamlega og tengdar saman geta þær allar gagnast við að koma í veg fyrir að kennslan verði hlutdræg. Meginleiðirnar eru þrjár:

- hlutleysi – alls engar persónulegar skoðanir látnar uppi;

- jafnvægi – ýmis sjónarmið eru kynnt, þar á meðal þau sem kennarinn kann að vera ósammála;
- afstaða augljós – kennarinn gerir grein fyrir sjónarmiðum sínum.

➜ gæta þess stöðugt að forðast hlutdrægni í kennslu sinni. Dæmi: þeir ganga úr skugga um að allar hliðar röksemdafærslu heyrist; gera grein fyrir gagnstæðum sjónarmiðum með hófstilltum hætti; ögra vinsælum/hefðbundnum viðhorfum; setja skoðanir ekki fram sem staðreyndir; koma ekki fram sem sá sem vitið hefur og geta brugðið sér jafnt í hlutverk meðmælanda sem andmælanda í rökræðum;

➜ stuðla að góðum þankagangi með spurningum sínum. Dæmi um árangursríkar spurningar eru: Heldurðu að það sé sanngjarnt? Hefur X rétt til að gera þetta? Hver ætti að hafa áhrif þarna? Ættu að vera lög um það? Hver á að borga fyrir það? Hvaðan eru þessi réttindi runnin? Hver eru rökin fyrir því sem þú sagðir? Hvað væri best fyrir alla? Um hvað geta allir komið sér saman?

## 5.5.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 8: að þróa ýmsar leiðir til að auka umræðufærni nemenda, einkum um umdeild mál | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú treystir þér ekki nógu vel til að fjalla um umdeild mál. Þú velur gjarnan þá leið að forðast þau. Þér þykja sum mál of viðkvæm til að fjalla um þau. Þú óttast að bekkjarstjórnin raskist ef nemendur láta í ljós sterkar og ólíkar skoðanir. Þú ert uggandi um viðbrögð foreldra við vali á umræðuefni fyrir bekkinn.* | Reyndu þetta:<br><br>• víkkaðu sjónarhornið með því að fylgjast með reyndari kennara skipuleggja umræðu um umdeilt/viðkvæmt mál;<br>• kenndu eina kennslustund samkvæmt fyrirkomulaginu/listanum hér að framan, þar sem þú ert fræðilega vel heima;<br>• leggðu mat á árangur kennslustundarinnar;<br>• kynntu þér leiðirnar þrjár sem hægt er að fara við umfjöllun um umdeild mál í kennslu og hvernig forðast má hlutdrægni;<br>• lestu bækur og greinar sem bent er á í þessu riti til að átta þig á og geta af öryggi útskýrt hvers vegna mikilvægt er að ræða um umdeild mál. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þú ert farin(n)að átta þig á hversu umdeilanleg sum mál eru og hefur byrjað að flétta þau inn í námsefnið og kennsluáætlanir. Þú veist að þú verður að forðast hlutdrægni í kennslunni. Sum málefni treystir þú þér ekki til að fjalla um ennþá.* | Reyndu þetta:<br><br>• byrjaðu á að íhuga aðra umræðufærni nemenda sem þarf að þróa og æfa;<br>• prófaðu einhverjar leiðanna sem lagðar eru til hér að framan;<br>• veltu fyrir þér hvernig þú getir komið einhverjum umdeildum málum á sviði MLB/MRM að í kennslunni í þinni námsgrein og farðu að endurskoða áætlanir um kennslu og námsefni;<br>• aflaðu þér sérstakrar þjálfunar á þessu sviði með því að sækja námskeið eða lesa þér til um efnið. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú hefur fengið nokkra þjálfun í að fjalla um umdeild og viðkvæm mál. Þú ert markvisst að innleiða ýmsar aðferðir sem stuðla að því að nemendur verði færari í umræðum.* | Reyndu þetta:<br><br>• notaðu ýmsar aðferðir til að skipuleggja umræður nemenda um umdeild mál;<br>• leitaðu leiða til að allt starfsfólkið geti fengið þjálfun í samvinnu og tekið þátt í hópefli;<br>• einbeittu þér að því að bæta spurningafærni þína – nýttu þér lista yfir spurningar sem tengjast MLB/MRM og geta stuðlað að dýpri hugsun um lykilhugtök á þessu sviði;<br>• veltu fyrir þér leiðum til að bregðast við óvæntum málum sem nemendur hreyfa við og geta verið lærdómsrík; svaraðu spurningum með annarri spurningu og hvettu nemendur til að varpa fram eigin spurningum. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Litið er á umdeild mál sem mikilvægan þátt í námsefninu í MLB/MRM. Þú hvetur nemendur til að kryfja málin og velta fyrir sér hvernig best væri að bregðast við þeim. Þú áttar þig á því hversu mikilvæg góð spurningatækni er og með spurningum þínum til nemenda stuðlar þú að þroskuðum hugsunarhætti hvað varðar mannréttindi og lýðræði.* | Reyndu þetta:<br><br>• leyfðu öðrum kennurum og öðrum námsgreinum að njóta góðs af starfsháttum þínum og þekkingu. Haltu áfram að þróa þá með jafningjafræðslu innan skólans; starfsmanna- og deildafundir henta til þess;<br>• beittu kennslufærni þinni að nýjum sviðum námskrárinnar sem skólinn hyggst þróa (til dæmis að stuðla að samheldni í samfélaginu eða að leita lausna á ágreiningi);<br>• finndu mál sem einmitt núna valda áhyggjum í skólasamfélaginu; dæmi: kynþáttafordómar, einelti, áreitni, „skemmtiárásir“ og friðhelgi/viðeigandi notkun farsímatækni;<br>• finndu aðila í samfélaginu utan skólans til að aðstoða þig við að útfæra markmið þín. |

## 5.6 Hæfniþáttur nr. 9

Hæfniþáttur nr. 9: notkun ýmissa aðferða við námsmat

Sjálfsmat og jafningjamat nemenda notað til að upplýsa um og fagna framförum þeirra og árangri í náminu.

### 5.6.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

➜ átta sig á því að nemendur verða að eiga þátt í mati á borgaravitund – gera skal matið með þeim en ekki á þeim;

➜ nota ýmsar matsaðferðir til að meta framfarir nemenda hvað varðar ýmis þekkingarform, færni, gildi og afstöðu og þátttöku. Óreyndir kennarar gætu nýtt sér eftirfarandi valkostalista með nemendum:

**Þekking á staðreyndum og hugtökum**

- fjölvalsspurningar;
- para saman orð og skilgreiningar;
- finna lykilhugmyndir/upplýsingar í textabút;
- útskýra hvað liggur að baki fyrirsögn eða grein í dagblaði;
- skrifa röksemdir með og á móti umdeildu málefni;
- greina tölfræðilegar upplýsingar;
- ræða vandamál tengd frumvarpi til nýrra laga.

**Kannanir og samskipti**

- sýna samskiptafærni með sannfærandi ritsmíð;
- búa til PowerPoint-kynningu til stuðnings einhvers konar breytingu;
- útbúa sýningu eða halda fund til að vekja athygli á tilteknu vandamáli í skólanum;
- kanna mál (hver fyrir sig eða í litlum hópum) með því að nota ýmsar heimildir og kynna það, munnlega eða skriflega;
- skrifa bréf til opinbers aðila (til dæmis bæjarfulltrúa, yfirlögregluþjóns eða ritstjóra bæjarblaðsins) til að fá umfjöllun um mál.

**Þátttaka og ábyrgar athafnir**

- að leggja sitt af mörkum til hópvinnu, átta sig á nauðsyn verkaskiptingar svo að hópvinna gangi vel og geta íhugað hvernig hópurinn virkaði sem heild;
- sjá þörfina á félagslegum aðgerðum og þróa leiðir sem gætu stuðlað að breytingum;
- átta sig á því hvernig hafa má áhrif á skoðun á málum, hvort sem það er almenn skoðun eða skoðun stefnumótenda á landsvísu eða innan sveitarfélaga;
- vita hvernig spyrja á utanaðkomandi „sérfræðinga“ um málefni (spyrja til dæmis lögregluna á staðnum um mál sem snerta glæpi og forvarnir gegn þeim eða umhverfissérfræðinga um mál sem snerta sjálfbærni og staðardagskrá 21);
- hvetja nemendur til að þróa eigin viðmið um árangur af verkefnum (með því til dæmis að spyrja: „Hvernig getum við vitað að þér hafi tekist þetta?“);

➜ geta notfært sér og beitt skilvirkum matsaðferðum úr öðrum greinum. Þær mætti nota sem fyrirmyndir að mati á framförum í verkefnum.

## 5.6.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 9: notkun ýmissa aðferða við námsmat | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú leggur sjaldan mat á vinnu nemenda eða gerir það á handahófskenndan hátt. Þar sem þessi fræðsla er illa skilgreind og/eða illa lýst í skólanum þínum er nær ómögulegt að veita nemendum endurgjöf á árangur og framfarir. Kennslustundir þar sem vikið er að einhverjum þáttum MLB eða færni á því sviði hafa óskýr námsmarkmið.* | Reyndu þetta:<br><br>• skilgreindu markmið áætlunar þinnar út frá þekkingu nemenda á lýðræði og mannréttindum, færni eða þátttöku. Skilgreindu nánar markmið kennslustundanna;<br>• lýstu markmiðunum fyrir nemendum áður en kennslustundin hefst. Aðstoðaðu þá við að átta sig á forsendum árangursríkrar vinnu að málefnum og verkefnum á þessu sviði;<br>• gerðu ráð fyrir tíma í kennslustundum fyrir nemendur til að ígrunda það sem þeir hafa lært. Hvettu þá til að útskýra færnina og ferlin sem felast í námi þeirra, til dæmis í stuttum bekkjarumræðum eftir hvert verkefni og í lok kennslustundar. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Eitthvert mat er lagt á vinnu í MLB en það er aðallega yfirlitsmat þar sem áhersla er lögð á þekkingu með skilningsæfingum og prófum. Nokkrar kennslustundir eru áætlaðar sem hafa skýr markmið. Ekkert kerfi er til að meta framfarir eftir því sem náminu vindur fram. Ekki er lagt mat á virka borgaravitund og þátttöku nemenda.* | Reyndu þetta:<br><br>• notaðu fleiri leiðir til að meta vinnu nemenda – þá ekki aðeins ritgerðir heldur einnig uppsetningu sýninga, gerð PowerPoint-kynninga, samvinnuverkefni, hvatningarræður fyrir ýmsa áheyrendur o.s.frv.;<br>• skapaðu leiðir til að safna saman vitnisburði um vinnu nemenda með safnmöppum og slíku – til að geta fagnað árangri og undirbúið frekara nám;<br>• í lok hverrar vinnueiningar eða verkefnis skaltu prófa mismunandi form sjálfs- og/eða jafningjamats. Í hvaða þáttum halda nemendur að þeir hafi staðið sig vel og af hverju hafa þeir lært? Hvernig gætu þeir gert betur? |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Skólinn er með kerfi til að meta og skrá framfarir á sviði lýðræðis og mannréttinda sem allir kennarar nota. Þú ert farin(n) að prófa ýmsar aðrar matsaðferðir, þar á meðal sjálfs- og jafningjamat nemenda. Nemendur fá endurgjöf á vinnu sína og/eða verkefni.* | Reyndu þetta:<br><br>• prófaðu mismunandi sjálfs- og jafningjamat (umsagnalista, leiðsagnarmat o.s.frv.);<br>• hættu að nota hefðbundna einkunnagjöf og taktu upp aðra nýstárlegri (svo sem „umferðarljós“ sem lýsa styrk nemanda, brosandi/broslausa karla og „tvær stjörnur og ábendingu“ – tveimur tilteknum atriðum í vinnu nemandans hrósað og bent á eitthvað eitt sem þarf að læra betur);<br>• hvettu til þverfaglegrar „kortlagningar“ til að komast að því hvað hægt er að læra um lýðræði og mannréttindi í þeim námsgreinum sem kenndar eru í skólanum. Ræddu við samkennarana um það hvernig nám nemenda á þessu sviði er metið. Reyndu að fá alla til að vinna saman að þessu. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Námsáætlanir eru með vel skilgreindum viðmiðum um árangur. Nemendur taka fullan þátt í námsmatinu, árangur þeirra er skilgreindur og þeim er hrósað. Vinna þeirra er metin með leiðsagnarmati svo að þeir geti byggt á þekkingu sinni, færni og þátttöku í síðari vinnu eða verkefnum. Þú áttar þig á því að nemendur eiga að taka fullan þátt í matsferlinu.* | Reyndu þetta:<br><br>• aflaðu þér frekari þekkingar á mismunandi námsstíl nemenda. Komdu einhverjum hugmyndum um þetta að í sjálfsmatinu (til dæmis notkun tungumálsins og orða; notkun mynstra og rökleiðslu; að sjá fyrir sér myndir; að hreyfa sig þegar verið er að hugsa út hluti; tjáningu tilfinninga eða myndrænum útskýringum; beitingu íhugunar eða skynjunar);<br>• láttu nemendur taka þátt í að þróa matsaðferðir sem lagaðar eru að niðurstöðum námsins;<br>• gerðu nemendum kleift að endurskoða/bæta verkefni sín eftir að farið hefur verið yfir þau og ræddu við þá um leiðir til framfara;<br>• skipuleggðu jafningjanám í nýstárlegum matsaðferðum með samkennurum þínum. |

# 6. Flokkur C: Nám og kennsla í þágu MLB/MRM sem byggist á samvinnu og samfélagslegri þátttöku

## 6.1 Stutt yfirlit og fræðileg undirstaða

Í heilbrigðu fjölmenningarsamfélagi fara fram umræður og fólk á lýðræðisleg samskipti, óháð félagslegum og menningarlegum bakgrunni. Skólar eru stofnanir sem geta brúað bil og rutt úr vegi hindrunum í samfélögum þar sem ungt fólk lifir „hlið við hlið“. Eigi samfélagsþegnar að lifa saman án aðgreiningar er afar mikilvægt að jákvæð og virk afstaða gagnvart fordómaleysi og mannréttindum sé ríkjandi. Ganga skal út frá aðstæðum í skólastarfi á hverjum stað. Þar sem skólarnir eru þær lykilstofnanir sem skapa samheldni í samfélaginu er hætta á málamyndaaðgerðum í stað hagnýtra lausna, að um yfirborðsklór verði að ræða í stað þess að allir möguleikar séu skoðaðir, nema þeir byggi fræðslu sína um fjölbreytileika á aðstæðum á hverjum stað. „Breytingaaðgerðir“ skulu vera eðlilegur hluti af starfi kennara en ekki fátíð undantekningartilvik.

Í þessum hæfniflokki fer lýðræðis- og mannréttindanámið einnig fram utan veggja skólastofunnar. Hér er þeirri spurningu svarað hverja sé hægt að fá til samstarfs. Ekki er líklegt að starf ungmenna í þágu lýðræðis og mannréttinda skili árangri nema þau séu upplýst um tilganginn með því. Grundvallarspurningarnar í þessum flokki eru því eftirfarandi:

- Hvers konar hugsunarháttur og færni í meðferð upplýsinga eru lykilforsenda virkrar þátttöku?
- Hvers konar verkefni eru heppilegust fyrir ungt fólk sem vill vinna að breytingum í samfélaginu?
- Hvernig geta kennarar unnið með utanaðkomandi aðilum að því að ungt fólk geti lagt þeim málstað lið sem vekur áhuga þess?
- Hvers vegna og hvernig stillum við upp verkefnum um málefni á borð við fordóma, mismunun og kynþáttahyggju?

Þessir hæfniþættir tengjast mjög hæfniþætti nr. 8 þar sem lögð er áhersla á baráttu nemenda fyrir breytingum, sem stundum snýst þá um umdeild málefni, og leit að svörum við spurningum er meginatriðið:

- Hvers konar þjóðfélagi lifum við í?
- Í hvers konar þjóðfélagi og heimi viljum við búa til framtíðar?
- Hvað get ég, ásamt öðrum, gert til að breyta hlutunum þannig að heimurinn verði betri?

**Hæfniþáttur nr. 10: námsumhverfi sem stuðlar að notkun ýmiss konar heimilda**

Námsumhverfi sem gerir nemendum kleift að greina á gagnrýninn hátt pólitísk, siðferðileg, félagsleg og menningarleg málefni,vandamál eða viðburði, sem efst eru á baugi hverju sinni og nýta sér ýmsar upplýsingar, svo sem fjölmiðlaumfjöllun, tölfræðileg gögn og gagnagrunna á netinu.

**Hæfniþáttur nr. 11: samvinna við viðeigandi aðila í samfélaginu**

Samvinna við viðeigandi aðila (svo sem samfélagsstofnanir, frjáls félagasamtök eða kjörna fulltrúa) til að skipuleggja og útfæra ýmsa möguleika á því að nemendur geti unnið að lýðræðislegum málefnum í samfélaginu.

**Hæfniþáttur nr. 12: aðferðir til að takast á við hvers kyns mismunun**

Aðferðir til að takast á við hvers kyns fordóma og mismunun og vinna gegn kynþáttahyggju.

**6. tafla: Flokkur C – Nám og kennslustarf í þágu MLB/MRM sem byggist á samvinnu og samfélagslegri þátttöku**

## Fræðilegur bakgrunnur

Kennarar ættu að líta á MLB/MRM í víðara samhengi sem menntun í virkri þátttöku í samfélaginu. Samkvæmt þeirri hugsjón Deweys[31] að „skólar skuli vera staðir þar sem lýðræði ríkir" ættu kennarar að leitast við að skapa nemendum tækifæri til að móta viðhorf sín og hegðun sem samfélagsþegnar með því að vinna að verkefnum jafnt innan skólans sem utan. Megintilgangurinn með þessum víðari skilningi á náminu er að hvetja nemendur til að nota það sem þeir hafa lært um lýðræði og mannréttindi og beita þekkingu sinni og félagslegri færni með því að taka virkan þátt í hagnýtu starfi. Kennarar þurfa að vera færir um að hafa umsjón með og styðja ýmiss konar samstarfsverkefni (til dæmis þátttöku í nemendaráði, samstarfsverkefni nemenda og foreldra, samfélagsverkefni og þátttökunám) í skólanum.

Mest um vert er að skapað sé námsumhverfi sem hvetur nemendur til að nýta sér ýmsar heimildir og finna, greina og nota upplýsingar þar sem þeir sem þegnar í samfélaginu þurfa að geta áttað sig á stefnu hins opinbera og fjölmiðlaumfjöllun um málefni líðandi stundar út frá bestu vitneskju. Í ýmsum námsgreinum er lögð áhersla á að nemendur læri að vinna úr upplýsingum, þar á meðal að afla gagna, greina þau á gagnrýninn hátt, gera samanburðargreiningu, líta á mál frá mörgum hliðum o.s.frv. Netið, fjölmiðlar, bækur, sjónvarp og kvikmyndaiðnaðurinn bjóða upp á gnægð efnis sem hvetja ætti nemendur til að taka pólitísk, siðferðileg, félagsleg og menningarleg málefni sem efst eru á baugi til skoðunar. Allir greinakennarar þurfa þannig að gera sér grein fyrir því að með því að gera ráð fyrir slíku nemendastarfi í áætlunum sínum og kennsluferli eru þeir að stuðla að raunverulegri færni á sviði MLB/MRM. Alls kyns fjölmiðlar, tölfræðileg gögn og gagnagrunnar á netinu bjóða upp á margvíslega möguleika á æfingum í skólastofunni. Ef ungt fólk vill rökstyðja skoðanir sínar eða, til að brydda upp á einhverju nýju, finna staðreyndir og dæmi og nota slíkt á eins skilvirkan hátt og unnt er, þá er mikilvægt að það treysti sér til að vinna úr upplýsingum.

Samvinna milli viðeigandi aðila í samfélaginu tekur til virkrar þátttöku þegnanna í verkefnum innan sveitarfélaga, á landsvísu eða í alþjóðlegu samhengi, sem og áætlana um samfélagsþátttöku þar sem ungt fólk fær tækifæri til að láta gott af sér leiða. Nám ungs fólks um lýðræðis- og mannréttindamál nær út fyrir formleg mörk skólastofunnar. Nemendur læra einnig hvernig þeir geta orðið virkir í samfélaginu ef komið er á tengslum milli skólans og ýmissa utanaðkomandi aðila. Því er mikilvægt að kennaramenntun á þessu sviði geri kennara sérhæfða í að skipuleggja þennan hluta námsins. Skólar geta stundum verið einangraðir staðir þegar kemur að starfsaðferðum. Með þeirri hugmynd að höfð sé samvinna og bryddað sé upp á nýjungum í kennsluháttum verður að segja skilið við hefðbundnar hugmyndir um nám þar sem kennarinn skipuleggur, kennir og fer yfir námsefnið. Það er engum vafa undirorpið að nám um lýðræði og mannréttindi verður mun skilvirkara ef hægt er að víkja frá ríkjandi starfsháttum í skólum. Ungt fólk þarf að þroska með sér það sem Henry Giroux[32] hefur kallað „að sjá opnar dyr alls staðar" til að upplifa sig sem boðbera breytinga. Kennarar þurfa að fá nemendur til að sjá fyrir sér bjartari framtíð, bæði innan eigin samfélags og á heimsvísu og benda þeim á leiðir (þekkingu, leikni og sjálfstraust) til að vinna smám saman að því að sú framtíð verði að veruleika.

Með náms- og kennsluaðferðum þar sem sett eru í forgrunn verkefni sem ungu fólki finnst það eiga hlutdeild í með þátttöku sinni er ljóst að verið er að fjárfesta í framtíðinni á félagslegu sviði.

31. Dewey, J., *Democracy and education*, NY Free Press (1916), 1966. Einnig fáanleg hjá Google books: http://books.google.com. Samkvæmt kenningum Deweys er meginhlutverk almennra skóla að byggja upp lýðræðislegt samfélag. Hann heldur því fram að almennir skólar eigi ekki einungis að þjóna almenningi, heldur „skapa almenning" með sameiginleg gildi, hugmyndir og færni sem stuðla að vexti og viðgangi lýðræðisins. Í þessu tilliti eru almennir skólar og lýðræðislegt samfélag eitt og hið sama.
32. Giroux, H., *Ideology culture and the process of schooling*, Temple University Press, Philadelphia/Falmer Press, London, 1981.

Til þess að til raunverulegra breytinga komi þurfa skólar og nemendur undantekningarlaust að vinna með ýmsum aðilum og eiga samskipti við þá, byggja upp „samfélag“ og fá eins marga aðila úti í þjóðfélaginu til liðs við sig í námsferlinu og þörf krefur: foreldra, fjölskyldur, frjáls félagasamtök og samfélagsstofnanir, kirkjur, hagsmunahópa, fulltrúa hins opinbera, kjörna embættismenn, fjölmiðlafræðinga, sveitarstjórnir o.s.frv.

Til eru rannsóknargögn sem styðja þessa aðferð:

- þróun lýðræðislegrar borgaravitundar, með því að tengja saman skóla og samfélag, getur dregið úr samfélagslegum vandamálum og stuðlað að félagslegri samheldni, til dæmis með því að hvetja til samstarfs og þátttöku á sviði MLB/MRM.[33]
- þátttökunám[34] sem sérstök leið til að skapa tengsl milli skóla og samfélags hefur jákvæð áhrif á þroska nemenda á ýmsum sviðum, svo sem:
  - persónulega og félagslega ábyrgð nemenda;
  - þroska nemenda hvað varðar mannleg samskipti og hæfnina til að tengjast fólki frá ýmsum menningarheimum: þeir njóta þess að hjálpa öðrum, mynda tengsl við fleira fullorðið fólk og uppgötva að þeir geta unnið með öldruðum og fötluðum;
  - tilfinningu nemenda fyrir borgaralegri og félagslegri ábyrgð og hæfni þeirra sem samfélagsþegnar: framhaldsskólanemendur öðlast betri skilning á sögulegu og félagslegu samhengi, þeir velta fyrir sér stjórnmálum og siðferði í samfélaginu, þeir íhuga hvernig hægt sé að breyta þjóðfélaginu. Þeir vilja verða virkir þátttakendur í stjórnmálum;
  - þátttökunám hefur áhrif á þá aðila úti í samfélaginu sem taka þátt í starfi skólanna: þeir fara að líta á ungt fólk sem dýrmæta auðlind í samfélaginu.
- aðrar rannsóknir á þátttökunámi benda til þess að það sé mjög góð reynsla sem geri nemendum kleift að átta sig betur á því um hvað lýðræðisleg borgaravitund snýst, samhliða því að þeir leggja sitt af mörkum til samfélagsins og koma til móts við raunverulegar þarfir þess.[35]

Mikilvægt er að átta sig á því að sumir skólar eru með forskot á aðra þegar litið er til samfélagsþátttöku í þágu lýðræðis og mannréttinda. Ein augljós áhætta þegar um félagslegan auð er að ræða, eins og á við um allt auðmagn, er að því stærri sem höfuðstóllinn er í upphafi, þeim mun meiri möguleikar eru á því að stækka hann.[36] Skólar þjóna ef til vill ekki einu samfélagi, í raun þjóna þeir nokkrum brotakenndum og ólíkum samfélagshópum. Kennarar verða að sætta sig við að taka stundum lítil en örugg skref til að framfarir verði á þessu sviði.

Kenna ætti aðferðir til að takast á við hvers kyns mismunun til að nemendur átti sig á því um hve flókið mál er að ræða. Í öllum námsáætlunum, þar sem leitast er við að auka pólitískt læsi samfélagsþegnanna, er því mikilvægt að gerð sé grein fyrir kynþáttahyggju og öðrum fordómum, sem og mismunun, svo sem vegna kynferðis, samkynhneigðar eða trúarbragða, og á hvern hátt slíkt getur í sameiningu grafið undan lýðræðinu. Nemendur þurfa að átta sig á því að málfrelsi er ekki sjálfsagður hlutur. Athugasemdir sem kynda undir gyðingahatri eða kynþáttafordómum eiga ekki heima í skólum, og skólum ber lögbundin skylda til að fylgjast með, skrá og bregðast við slíkum tilvikum. Viðurkennt er í alþjóðareglum Sameinuðu þjóðanna og stefnu stjórnvalda í Evrópu og á

33. Evrópuráðið, „Learning and living democracy. Concept paper“, Ad hoc Committee of Experts for the European Year of Citizenship through Education, CAHCIT, Evrópuráðið, Strassborg, 2005.
34. Billig, S. og Shelley, H., *Research on K-12 school-based service-learning. The evidence builds.* PhiDelta Kappan, Science Education, Bloomington, í rannsókn sem kostuð var af Carnegie Corporation í New York og CIRCLE (Center for Information and Research on Civic Learning and Engagement), 2000.
35. Sama rit.
36. Zacharakis-Jutz, J. og Flora, J., „Issues and experiences using participatory research to strengthen social capital in community development“, í Armstrong, P., Millerm, N. og Zukas, M. (ritstj.), *Crossing borders, breaking boundaries*, University of London, 1997.

landsvísu að kynþáttafordómar séu meðal þeirra afla sem takmarka borgaraleg réttindi minnihlutahópa og grafa undan lögmálum lýðræðisins. Í 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1989) segir: „Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar ... en þó aðeins að því marki sem mælt er fyrir í lögum og er nauðsynlegt a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra.“[37] Í Mannréttindasáttmála Evrópu (1950) segir í 1. og 2. málsgrein 10. greinar að 1. „Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis ... 2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim ... skilyrðum ... sem ... nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.“[38]

Skólar eru staðir þar sem skapa skal skilning milli samfélagshópa og berjast gegn umburðarleysi og trúarofstæki. Menntun gegnir mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn fordómum, skapar skilning milli einstaklinga og samfélaga, eflir minnihlutahópa og hvetur til opinnar og kurteislegrar umræðu. Þar sem fræðslu um mannréttindi og lýðræði er fylgt eftir af alvöru skal sjá til þess að nemendur öðlist þekkingu og hæfni til að takast á við kynþáttafordóma sem andlýðræðislegt afl, og geri sér grein fyrir hinum undirliggjandi áhrifum kynþáttafordóma, gyðingahaturs og mismununar í samfélaginu, sem og hinum efnahagslegu og pólitísku áhrifum. Verkefni af því tagi ætti einnig að gera öllu ungu fólki kleift að þróa með sér sjálfsmynd sem traustir og sjálfsöruggir samfélagsþegnar: „Ungir samfélagsþegnar með sterka sjálfsmynd verða í sterkri stöðu til að takast á við hinar stöðluðu hugmyndir um minnihlutahópa sem stuðla að mismunun.“[39]

Rannsóknir benda til þess að þegar kemur að fræðslu um umdeild málefni, svo sem um mismunun og kynþáttafordóma, þá líti kennarar almennt fram hjá þeim. Sem dæmi má nefna að í ítarlegri umfjöllun sinni um hvernig skóli einn á Norður-Írlandi stóð fyrir fræðslu um gagnkvæman skilning manna á milli sýndi Donnelly[40] fram á eftirfarandi: „Meðal flestra kennara fer fram „gagnrýnið val“ sem í senn endurspeglar og veldur „umræðuflótta“, þar sem forðast er að takast á við pólitísk eða trúarleg átakamál í stað þess að rannsaka þau.“ Skólar ættu að vera í stakk búnir til að þar sé fjallað um umdeild málefni úr fréttum, svo sem málefni innflytjenda og aðlögun aðfluttra samfélagshópa. „Öllum skólum ber skylda til að fjalla um málefni á borð við það „hvernig við lifum saman í sátt og samlyndi“ og „hvernig tekist er á við fjölbreytileika“, hversu erfið eða umdeild sem þau virðast vera.“[41]

Lýðræðis- og mannréttindamenntun er því afar mikilvægur liður í því að þekking og hæfni til samfélagslegrar þátttöku nái fótfestu, sjálfsmynd sé sameiginleg og að óhætt sé að vera öðruvísi en aðrir. Fræðsla um alþjóðlega borgaravitund er forsenda.[42]42 Mikilvægt er að ungt fólk geti upprætt landlæga þröngsýni þegar það fær fræðslu um sjálfsmynd og fjölbreytileika og farið að hugsa um mannréttindi út frá alþjóðlegu sjónarmiði. Brýnt er að leggja áherslu á mannréttindi því að í þeim felst sú grundvallarhugmynd að kúgunar kunni jafnvel að gæta þar sem stjórnarhættir eru lýðræðislegir, einkum gagnvart minnihlutahópum. Í mannréttindagildum og alþjóðlegum lögum og reglum eru þau sjónarmið ríkjandi sem ganga má út frá við gagnrýnið mat á raunverulegu jafnrétti innan þjóðfélagsins.

Upplagt er að finna (ef til vill með aðstoð nemendaráðs) verkefni úr daglegu lífi sem geta stuðlað að samheldni í samfélaginu og leitt til þess að viðburðir á borð við sýningar, herferðir og umræður fari fram, þar sem ekki aðeins skólinn heldur einnig samfélagið allt tekur þátt í að kanna „hver við erum“.

37. Sjá: *www.unesco.org/education/pdf/CHILD_E.PDF*.
38. Sjá: *www.hri.org/docs/ECHR50.html#C.Art10*.
39. Osler, A., „The Crick report: difference, equality and racial justice“, *Curriculum Journal*, Vol. 11(1), 2000, bls. 25–37.
40. Donnelly, C., „What price harmony? Teachers' methods of delivering an ethos of tolerance and respect for diversity in an integrated school in Northern Ireland“, *Educational Research*, Vol. 46 (1), 2004, bls. 3–16.
41. Ajegbo, K., *Curriculum review: diversity and citizenship*, DfES, 2007.
42. Um hugtakið „alþjóðleg borgaravitund“ sjá Held, D., „Democracy and the new international order“, í Achibugi, D. og Held, D (ritstj.), *Cosmopolitan democracy*, Polity Press, Cambridge, 1995; Osler, A. og Starkey, H., „Learning for cosmopolitan citizenship: theoretical debates and young people's experiences“, *Educational Review*, Vol. 55 (3), 2003, bls. 243–254.

## 6.2 Hæfniþáttur nr. 10:

**Hæfniþáttur nr. 10: námsumhverfi sem stuðlar að notkun ýmiss konar heimilda**

Námsumhverfi sem gerir nemendum kleift að greina pólitísk, siðferðileg, félagsleg og menningarleg málefni sem og vandamál eða viðburði á gagnrýninn hátt með því að nýta sér upplýsingar úr ýmsum áttum, svo sem fjölmiðlaumfjöllun, tölfræðileg gögn og gagnagrunna á netinu.

### 6.2.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

➜ standa fyrir gagnasöfnun í sinni faggrein til að geta rökstutt að það vanti verkefni á sviði MLB/MRM. Dæmi:

- sögukennarar geta beðið nemendur að finna upplýsingar um ólýðræðisleg þjóðfélög fyrri tíma í ýmsum heimildum. Gögnin sem safnað er og niðurstöðurnar sem komist er að má síðan bera saman við aðstæður í heiminum í dag;
- landafræðikennarar geta beðið nemendur að safna gögnum um mengun eða sóun auðlinda og fjallað síðan um framtíðarhorfur varðandi sjálfbærni á heimsvísu, og gætt umræðurnar ábyrgðartilfinningu og siðferðilegu viðhorfi gagnvart neysluhyggju;
- þeir sem kenna tónlist og aðrar listgreinar geta notað menningararfinn og áhrif listsköpunar til að stuðla að samkennd.

➜ gera nemendur færa um að greina og fjalla um þá hlið fjölmiðla sem stuðlar að aukinni þekkingu og hæfni á sviði MLB/MRM. Dæmi: greina auglýsingar og áhrif þeirra; skoða ólíka fréttaumfjöllun í ýmsum miðlum; frelsi fjölmiðla, hvernig sjónvarpið getur verið skoðanamyndandi og hvernig fjölmiðlar og skoðanakannanir geta haft áhrif á kosningar í lýðræðisríkjum;

➜ skapa nemendum möguleika á að skoða bæði kosti og galla tölfræðilegra gagna;

- kostir: tölfræðilegar vísbendingar, sem rannsaka skal jafn vandlega og aðrar vísbendingar, eru meðal þess sem skapar grundvöllinn fyrir umræður og rökstuðning. Tölfræðileg gögn geta gefið skýra, óháða og rétta mynd af því sem fram fer í opinberu lífi; stjórnvöld, bæði innan sveitarfélaga og á landsvísu, nota tölfræðileg gögn við stefnumótun og hið opinbera gefur reglulega út tölfræðiyfirlit til að mæla hvort framfarir hafi átt sér stað á tilteknum sviðum. Þrýstihópar styðjast einnig við tölfræðileg gögn í rökstuðningi sínum;
- gallar: gæði tölfræðilegra gagna fara eftir því hversu nákvæmum aðferðum er beitt við öflun og framsetningu upplýsinga; hvernig spurninga er spurt og eftir áreiðanleika þess sem veitir upplýsingarnar. Tölfræðileg gögn geta verið búin til af ófyrirleitnum, pólitískum stjórnvöldum eða „spunnin upp“ í lýðræðislegu stjórnarfyrirkomulagi. Þau eru hlutdræg og/eða útvalin; erfitt er að mæla magn sumra hluta.

➜ nota upplýsingatækni á skilvirkan hátt til að auka þekkingu og hæfni nemenda:

- þannig er hægt að rannsaka og greina félagsleg og pólitísk málefni líðandi stundar til hlítar;
- upplýsingarnar eru ekki meðhöndlaðar á hlutlausan hátt – heldur er um skipulega rannsókn að ræða. Nemendur nýta upplýsingarnar í tengslum við það sem þeir eru að skoða;
- möguleikar á að geta „gert gagn“ og sannfært aðra eru hluti af verkefnavinnu og hópstarfi þar sem allir leggja sitt af mörkum;
- nemendur setja hugmyndir sínar fram á gagnrýninn og skapandi hátt.

## 6.2.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 10: námsumhverfi sem stuðlar að notkun ýmiss konar heimilda | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú hefur ekki hugleitt hvernig ýmsir fjölmiðlar, tölfræðileg gögn og upplýsingatækni geta nýst þér í kennslustarfinu sem heimild, aðferð eða viðfangsefni. Þú hefur ekki velt því fyrir þér hvernig nýta mætti slíkan efnivið í kennslustarfinu til umfjöllunar um málefni sem lúta að mannréttindum og lýðræði. Þér finnst þú ekki vera í stakk búin(n) til að nota fjölmiðla, tölfræðileg gögn og upplýsingatækni við kennslu.* | Reyndu þetta:<br><br>• byrjaðu á því að finna viðeigandi heimildir í fjölmiðlum, tölfræðilegum gögnum og á netinu (dagblöð, tímarit, fréttabréf, skýrslur, útsenda þætti, vefsvæði o.s.frv.) til stuðnings því námsefni sem fyrir hendi er;<br>• gættu þess að þú hafir aðferðirnar við að nota þennan efnivið á valdi þínu og farðu á námskeið til að tileinka þér þær, ef þörf krefur;<br>• ráðfærðu þig við samstarfsfólk þitt og leitaðu uppi nýjar hugmyndir;<br>• skoðaðu vel efnið sem þú hefur aflað þér. Hvernig passar það inn í námsefnið? Hvernig getur það aukið færni nemenda til að rannsaka og greina málefni líðandi stundar? |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þér er ljóst hvernig fjölmiðlar, tölfræðileg gögn og upplýsingatækni geta gagnast þér í kennslustarfinu. Þú finnur eitthvert áhugavert efni og skipuleggur starfið innan skólastofunnar. Þetta er bara byrjunin og þú veist ekki hvernig tekist hefur til við að auka hæfni nemenda í að rannsaka og greina hlutina.* | Reyndu þetta:<br><br>• þegar þú skipuleggur kennsluna skaltu gera ráð fyrir notkun fjölmiðla, tölfræðilegra gagna eða upplýsingatækni í kennsluáætluninni og gerðu ítarlega grein fyrir markmiðum þínum með því;<br>• gættu þess að þú sért með nægilegt efni fyrir hvern nemanda eða hóp;<br>• útbúðu skýrar leiðbeiningar (vinnublöð, verkefni, minnislista o.s.frv.) fyrir nemendur;<br>• kenndu eina kennslustund og leggðu mat á hvernig til tókst með því að nota vinnu nemenda sem lykilvísbendingu;<br>• fáðu nemendur til að segja hinum í bekknum hvað þeir lærðu á þessu. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú hefur fundið út hvernig þú getur notað fjölmiðla, tölfræðileg gögn og upplýsingatækni á kerfisbundinn hátt í kennslustarfinu og til að tengja viðfangsefni mannréttindum og lýðræði. Þú nýtir þér þetta oft, stundum óbeint, til að átta þig á hvernig nemendum miðar áfram. Skírskotunin til mannréttinda og lýðræðis er ef til vill ennþá tilviljanakennt viðfangsefni en ekki efni sem „kafað er í“.* | Reyndu þetta:<br><br>• gefðu nemendum frjálsari hendur við að skipuleggja hvernig þeir nýta sér fjölmiðla, tölfræðileg gögn og upplýsingatækni í námi sínu. Reyndu að fjalla um efni sem nemendum finnst áhugavert til að fá þá til að taka sem mestan þátt í tímunum;<br>• vertu í samstarfi við samkennara þína. Hvettu þá til að koma á teymisvinnu milli ýmissa fagkennara til að markmiðum með MLB/MRM verði náð og til að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum innan skólans;<br>• fáðu stöðugt endurgjöf á kennsluaðferðir þínar (ef til vill með sjálfsmati eða jafningjamati). |
| **4. skref (langt komin(n))**<br><br>*Notkun fjölmiðla, tölfræðilegra gagna og upplýsingatækni í kennslustarfinu – með skírskotun til málefna og gilda á sviði mannréttinda og lýðræðis – er orðin eðlilegur og fastur liður í starfi þínu.* | **Reyndu þetta:**<br><br>• sjáðu til þess að nemendur þínir verði ekki einungis notendur fjölmiðla og upplýsingatækni heldur höfundar og framleiðendur upplýsingaefnis;<br>• hvettu þá til að auka hæfni sína til að afla einhverjum málstað sem þá varðar fylgis og til að nota upplýsingar og ýmis vopn til að rökstyðja mál sitt;<br>• deildu þekkingu þinni og færni með samkennurum þínum. |

## 6.3 Hæfniþáttur nr. 11:

**Hæfniþáttur nr. 11: samvinna við viðeigandi aðila í samfélaginu**

Samvinna við viðeigandi aðila (svo sem samfélagsstofnanir, frjáls félagasamtök eða sjálfboðaliða) til að skipuleggja og útfæra ýmsa möguleika á því að nemendur geti unnið að lýðræðislegum málefnum í samfélaginu.

### 6.3.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

- ➜ geta komið á tengslum við samfélagshópa og fundið viðeigandi og áhugasama samstarfsaðila sem eru sammála um gagnkvæman ávinning og starfa á skipulegan hátt;
- ➜ geta byggt upp og aukið samvinnu við samstarfsaðila (foreldra, fjölskyldur, frjáls félagasamtök og samfélagsstofnanir, kirkjur, hagsmunahópa, fulltrúa hins opinbera, kjörna embættismenn, fjölmiðlafræðinga, sveitarstjórnir, bókasöfn og önnur söfn o.s.frv.) sem hafa sömu framtíðarsýn og setja sér markmið. Meginreglur skóla/samfélagshópa sem vinna saman byggjast á eftirfarandi atriðum: jafnrétti og gagnkvæmri virðingu; starfið einkennist af samlögun og sé nemendamiðað, skýrri framtíðarsýn og markmiðum, hreinskilni, staðið sé við skuldbindingar, vilji sé til að leita nýrra leiða og raunsætt mat lagt á hvað hægt sé að gera;
- ➜ eru vakandi fyrir því að jafnvægi ríki í náminu; mikilvægt er að fylgjast með hvers eðlis samskipti þeirra við nemendur eru til að komist verði hjá því að „ósamstillt innræting einhliða sjónarmiða af hálfu þeirra sem telja sig hafa á réttu að standa“ eigi sér stað;[43]
- ➜ geta lagt fram ýmsar „breytingatillögur“ sem auka í senn færni og þekkingu nemenda í tengslum við lýðræðislega borgaravitund og koma samfélaginu til góða. Dæmi:
  - skrifa og/eða kynna dæmi um vandamál fyrir öðrum; koma skoðunum sínum á framfæri opinberlega í fréttabréfi, á vefsvæði eða öðrum miðli;
  - stýra viðræðum, atkvæðagreiðslu eða kosningum; leggja sitt af mörkum til stefnumótunar innan nærsamfélagsins/sveitarfélagsins;
  - skipuleggja fund, ráðstefnu, umræður eða rökræður; kynna sjónarmið annarra (til dæmis hjá samtökum/stofnun, á fundi eða öðrum vettvangi);
  - setja fram eða endurskoða stefnumál innan stofnana;
  - skipuleggja og standa að sýningu, herferð eða einhverjum viðburði (til dæmis leiksýningu, veislu eða opnum degi);
  - stofna til og taka þátt í aðgerðahóp eða netsamstarfi;[44]
- ➜ geta stýrt þátttöku utanaðkomandi aðila, til dæmis gripið inn í þegar utanaðkomandi einstaklingar „prédika“ stöðugt yfir ungu fólki. Kennarar þurfa að gæta þess að hinir fullorðnu í skólastofunni geri sér grein fyrir því hvert hlutverk þeirra er og hvernig þeir geta lagt eitthvað af mörkum;
- ➜ geta skoðað og metið í sameiningu hvernig eitthvert samstarfsverkefni hefur gengið, spurt nemendur álits; fengið hugmyndir um hvernig greina megi foreldrum og öðrum aðilum frá starfi nemenda í fréttabréfum, með kynningum, á vefsvæðum o.s.frv., og sýnt fram á hvernig vinna má saman að málum í framtíðinni.

43. Gearon, L., „NGOs and education: some tentative considerations“, *Reflecting Education*, bls. 17, 2. október 2006.
44. Hugmyndir á lista frá QCA, *Play your part: post-16 citizenship*, QCA, London, 2004.

## 6.3.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 11: samvinna við viðeigandi aðila í samfélaginu | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Lítið sem ekkert er leitað til utanaðkomandi aðila í tengslum við skólastarfið. Einn og einn aðili með sértæka þekkingu er fenginn í heimsókn. Foreldrar og samfélagið almennt hafa yfirleitt ekki hugmynd um hvernig staðið er að fræðslu um lýðræðis- og mannréttindamál í skólanum. Ekki hefur komið til tals að setja upp síðu um slíkt nám á vefsvæði skólans sem er öllum opið.* | Reyndu þetta:<br><br>• leitaðu uppi einhverja bandamenn sem vilja gjarnan vinna með nemendum í skólanum (til dæmis foreldra sem tengjast frjálsum félagasamtökum eða þrýstihópum; fulltrúa stofnana sem vinna að menntamálum og bæjarfulltrúa);<br>• komdu á fót einu eða tveimur verkefnum sem fela í sér „breytingartillögu“ og/eða hvettu nemendur til að „gera gagn“ á einhverju sviði sem þeir hafa áhuga á. Leggðu mat á árangurinn;<br>• leitastu við að koma á einhverri stefnu um það hvernig utanaðkomandi aðilar geta komið að starfinu. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Leitað er í einhverjum mæli til stofnana innan sveitarfélaga og á landsvísu um stuðning við skólastarfið. Lítillega er leitað til fulltrúa hins opinbera um stuðning við starf á þessu sviði. Getið er um MLB/MRM í fréttablaði skólans sem sent er foreldrum og ýmsum öðrum í samfélaginu. Skólinn er með vefsvæði þar sem ein síða er tileinkuð mannréttindum og lýðræði.* | Reyndu þetta:<br><br>• leitastu við að auka samskipti við tiltekna samfélagshópa eða frjáls félagasamtök sem styrkja verkefni á sviði MLB/MRM – til dæmis með því að komist sé að samkomulagi um framtíðarsýn og ný markmið séu sett á ári hverju;<br>• ræddu við foreldra til að fá fram hvaða málefni brenna á fólki innan sveitarfélagsins, snúðu þér síðan að því að finna þá aðila sem geta leyst vandann;<br>• starfaðu með samkennurum þínum að því að kortleggja að hve miklu leyti skólinn er í samstarfi við utanaðkomandi aðila hvað varðar málefni og möguleika á sviði MLB/MRM;<br>• fjölgaðu kynningarfundum með aðilum frá hinu opinbera eða frjálsum félagasamtökum til að nemendur líti ekki á þátttöku slíkra aðila sem einstakar uppákomur heldur sem hluta af námsferlinu. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þar sem kortlagt/endurskoðað hefur verið hvað samfélagið hefur fram að færa er auðveldara að skipuleggja starf á sviði MLB/MRM. Utanaðkomandi aðilar fá skýrar leiðbeiningar um hvert hlutverk þeirra er. Samskipti í tengslum við verkefni eru stöðugt í gangi. Niðurstöður verkefna og árangur nemenda er birtur (og þýddur, ef þörf krefur) á vefsvæði skólans og foreldrar fá gögn um slíkt afhent, til dæmis á foreldrafundum.* | Reyndu þetta:<br><br>• fjölgaðu þeim boðleiðum þar sem þú gerir grein fyrir og staðfestir að lýðræðis- og mannréttindamenntun sé á dagskrá og gerðu foreldrum og öðrum áhugasömum aðilum grein fyrir því hvað í henni felst;<br>• upplýstu helstu aðila í samfélaginu um þær framfarir sem hafa átt sér stað í skólanum og/eða skólastofunni á sviði mannréttinda og lýðræðis, bæði í fréttabréfum og með því að koma upplýsingum um árangur nemanda til fjölmiðla, á heimasíðu skólans eða til annarra miðla;<br>• finndu leiðir til að nemendur fái enn frekari reynslu og innsýn í málefni af þessu tagi með meiri þátttöku frjálsra félagasamtaka í skólastarfinu – til dæmis með því að fá fulltrúa frá umhverfisstofnun, góðgerðarsamtökum, þrýstihópum eða alþjóðlegum samtökum til að ræða við þá. Reyndu að kynda undir (óljósum) hugsjónum nemenda. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Utanaðkomandi aðilar skipuleggja, styðja og hefja starf á sviði mannréttinda og lýðræðis í skólanum í góðu samstarfi við aðila þar. Öll fréttamiðlun er í höndum nemenda – sem veita foreldrum sínum og öðrum í samfélaginu upplýsingar og gögn um starfið.* | Reyndu þetta:<br><br>• allt samfélagið nýtur góðs af velgengni skólans. Settu í gang verkefni sem gera nemendum kleift að starfa með ýmsum aðilum úti í samfélaginu að því að bæta aðstöðu fyrir ungt fólk (til dæmis hvað varðar tómstundastarf, samgöngur og umhverfismál);<br>• haltu áfram að endurskoða og meta samstarf og hugsanlega möguleika á fleiri verkefnum;<br>• aðstoðaðu nemendur við fjáröflun til að þeir geti skipulagt herferðir og aðra viðburði;<br>• leitaðu leiða til að nemendur geti í auknum mæli stýrt verkefnum sínum sjálfir, með sem minnstri aðkomu kennara/fullorðinna. |

## 6.4 Hæfniþáttur nr. 12:

**Hæfniþáttur nr. 12: aðferðir til að takast á við hvers kyns mismunun**

Aðferðir til að takast á við hvers kyns fordóma og mismunun og vinna gegn kynþáttahyggju.

### 6.4.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna til dæmis að þeir:

➜ geta skapað námsumhverfi þar sem allir taka þátt og framlag allra nemenda er metið að verðleikum, unnið er gegn staðalmyndum og nemendur læra að virða og líta jákvæðum augum á þá sem eru öðruvísi en þeir sjálfir. Þeir eiga frumkvæði að verkefnum þar sem fjölbreytileiki innan skólastofunnar eða skólans kemur sér vel. Dæmi:

- búa til veggspjöld þar sem unnið er með málefni sem tengjast fjölbreytileika;
- draga upp jákvæða mynd af árangri allra hópa;
- velja námsefni með áhugamál, reynsluheim og þarfir nemenda í huga;
- vinna gegn staðalmyndum og hvetja til jákvæðra viðhorfa gagnvart samfélagi þar sem fólk af ýmsum toga leggur sitt af mörkum;
- hvetja til jákvæðra viðhorfa gagnvart tungumálafjölbreytni meðal nemenda;
- sýna sveigjanleika við skipan í hópa svo að nemendur fái tækifæri til að vinna með öðrum nemendum sem hafa annan bakgrunn en þeir sjálfir og eru með aðrar þarfir. Með öðrum orðum: nemendur fái undirbúning undir líf í fjölbreytilegu þjóðfélagi þar sem fólk á gagnvirk samskipti;

➜ gera sér grein fyrir að mismunun, kynþáttafordómar og gyðingahatur getur komið fram á ýmsan hátt. Slíkt kann að koma fram í orðum eða athöfnum sem beinast að einstaklingi eða hóp, hvort sem viðkomandi er á staðnum eða ekki, og felur í sér yfirgang og auðmýkingu, og grefur undan sjálfstrausti og sjálfsvirðingu vegna bakgrunns, þjóðernis, trúarbragða, kyns, kynhneigðar, fötlunar eða útlits. Nefna má:

- svívirðingar, hótanir, niðrandi uppnefni, móðganir, kvenfyrirlitningu, kynþátta- eða gyðingabrandara, „tilviljanakenndar“ athugasemdir í samræðum sem sýna hroka og það að gera grín að siðvenjum annarra menningarhópa (til dæmis matarvenjum, tónlist, trúarbrögðum eða klæðnaði);
- líkamsárásir, áreitni, ögrandi framkomu, svo sem að bera barmmerki sem ber vitni um kynþáttafordóma, og áeggjan um að aðrir sýni fordómafulla hegðun;
- höfnun þess að vinna með öðrum nemendum eða fullorðnum vegna þess að þeir þykja vera öðruvísi en aðrir; koma með hluti í skólann sem bera vitni um kynþáttafordóma;

➜ eru meðvitaðir um að sjálfsmyndir fólks geta verið af ýmsu tagi og tekið breytingum og hvernig við tökumst á við það. Það er öllu ungu fólki mikilvægt að þróa með sér fleiri en eina sjálfsmynd til að geta samsamað persónuleg eða „prívat“ gildi sín þeim gildum sem ríkja í samfélaginu;

➜ þekkja lög og reglur hér á landi sem kveða á um hvernig taka skuli á hegðun sem er óásættanleg og vita hvaða ráðstafanir skólinn gerir ef kynþáttafordómar eða gyðinga-

hatur blossar upp. Þeir þekkja til hlítar grunnreglur skólans – til dæmis „ekki niðurlægja aðra“ eða „ekki vera of nærgöngull“;

- vinna markvisst að jöfnum tækifærum fyrir alla og hafa skilning á því hvernig misrétti getur átt sér stað, bæði innan skólans og utan. Þeir eru meðvitaðir um „valdataflið“ og hvernig kynþáttafordómar, gyðingahatur og hvers kyns mismunun á sér stað í því nútímaþjóðfélagi sem viðheldur hinu efnahagslega og pólitíska valdamynstri. Þeir þróa með sér hæfni til að leiðbeina nemendum við verkefnavinnu þar sem þeim gefst kostur á að sporna gegn ýmiss konar misrétti og taka þátt í verkefnum sem stuðla að samstöðu og skapa þá tilfinningu með fólki að það eigi hlutdeild í og tilheyri samfélaginu.

## 6.4.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 12: aðferðir til að takast á við hvers kyns mismunun (1. hluti) | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þú lítur ekki á vandamál sem tengjast fordómum nemenda og sjónarmiðum þeirra um staðalmyndir eða kynþáttafordóma (beint eða óbeint) sem sérstakt vandamál skólans, kennarans eða nærumhverfisins, eða vilt ekki takast á við þau. Reynt er að komast hjá umræðum um málefni þar sem kynþáttafordóma gæti borið á góma. Þér finnst þú ekki hafa næga þekkingu á menningu og trúarbrögðum annarra og finnst betra að segja ekkert en að valda óviljandi særindum. Lítið er um slíkt efni á námskránni. Það kunna að vera til reglur innan skólans eða í landinu sem kveða á um hvernig vinna skal gegn mismunun og kynþáttamisrétti en þær liggja rykfallnar uppi á hillu. Kennarar hafa fengið litla sem enga menntun á þessu sviði.* | Reyndu þetta:<br><br>• aflaðu þér upplýsinga og fáðu fræðslu um þessi málefni;<br>• lestu bækur um misrétti og mismunun í skólakerfinu; um aðstæður rómafólks í Evrópu og um kynþáttafordóma og gyðingahatur í nútímaþjóðfélögum;<br>• ekki ganga út frá því að fordómar, mismunun og kynþáttahyggja séu ekki vandamál þó að nemendahópur skólans sé tiltölulega einsleitur og ekki séu margir minnihlutahópar þar;<br>• byrjaðu á því að ganga úr skugga um að vinnu- og kennsluáætlun þín veiti nemendum tækifæri til að fjalla um staðalmyndir og gera sér grein fyrir hvað felst í fordómum og mismunun og að fjallað sé um ýmis menningarleg viðhorf;<br>• þróaðu starfshætti sem stuðla að samkennd og skilningi á því hve menning og sjálfsmyndir skipta miklu máli. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Í skólanum er ný jafnréttisstefna sem tekur til allra helstu sviða og starfsemi. Bókum sem innihalda kynþáttafordóma hefur verið úthýst og særandi veggjakrot hefur verið bannað og fjarlægt. Stöðugt er unnið gegn neikvæðum athugasemdum og almennum fullyrðingum um hópa fólks. Starfsfólk skólans, sem fengið hefur tiltekna þjálfun, bregst ávallt á sanngjarnan hátt við uppákomum af þessu tagi. Kennsluefni endurspeglar í auknum mæli fjölbreytileika í samfélaginu og heiminum öllum en gengið er varlega til verks í kennsluháttum og reynt er að forðast ágreining. Þú óttast að almennar grunnreglur gildi ekki í opnum umræðum þegar fjallað er um kynþáttamál. Þú óttast að opnar umræður hvetji eða jafnvel heimili fordómafull sjónarmið sem kunna að vera særandi fyrir suma í bekknum og geta hugsanlega orðið til þess að varasamar skoðanir nái að breiðast út í skólanum.* | Reyndu þetta:<br><br>• sem stendur snýst vinna þín varðandi fordóma og mismunun um að bregðast við aðstæðum í stað þess að vera fyrirbyggjandi; leitaðu eftir jákvæðum leiðum til að auka möguleika nemenda á að fræðast um þessi mál;<br>• ef mögulegt er skaltu hvetja nemendur sem upplifa sjálfa sig og aðra sem öðruvísi til að taka höndum saman;<br>• aflaðu þér fræðslu um kennsluaðferðir þegar um umdeild málefni er að ræða;<br>• aflaðu þér fræðslu um hvernig auka skuli skilning á þvermenningarlegum málefnum. Í þessu samhengi er átt við skilning á jafnrétti einstaklingsins og því hve menningin er í eðli sínu sívirk og hve sjálfsmyndir fólks eru fjölbreytilegar;<br>• gættu þess að námskráin kveði á um framkomu nemenda sín á milli, þar á meðal uppnefni og einelti, og að fjallað sé um slíkt í námsefni sem lýtur að lýðræði. |

| Hæfniþáttur nr. 12: aðferðir til að takast á við hvers kyns mismunun (2. hluti) | |
|---|---|
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Jafnréttisstefna skólans er auðskiljanleg og hentar öllum viðkomandi aðilum. Boðskapur skólans er ávallt sá að fagna skuli fjölbreytileika og að kynþáttafordómar séu bannaðir. Þó að allt starfsfólk skólans hafi ekki enn fengið fræðslu um hvernig breyta megi viðhorfum sínum gagnvart öðrum, þá er í auknum mæli fjallað um gæðamál í starfsnámi.*<br><br>*Lögð er áhersla á alþjóðleg vandamál, reynslu og áhyggjuefni í kennslustarfi og námsefni.* | Reyndu þetta:<br><br>• semdu siðareglur sem stuðla skulu að góðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu; settu þær upp á áberandi stöðum;<br>• veltu fyrir þér hvernig kennsluáætlun þín, úrræði og val á kennsluefni endurspegla námsþarfir allra nemenda í bekknum;<br>• hvettu samkennara þína til að ræða um jafnrétti/jöfn tækifæri og stefnumál þar að lútandi og vinna saman að því að leita lausna; skipuleggðu jafningjafræðslu þar sem stuðst er við ýmiss konar fræðsluefni;<br>• hvettu nemendur til að skoða sérstaklega staðalmyndir í fjölmiðlum, námsefni og dægurmenningu;<br>• komdu jákvæðum ímyndum á framfæri á veggspjöldum, sýningum og útstillingum;<br>• finndu efni og dæmi sem sýna minnihlutahópa í óhefðbundnum hlutverkum;<br>• bjóddu fyrirlesurum, foreldrum eða fulltrúum hins opinbera að taka þátt í vel skipulögðum viðræðum við nemendur um jafnréttismál;<br>• reyndu að knýja fram að allir starfsmenn skólans fái fræðslu um þvermenningarleg málefni. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Gerð hefur verið áætlun um skóla án aðgreiningar. Í jafnréttisstefnunni er skýrt kveðið á um daglegt líf og starf í skólanum, m.a. námskrá hans, siðareglur og starfsreglur og sett fram aðgerðaáætlun í tengslum við hana. Starfsfólk skólans gerir sér grein fyrir því að berjast þarf gegn hvers kyns mismunun og stuðla að jafnrétti allra og það hefur hlotið fræðslu, stuðning og hvatningu til að fylgja því starfi eftir.*<br><br>*Veggspjöld, sýningar og útstillingar bera vitni um fjölbreytileika, þátttöku allra og alþjóðlega borgaravitund og eru settar upp í sameiginlegum rýmum. Unnið er gegn misrétti og félagslegu óréttlæti og rætt um slík málefni.* | Reyndu þetta:<br><br>• fylgstu með og greindu á kerfisbundnari hátt en áður frá tilvikum þar sem um kynþáttafordóma, kynjamisrétti eða mismunun er að ræða og notaðu niðurstöðurnar í þágu stefnumála, námsefnis, atferlismótunar og skipulegrar svörunar frá umhverfinu;<br>• leitaðu uppi aðila í samfélaginu til að vinna með þér að því að koma á fót verkefnum sem ætlað er að styrkja skólann sem skóla án aðgreiningar;<br>• hvettu til þess að fylgst sé með árangri allra nemenda: leggja ætti til að gerðar verði ráðstafanir ef tiltekin hegðunarmynstur koma í ljós;<br>• haltu áfram að bæta starfhætti þína;<br>• fagnaðu velgengni þinni og hinum jákvæðu siðareglum sem gilda um alla í skólanum. |

# 7. Flokkur D: Innleiðing og mat á þátttöku-aðferðum á sviði MLB/MRM

## 7.1 Stutt yfirlit og fræðileg undirstaða

Þessum flokki hæfniþátta er ætlað að fá kennara til að ígrunda og meta eðli og áhrif þeirra aðferða sem innleiddar hafa verið á sviði MLB/MRM, bæði í tengslum við menningu og siðareglur skólans, og kennsluhætti innan veggja skólastofunnar. Meginspurningin er: „Hvernig getum við staðið betur að verki?“

- Höfum við lagt okkur nægilega fram við að fá nemendur til að taka þátt í ákvörðunum?
- Hversu vel hefur okkur tekist að skapa möguleika á óbeinu námi með góðu fordæmi í stað beinnar kennslu?
- Ef litið er til námsmats nemenda,[45] hversu skilvirk hefur þá kennsluaðferð okkar verið?
- Hvað vantar upp á kunnáttu okkar til að við getum skilað enn betri árangri?

**Hæfniþáttur nr. 13: mat á þátttöku nemenda í ákvörðunum**

Mat á því að hve miklu leyti nemendur tjá sig um málefni sem hafa áhrif á þá og hvaða möguleika nemendur hafa á því að taka þátt í ákvörðunum.

**Hæfniþáttur nr. 14: gott fordæmi um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindagildi, viðhorf og afstöðu**

Sýna skal í verki jákvæð gildi, viðhorf og afstöðu sem ætlast er til að ungt fólk tileinki sér – svo sem vera góð fyrirmynd sem virkur þjóðfélagsþegn; eiga réttlát, hreinskilin og kurteisleg samskipti við nemendur; beita lýðræðislegum kennsluaðferðum og fá nemendur til að taka þátt í að skipuleggja og eiga hlutdeild í verkefnum.

**Hæfniþáttur nr. 15: endurskoðun, eftirlit og mat á kennsluaðferðum og árangri nemenda**

Möguleikar og vilji til að endurskoða, hafa eftirlit með og meta kennsluaðferðir og árangur nemenda og hvernig stuðst er við þetta mat við framtíðarskipulag og faglega þróun.

**7. tafla: Flokkur D - Innleiðing og mat á þátttökuaðferðum á sviði MLB/MRM**

Mikilvægt er að nemendur taki þátt í ákvörðunum og láti í sér heyra. Þeir eiga rétt á að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra; slíkt eflir tengsl og eykur samskipti í skólanum og það mikilvægasta er að þannig gefst tækifæri til að fræðast um mannréttindi og lýðræði.

Mörgum kennurum finnst aukin þátttaka nemenda í ákvörðunum innan síns bekkjar vera fyrsta jákvæða skrefið í ferli sem mun efla þá til virkrar og ábyrgrar þátttöku í samfélaginu. Rannsóknarniðurstöður benda engu að síður til þess að í raun taki nemendur fáar ákvarðanir um nám sitt og taki nánast aldrei þátt í verkefnum þar sem þeir og bekkjarfélagar þeirra setja sér markmið sem eru þeim mikilvæg. Kennarar ættu því ekki að gera ráð fyrir að auðvelt sé að tryggja að nemendur taki sjálfstæðar ákvarðanir um nám sitt: bekkjarfyrirkomulag, takmarkaður tími fyrir annað en kennslustarf, og ákvarðanataka ofan frá valda því að erfitt er fyrir kennara að eiga samvinnu við samkennara sína og starfsfólk skólans.[46]

45. Námsmat þar sem gengið er út frá lýðræði og mannréttindum, svo sem: leyfa nemendum að taka þátt í að meta nám sitt, leiðsagnarmat, mat í þágu náms, námsferli *versus* námsefni, og námsmat án einkunnagjafar.
46. Goodlad, J., *A place called school*, McGraw-Hill, New York, 1984. Fáanleg hjá Google books: http://books.google.com.

Í fyrstu ættu kennarar að leggja áherslu á það sem beinast liggur við að nemendur taki þátt í:

- stefnu og reglur skólans, reglur um viðurlög og umbun (t.d. varðandi kynjamisrétti, kynþáttafordóma og einelti; reglur um jöfn tækifæri og um klæðaburð og skólabúninga);
- efni á námskrá og skipulag, svo og náms- og kennsluaðferðir;
- félagsleg málefni: félagslega aðstöðu/félagsstarf utan skólans, móttöku nýrra nemenda, fyrirkomulag foreldrafunda og velferð nemenda.

Kennarar þurfa að búa yfir þekkingu og skilningi á þremur atriðum í þessu samhengi:

- kunnáttu í kennsluaðferðum sem auka hæfni til ákvarðanatöku og rökhugsunar;
- gagnrýninni hugsun og greiningu[47] á námsmöguleikum nemenda;
- þekkingu og skilningi á markmiðum með námi um borgaravitund og – fyrst og fremst – með hvaða hætti nemendur eiga að koma skoðunum sínum á framfæri um þau málefni sem varða líf þeirra.

Gott fordæmi kennarans varðandi þau gildi, reglur og viðhorf sem lýðræðisleg borgaravitund og mannréttindi byggjast á er skilvirkasta „óbeina“ kennsluaðferðin. Boðberinn þarf að haga sér í samræmi við boðskap sinn. Þegar um slíkt samræmi er að ræða er mikilvægt að leggja áherslu á nokkrar grundvallarreglur:[48]

- best er að tileinka sér virka samfélagsþátttöku í verki, en ekki með því að hlusta á aðra – allir þurfa að fá tækifæri til að skoða sjálfir mál sem lúta að lýðræðislegri borgaravitund og mannréttindum, ekki nægir að fá bara að vita hvernig á að hugsa og hegða sér;
- fræðsla um virka borgaravitund snýst ekki aðeins um það að tileinka sér staðreyndir, heldur um hagnýta færni, skilning og hæfni, gildi og afstöðu;
- námsumhverfið er leiðandi í því tilliti – nemendur geta fræðst eins mikið, ef ekki meira, af því fordæmi sem kennarar sýna og því hvernig skólalífið er skipulagt en af hefðbundinni kennslu.

Í starfsnámi sínu eru kennarar settir í spor nemenda. Það gerir þeim kleift að skilja og finna sjálfir hvað námið felur í sér frá sjónarhóli nemenda. Þeir sem mennta kennara verða að sýna í verki hvernig nám og kennsla á sviði MLB/MRM fer fram, til dæmis hvernig umræðum er stjórnað, hvernig verkefni eru sett fram og hvernig skipuleggja á kennslustundirnar og gera vinnuáætlun. Þeir þurfa líka að sýna hvaða lýðræðislegu gildi og framkomu þeir ætlast til að kennarar kynni fyrir nemendum sínum, svo sem virðingu og vilja til að leysa ágreining með umræðum.

Til að slík sýnikennsla skili árangri þarf að velta málunum fyrir sér í kjölfarið. Kennarar þurfa að fá tíma til að ígrunda hvernig þeir geti nýtt sér það sem þeir hafa lært í starfsnámi sínu við aðstæður sem upp kunna að koma síðar. Mikilvægt er að æfingakennarinn kynni starfshætti sem hvetja þátttakendur til að ígrunda kennslustarfið, námið, hugmyndir og gildi og til að deila reynslu sinni með samkennurum sínum. Hvetja ætti kennara og þá sem mennta kennara til að stunda sjálfsígrundun. Slík ígrundun getur verið af ýmsu tagi eftir því hvert markmiðið eða umhugsunarefnið

47. Gagnrýnin hugsun kennara kemur sér vel í slíkum aðstæðum þegar þeir þurfa að taka skynsamlegar og vel ígrundaðar ákvarðanir; til dæmis um hvað gera skal, hvernig eigi að fá nemendur til að taka þátt í ákvörðunum og hvenær. Þessi greiningarvinna kennara er eins konar mat sem byggist einkum á því að virða fyrir sér hvernig nemendur bregðast við hlutunum og veitir ýmsar augljósar og trúverðugar upplýsingar, svo sem um hugsunarhátt nemenda, hegðun, vandamál og tilfinningar. Kennarar átta sig hér á því samhengi sem starf þeirra byggist á og eru færir um að taka þátt í almennu mati á þróun námsefnis og hagsmunum nemenda.
48. Huddleston, T., 2005, op. cit.

er.[49] Það sem helst einkennir gagnrýna ígrundun er hve mjög hún beinist að því að fá hugmyndir.[50] Og það kemur bæði nýjum og reyndari kennurum að gagni að komast að því hverjar hugmyndir þeirra eru.

**Flokkur D: Innleiðing og mat á þátttökuaðferðum**

Til eru ýmsar leiðir til þess. Dæmi:

- við verðum okkur meðvitaðri um eigin reynslu sem nemendur eða kennarar ef við skrifum dagbók um það sem fram fer. Við ígrundum hlutina út frá okkur sjálfum því að þannig er gott að átta sig í fyrstu á því hvernig kennarar, nemendur eða leiðsagnakennarar við erum. Við búum lengi að því;
- það getur komið á óvart og jafnvel ruglað okkur í ríminu að sjá okkur sjálf með augum nemenda, því að við komumst kannski að því að þeir túlka ekki það sem við gerum eins og ætlast er til. Oft erum við alveg undrandi á því hve nemendur ráða á ólíkan hátt í orð okkar og gerðir;
- önnur leið til gagnrýninnar ígrundunar er að sjá okkur sjálf með augum samkennara okkar. Ef við spyrjum þá til dæmis hvað þeim finnst vera dæmigerð ástæða þess að nemendur sinni ekki náminu og hvernig þeir bregðist við því, þá fáum við jafnvel svör sem sýna alveg nýja lausn á vandanum;
- enn ein leið til að fá hugmyndir er að sjá hvernig sjónarmið okkar samræmast því sem stendur í fræðiritum.

Undirbúa þarf vel og útfæra hvernig sýna skal gott fordæmi. Þar sem slík sýnikennsla er „óbein" kennsluaðferð þarf að gæta þess að engin innræting eigi sér stað. Þess vegna er mikilvægt að hvetja til þess að nemendur nýti tjáningarfrelsi sitt, ígrundi skoðanir sínar og væntingar, séu gagnrýnir í hugsun, taki þátt í ákvörðunum og séu virkir í samfélaginu. Það krefst þekkingar og skilnings á félagsnámskenningunni og þeim áhrifum sem felast í góðu fordæmi og gera nemendur að hæfum samfélagsþegnum.

Með endurskoðun, eftirliti og mati á kennsluaðferðum og námsárangri nemenda geta kennarar stöðugt bætt kennslu-/námsaðferðir sínar. Kennarar þurfa að finna leiðir til að nýta sér öll þau viðbrögð sem þeir fá frá nemendum og öðrum (svo sem samkennurum sínum, ráðgjöfum og háskólakennurum) til að gera betur. Velta má fyrir sér fjórum algengum og einföldum spurningum:[51]

- Hvað er ég að reyna að gera?
- Hvernig fer ég að því?
- Hvernig veit ég að ég geri það vel?
- Hvernig get ég gert enn betur?
  (Sjá verkfæri og gátlista til sjálfsmats í viðaukanum.)

49. Cf. Zeichner, K., „The reflective practitioner", í Reason, P. og Bradbury, H. (ritstj.), *Handbook of action research: participative inquiry and practice*, 2001. Gagnrýnin ígrundun merkir að kennarar eða þeir sem mennta kennara fá hvatningu til að ígrunda siðferðilega, félagslega og pólitíska þætti í eigin starfi. Með aukinni námsvitund fara nemendur að ígrunda eigin skoðanir og gildi.
50. Cf. Brookfield, S.D., *Becoming a critically reflective teacher*, Jossey-Bass Publishers, San Francisco, 1995.Litið er á hugmyndir sem sjálfsagðar skoðanir á lífinu og tilverunni. Þær virðast augljósar og eru yfirleitt óbeinar. Fólk bregst oft við aðstæðum út frá hugmyndum sem það hefur ekki skoðað til hlítar.
51. EUA (European University Association) guidelines for self-evaluation, sjá: www.eua.be.

## 7.2 Hæfniþáttur nr. 13:

**Hæfniþáttur nr. 13: mat á þátttöku nemenda í ákvörðunum**

Mat á því að hve miklu leyti nemendur tjá sig um málefni sem hafa áhrif á þá og hvaða möguleika þeir hafa á því að taka þátt í ákvörðunum.

### 7.2.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna að þeir:

- ➜ vega og meta hvaða áhrif nemendur hafa á það sem mestu máli skiptir í námi þeirra og daglegu lífi í skólanum, svo sem kennsluaðferðir, reglur skólans eða námsskipulag. Þeir treysta því að nemendur geti axlað ábyrgð á eigin námi;
- ➜ hvetja nemendur til að taka þátt í kennsluferlinu. Kennarar og nemendur skipuleggja verkefni um borgaravitund í sameiningu. Kennsluaðferðirnar eru kerfisbundið metnar af nemendum. Nemendur leggja einnig mat á eigin vinnubrögð;
- ➜ hjálpa nemendum að greina nám sitt með því að skipuleggja ferli sem gerir þeim kleift að leggja mat á náms- og kennsluaðferðir. Slíkt mat verður síðan til þess að kennarar geta bætt starfhætti sína;
- ➜ einbeita sér fyrst og fremst að því að nemendur öðlist færni sem virkir þjóðfélagsþegnar, bjóða upp á ýmsa möguleika þar að lútandi og reyna að skapa skýran ramma um frjálsa hugsun ungmenna;
- ➜ vita hvernig aðstoða skal nemendur við að skilgreina aðstæður og málefni með tilliti til reynsluheims þeirra, þar sem við efasemdir, óöryggi eða erfiðleika er að etja þegar þeir þurfa að ákveða hvað gera skuli eða hvað skal taka trúanlegt. Þeir setja fram sjónarmið sem eru andstæð persónulegum gildum nemenda og því sem þeim finnst vera rétt eða rangt. Með þessu móti geta þeir metið hve vel þeim tókst til við að skapa tækifæri til gagnrýninnar hugsunar meðal nemenda;
- ➜ virkja nemendur í tengslum við málefni sem snerta skólasamfélagið og hjálpa þeim að greina og velja aðferðir til að leysa vandamál sem rísa, vinna með öðrum að því að leysa vandamál og vera opnir fyrir ýmsum lausnum og leiðum sem eru e.t.v. í mótsögn við almenn sjónarmið. Kennarar geta síðan metið þátttöku nemenda með því að skoða viðkomandi vandamál með þeim, bæði áður en og eftir að fjallað er um það;
- ➜ hjálpa nemendum að íhuga vel viðfangsefnin og bera saman bækur sínar í flóknum aðstæðum. Ef ágreiningur kemur til dæmis upp í skólanum geta kennarar aðstoðað nemendur við að finna lausn á honum á gagnrýninn og siðferðilega réttan hátt með því að láta þá leggja fyrir sig eftirfarandi spurningar: Hvað myndir þú gera ef þú værir ...? Hvað finnst þér ...? Hver eru sjónarmið annarra? Hvaða tilfinningar og gildi eru ríkjandi hjá þeim? Þeir skrá (skriflega, taka upp myndbönd) svör nemenda til að sjá hvernig færni þeirra breytist og þróast.

## 7.2.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 13: mat á þátttöku nemenda í ákvörðunum | |
|---|---|
| **1. skref (á byrjunarstigi)**<br>*Þú óttast eða ert jafnvel á móti því að nemendur taki þátt í ákvörðunum.* | **Reyndu þetta:**<br>• leitaðu þér nánari upplýsinga um þetta atriði. Leitaðu uppi kenningar og rannsóknir á þessu sviði og kynntu þér hvernig smám saman má koma á ákvarðanaferli þar sem fleiri koma að málum, til dæmis: hvernig starfa nemendaráð í öðrum skólum?<br>• veltu fyrir þér fyrri reynslu þinni af aðstæðum þar sem flóknar ákvarðanir voru teknar. Einbeittu þér að þeim gildum sem skipta þig máli. |
| **2. skref (komin(n) áleiðis)**<br>*Þú ert ekki á móti þátttöku nemenda en óttast að missa stjórn á aðstæðum. Þér finnst þig skorta meiri upplýsingar um tiltekin dæmi þar sem kennarar stuðla að sameiginlegu ákvarðanaferli.* | **Reyndu þetta:**<br>• finndu skóla eða bekk þar sem slíkt ferli fer fram og fylgstu með og hlustaðu á hvernig unnið er; leitaðu uppi og horfðu á myndbönd sem sýna kennsluhætti;<br>• fylgstu með og taktu eftir því hvernig spurningar kennarar nota til að fá nemendur til að taka þátt í ákvörðunum. Góð leið er að leggja „sókrat-ískar“ spurningar fyrir nemendur til að þroska með þeim gagnrýna hugsun og hæfni til að taka ákvarðanir;<br>• farðu fram á starfsþjálfun í samvinnunámi og hópvinnu. |
| **3. skref (hefur mótað sér aðferðir)**<br>*Þú skilur hve mikilvægt er að nemendur taki þátt í ákvörðunum. Þú ert farin(n) að nota verkefni sem stuðla að því að nemendur taki ákvarðanir. Þú beitir ýmsum aðferðum við að fá börnin til skrafs og ráðagerða. En það er tímafrekt og stundum ferð þú aftur að beita venjulegum kennaramiðuðum aðferðum.* | **Reyndu þetta:**<br>• fáðu nemendur eða samkennara til að taka kennsluaðferðir þínar upp á myndband;<br>• segðu þeim að fylgjast með og gera athugasemdir. Þú getur búið til töflu fyrir athugasemdirnar ef þú vilt;<br>• horfðu á myndbandið og virtu sjálfa(n) þig fyrir þér;<br>• berðu saman niðurstöður nemenda og samkennara; veltu fyrir þér hvað ber í milli og hvað er líkt með því sem þér finnst og því sem nemendum þínum eða samkennurum finnst;<br>• finndu leiðir til að bæta aðferðir þínar: eyddu minni tíma í hlutina, gerðu verkefnin styttri og hnitmiðaðri, skrifaðu niður ákvarðanir fram í tímann, komdu þér upp föstum starfsvenjum o.s.frv.;<br>• finndu fleiri leiðir til að hafa nemendur með í ráðum. Dæmi: með bekkjar- og nemendaráðum, hópumræðum, vinnuhópum, skipulagsteymum, spurningalistum/skoðanakönnunum og með því að safna tillögum. |
| **4. skref (langt komin(n))**<br>*Sem kennari gerir þú þér grein fyrir þeirri ábyrgð að efla nemendur, þannig að þeir taki þátt í opnu og ábyrgu ákvarðanaferli og láti skoðanir sínar í ljós. Þér finnst að leggja þurfi aukna siðferðilega áherslu á ákvarðanir og val og að fleiri möguleikar séu á því að ígrunda eigið hugsanaferli.* | **Reyndu þetta:**<br>• vertu stöðugt á vakt gagnvart því hvort samræmi skorti milli ábyrgðar þinnar sem kennari og athafna þinna og gættu þess að efla nemendur og veita þeim frelsi til að að segja álit sitt;<br>• getur þú fengið nemendur til að taka þátt í fleiri viðfangsefnum?<br>• gerðu aðgerðaáætlun til að tryggja að samráð við nemendur sé hluti af umbótum eða þróun í starfi þínu;<br>• komdu upp föstum tíma til ígrundunar og finndu leiðir til að nemendur læri að stunda sjálfsígrundun. |

## 7.3 Hæfniþáttur nr. 14:

**Hæfniþáttur nr. 14: gott fordæmi um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindagildi, viðhorf og afstöðu**

Sýna skal í verki jákvæð gildi, viðhorf og afstöðu sem ætlast er til að ungt fólk tileinki sér gagnvart mannréttindum og lýðræði – svo sem vera til fyrirmyndar sem virkur þjóðfélagsþegn; eiga réttlát, hreinskilin og kurteisleg samskipti við nemendur; beita lýðræðislegum kennsluaðferðum og fá nemendur til að taka þátt í að skipuleggja verkefni, þannig að þeir eigi hlutdeild í þeim.

### 7.3.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna að þeir:

- ➜ velta fyrir sér hvers vegna þeir fást við kennslu og hvers vegna þeir haga kennslu sinni á þann hátt sem þeir gera. Þeir leitast við að byggja starf sitt á helstu gildum lýðræðisins, svo sem réttlæti, sanngirni og samkennd. Út frá þessum gildum finna þeir út hvernig ná skal til nemenda og hvernig skipuleggja ber starfið í skólastofunni. Þeir leggja sig fram við að skapa aðstæður þar sem hlustað er á alla (einnig þá sjálfa), og þar sem litið er á námsferlið sem raunverulega málamiðlun;
- ➜ eru meðvitaðir um hvernig þeir haga orðum sínum í skólastofunni, eru opnir fyrir því að ræða námsferlið hreinskilningslega við nemendur og eru tilbúnir til að leiða þá inn í eigið hugsanaferli. Slíkt ferli kann að spanna gagnrýna hugsun, mat og hvernig miðla skal reynslu og þekkingu með öðrum;
- ➜ hvetja nemendur til að ígrunda eigin reynslu og lærdómsferli; þar á meðal val á viðfangsefnum sem þeir hafa áhuga á;
- ➜ sýna hvernig lýðræðisleg samskipti fara fram. Kennarar skapa nemendum tækifæri til að tjá skoðanir sínar á pólitískum, félagslegum og umdeildum málefnum. Þeir fá nemendur til að vekja máls á slíkum málefnum í skólastofunni. Þeir hlusta á nemendur með skoðanir sem eru andstæðar þeirra eigin skoðunum. Þeir hvetja nemendur til að setja fram skoðanir sem eru öðruvísi en skoðanir meirihluta nemenda og þeirra sjálfra. Þeir setja fram andstæð sjónarmið eða álit á málefni. Þeir hvetja nemendur til að ræða um pólitísk eða félagsleg málefni sem fólk hefur skiptar skoðanir á. Kennarar sýna hvernig hægt er að vera ósammála á kurteislegan hátt og setja fram málefnalega gagnrýni. Þeir búa til reglur um lýðræðislegar samræður þar sem hugmyndir um „hinn aðilann“, sem kemur inn í bekkinn sem utanaðkomandi aðili, eru skoðaðar og dregnar í efa;
- ➜ eru vakandi fyrir því hver hefur völdin í bekknum, hvernig misnota má vald og hvaða áhrif það hefur á nemendur. Þeir gera sér grein fyrir að athafnir þeirra geta ýmist orðið til þess að fá nemendur til að tjá sig eða þaggað niður í þeim. Þeir hlusta af alvöru á það sem nemendur segja. Þeir skapa viljandi aðstæður til ígrundunar þegar mál sem hvílir á nemendum – ekki það sem er á stundaskrá – er tekið fyrir í bekknum. Þeir reyna stöðugt að komast að því hvað nemendum finnst um ýmis sameiginleg vandamál og koma þeim upplýsingum á framfæri. Þeir hvetja nemendur til að ígrunda eigin athafnir og hegðun og gera það sem þeir geta til að koma til móts við þá. Þeir treysta nemendum og sjá til þess að jafningjafræðsla sé hluti af kennslunni;
- ➜ gera sér grein fyrir mismunandi námsstíl og hugsanagangi nemenda. Þeir skapa aðstæður sem bjóða upp á vangaveltur og ígrundun og beita ýmsum aðferðum til að fá nemendur til að hugsa sjálfstætt, svo sem með spurningum, ýmiss konar tilraunastarfsemi, leit að merkingu, skapandi vinnu, greiningu á eigin hugsanaferli og efasemdum um fyrir fram mótaðar hugmyndir.

## 7.3.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 14: gott fordæmi um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindagildi, viðhorf og afstöðu | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þér finnst best að vera „við stjórnvölinn“. Þú gerir þér ekki grein fyrir valdi þínu og áhrifum á aðra þegar þú kynnir og fjallar um eitthvert málefni.* | Reyndu þetta:<br><br>• kynntu þér þessa aðferð vel;<br>• íhugaðu fyrri reynslu þína af samskiptum sem þér finnst hafa haft góð áhrif á nám og hegðun annarra. Veltu fyrir þér hvernig og hvers vegna þú gast haft áhrif á aðra. Tókst þér ekki að hafa áhrif á alla? Hvers vegna ekki?<br>• skipuleggðu kennslustund eða verkefni þar sem sýnikennslu er beitt. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Þér finnst þú þurfa að afla þér meiri upplýsinga um tiltekin dæmi eða aðferðir sem kennarar beita við sýnikennslu (með góðu fordæmi) og átta þig á hvað hægt er að kenna á þann hátt. Þú hefur áhyggjur af því hvernig það er að gera sér meiri grein fyrir eigin valdi og áhrifum á nám annarra.* | Reyndu þetta:<br><br>• virtu fyrir þér hvernig aðrir beita sýnikennslu;<br>• leitaðu uppi myndbönd af bekkjarumræðum um samfélagsleg málefni;<br>• berðu þessar athuganir þínar saman við þína eigin upplifun af því hvernig þú ræðir við aðra og þau áhrif sem þú hefur á þá. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Þú ert farin(n) að fjalla um mál sem snerta mannréttindi og lýðræði, svo sem um lýðræði í skólastarfi og þá áherslu sem leggja skal á að nemendur fái að segja álit sitt. Þú ert með áhyggjur því að það er í mörg horn að líta, skoða þarf ýmsar aðferðir og umræðuefni og það eru margir sem þurfa að koma að málum. Þú óttast að þú hafir opnað öskju Pandóru og munir ekki sjá fyrir endann á afleiðingum þess.* | Reyndu þetta:<br><br>• fjallaðu fyrst um tiltekið viðfangsefni með samstarfsfólki þínu og notaðu niðurstöður úr þeirri vinnu til að undirbúa þig betur fyrir sýnikennslu í bekknum;<br>• fáðu nemendur þína eða samkennara til að taka kennsluaðferðir þínar upp á myndband;<br>• horfðu á myndbandið og veltu frammistöðu þinni fyrir þér; segðu samkennurum þínum eða nemendum að gera slíkt hið sama;<br>• berðu saman álit ykkar og veltu fyrir þér hvað ber í milli og hvað er líkt með því sem þér finnst og því sem nemendum þínum eða samkennurum finnst. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Þú gerir þér sem kennari grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þér hvílir að efla nemendur þína sem virka þegna í lýðræðisríki, og virða frjálsan vilja þeirra. Þú ert þess fullviss að lögmál lýðræðis og mannréttinda skíni hvarvetna í gegn í afstöðu þinni innan skólastofunnar. Þér finnst þurfa að íhuga málefni betur út frá siðferðilegu sjónarmiði.* | Reyndu þetta:<br><br>• vertu stöðugt á vakt gagnvart því hvort samræmi skorti milli ábyrgðar þinnar sem kennari og athafna þinna og gættu þess að efla nemendur og veita þeim frelsi til að að segja álit sitt;<br>• að tilteknu verkefni loknu skaltu leyfa nemendum að segja álit sitt á því sem þeir eru nýbúnir að upplifa. Notaðu þá endurgjöf til að vera stöðugt vakandi fyrir þeim aðferðum sem þú beitir í sýnikennslunni;<br>• bjóddu samkennurum þínum að fylgjast með í tímum og veittu þeim aðstoð ef þeir vilja öðlast þá færni sem þú hefur náð. |

## 7.4 Hæfniþáttur nr. 15:

**Hæfniþáttur nr. 15: endurskoðun, eftirlit og mat á kennsluaðferðum og árangri nemenda**

Möguleikar og vilji til að endurskoða, hafa eftirlit með og meta kennsluaðferðir og árangur nemenda, og hvernig stuðst er við þetta mat við framtíðarskipulag og faglega þróun á sviði lýðræðis- og mannréttindamenntunar.

### 7.4.1 Lýsing og dæmi: „kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna ...“

Kennarar sem uppfylla þennan hæfniþátt sýna að:

- ➜ þeir gera sér grein fyrir því að til að geta metið árangur nemenda sem virkir samfélagsþegnar þurfa þeir að vera meðvitaðir um framvindu, reynslu og starfshætti sem skila árangri í verkefnum á því sviði og skoða samhengi/athafnir sem lúta að náminu á gagnrýninn hátt, sem og námsferli og árangur nemenda;
- ➜ þeir sjá sjálfa(n) sig sem samfélagsþegn og kennara í þessum fræðum með augum nemenda sinna, sem meta þá út frá viðhorfum þeirra, starfsaðferðum og athöfnum;
- ➜ þeir skoða sjálfir ýmsa þætti varðandi kennsluhætti sína og nota ýmis verkfæri;
- ➜ þeir velta fyrir sér kennslufræðilegum kenningum og þeirri tækni sem þeir beita í námi og kennslu. Þeir ígrunda til dæmis hvernig ýmiss konar spurningar geta fengið nemendur til að segja hug sinn eða hindrað þá í því;
- ➜ þeir eru færir um að ígrunda siðfræðileg, félagsleg og pólitísk gildiskerfi, sem og hið sjálfsagða gildiskerfi sem viðhorf þeirra gagnvart lýðræði byggist á;
- ➜ þeir þekkja ýmsar leiðir til sjálfsígrundunar og sjálfsmats. Þeir styðjast við eigin kennsludagbækur til að átta sig betur á því hvernig kennarar og nemendur þeir sjálfir eru;
- ➜ þeir skoða eigin kennsluhætti með hliðsjón af reynslu samkennara sinna og geta þannig séð eigin athafnir og viðhorf fyrir sér. Þeir geta til dæmis spurt samkennara sína hver þeir haldi að sé dæmigerð ástæða þess að nemendur þráist við að breyta viðhorfum sínum og jafnframt þróa verkefni og aðferðir sem vekja áhuga og stuðla að virkri þátttöku;
- ➜ þeir skoða athafnir/starfshætti sína og viðhorf í ljósi fræðikenninga um nám/kennslu um lýðræði og mannréttindi. Þeir kunna til dæmis að túlka einelti/agaleysi meðal nemenda sem svo að það sé eigin persónuleiki sem valdi því. Í fræðigreinum um nemendur úr minnihlutahópum kann agaleysi að vera útskýrt sem fræðileg og pólitísk mótsögn, samkvæmt þeirri hugmynd að með menntun sé hægt að yfirstíga raunverulega kúgun.

## 7.4.2 Framvindutafla

| Hæfniþáttur nr. 15: endurskoðun, eftirlit og mat á kennsluaðferðum og árangri nemenda | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Þér finnst að með því að fræða nemendur um lýðræði og mannréttindi sinnirðu þessum málefnum nægilega vel og sérð ekki ástæðu til að breyta aðferðum þínum þar sem þú gerir eins vel og þú getur. Þú leggur í raun ekki mat á sjálfa(n) þig hvað þessi mál varðar og finnur ef til vill hvorki hvöt hjá þér til að meta starfshætti þína né hefur nein ráð til þess.* | Reyndu þetta:<br><br>• notaðu niðurstöðurnar sem þú komst að í mati þínu á nemendum til að ræða við þá um algengasta misskilninginn sem fram kom í matinu. Reyndu að finna ástæðuna fyrir þessari mistúlkun þinni;<br>• skoðaðu aftur þann námsárangur sem náðst hefur;<br>• áttaðu þig á hvaða áhrif aðferðir þínar hafa á skilning nemenda á mannréttindum og lýðræði með því að ræða við þá um ýmis málefni sem þú telur að þeir eigi að hafa meðtekið.<br>• fáðu upplýsingar hjá samkennurum þínum um starfshætti þeirra, einkum hvað varðar markmið og aðferðir. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Það er engin stefna í skólanum sem segir til um hvernig meta skuli viðhorf gagnvart mannréttindum og lýðræði í kennslustarfinu. Þú lætur nemendur þína af og til svara spurningalista um hvað þeim finnst um kennsluhætti þína, í þeim tilgangi að sjá hvernig þér gengur. Þú ræðir niðurstöður þessara spurningalista við samkennara þína. En ennþá tekurðu lítið tillit til þessarar endurgjafar í kennsluaðferðum þínum.* | Reyndu þetta:<br><br>• láttu nemendur þína fá spurningalista. Byggðu spurningalistana þannig upp að þú fáir tilfinningu fyrir því hvaða áhrif aðferðir þínar hafa á hegðun nemenda;<br>• ræddu niðurstöðurnar sem þessir spurningalistar sýna við nemendur;<br>• fáðu aðra í skólanum til að taka þátt í þessu sjálfsmatsferli og vektu áhuga samkennara þinna á því að meta upplifun nemenda af námi sínu um mannréttindi og lýðræði og gera hana enn betri.<br>• taktu tillit til þess sem nemendum þínum og samkennurum finnst. Reyndu að breyta aðferðum þínum samkvæmt þessari endurgjöf. Reyndu síðan að beita þeim og gera betur. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Skólinn hefur á dagskrá að auka námsgæði á sviði MLB/MRM, þó að enn sé ekki alveg ljóst hvernig það skuli gert. Víðtækur skilningur er á því að verið sé að reyna að bæta náms- og kennsluhætti á þessu sviði. Þú vilt taka þátt í því. Þú veist þó ekki hvernig fara skal að.* | Reyndu þetta:<br><br>• láttu nemendur fá spurningalista og fáðu þá til að ræða um kennsluaðferðir þínar og hvernig þær virka á þá;<br>• taktu málefni sem nemendur stinga upp á til umfjöllunar í tímum;<br>• fáðu aðra í skólanum til að taka þátt í að auka skilning nemenda á mannréttindum og lýðræði. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Skólinn hefur á dagskrá að auka námsgæði á sviði MLB/MRM. Hlustað er á það sem nemendur og aðrir viðkomandi aðilar hafa að segja og þeir eru hafðir með í ráðum. Tekið er tillit til þeirra niðurstaðna sem spurningalistarnir sýna við umbætur á náms- og kennsluferlinu. Námsárangur og -aðferðir eru teknar til skoðunar með reglulegu millibili. Nemendur taka virkan þátt í þessu starfi og benda á það sem gera má betur.* | Reyndu þetta:<br><br>• notaðu þér alla þá endurgjöf sem þú getur fengið til að fylgjast stöðugt með eigin frammistöðu, þannig að þú getir sífellt bætt þig;<br>• gerðu nemendum ljóst hver markmið þín eru, láttu áhuga þeirra og einurð hjálpa þér að ná markmiðunum;<br>• leggðu mat á að hve miklu leyti nemendur nýta sér það sem þú kennir þeim í daglegu lífi sínu. Ræddu niðurstöður þínar við þá og reyndu að draga af því sameiginlegan lærdóm sem nýtist til framtíðar;<br>• leitaðu eftir góðum starfsháttum annars staðar svo að þú getir sett þér viðmið í starfi þínu;<br>• bjóddu öðrum kennurum í tíma hjá þér til að þeir geti „tekið upp“ sömu góðu starfshætti og þú. |

# 8. Úrræði sem nýtast öðrum aðilum

Þó að þeir hæfniþættir sem settir eru fram hér séu fyrst og fremst ætlaðir kennurum og þeim sem mennta kennara, þá er mikilvægi, umfang og almenn skírskotun málefna á sviði MLB/MRM slíkt að ýmsir aðrir aðilar hljóta að koma að þeim – svo sem stefnumótendur, skólastjórnendur og æðri menntastofnanir.

## 8.1 Stefnumótendur

Til að árangur náist þarf MLB/MRM að njóta viðurkenningar og stuðnings ýmissa stefnumótenda – þingmanna, embættismanna í stjórnsýslunni, sveitarstjórna, ráðgjafa o.s.frv. – sem setja fram meginreglur og skilyrði á þessu sviði. Æskilegast er að:

- mikilvægi MLB/MRM sé tilgreint í lögum;
- hagnýtar leiðbeiningar séu hluti af öðrum stöðluðum aðgerðum;
- veittur sé stuðningur á þessu sviði og séð fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til innleiðingar námskrár- og frekari breytinga.

Með útgáfu Evrópuráðsins á ritum um MLB/MRM – þar á meðal þessari bók – er miðað að því að skapa aukinn skilning meðal stefnumótenda á eðli og mikilvægi lýðræðis- og mannréttindamenntunar hvað viðkemur markmiðinu um að efla skuli félagslega samlögun. Reynt er að undirstrika:

- hve lýðræðis- og mannréttindamenntun sé þýðingarmikil fyrir ungt fólk;
- að með MLB/MRM sé stefnt að því að þróa nýjar og áhugaverðar aðferðir í námi og kennslu.

## 8.2 Skólastjórnendur

Best hefur tekist til við þróun aðferða á þessu sviði þegar skólastjórnendur leggja málinu lið af áhuga og kappi. Allar rannsóknir og niðurstöður sýna að slíkur stuðningur skiptir sköpum.

Allir kennarar sem eru að störfum í skólum, á einn eða annan hátt, taka þátt í að móta skólamenninguna. Því betur sem sú menning samræmist markmiðum lýðræðisins, þeim mun betra. Skólastjórnendur eiga að geta haft gagn af því að tileinka sér þá hæfniþætti sem fjallað er um hér og séð kosti þess að markmið séu sett um þróun á sviði MLB/MRM í ársáætlunum um umbætur í skólastarfinu. Gott er að allir starfsmenn skólans taki í fyrstu þátt í að „endurskoða“ stöðu mála á þessu sviði og síðan sé ákveðið hvaða skref verði tekin þegar framkvæmdaáætlun er gerð.

Einnig er lögð rík áhersla á að framvegis verði MLB/MRM stærri þáttur í kennaranámi og símenntun kennara. Vonast er til að hæfniþættirnir og meðfylgjandi dæmi gefi öllum sem sinna kennaramenntun hugmyndir sem nýtast þeim.[52] Námskeið þeirra og þjálfun skal miða að því að þátttakendur tileinki sér nauðsynlega þekkingu, hæfni, viðhorf og gildi til að geta þróað aðferðir sem skila þeim árangri í starfi. Allir kennarar þurfa að hafa vald á tilteknum kennsluaðferðum og geta beitt þeim af öryggi, þar á meðal umræðutækni, hlutverkaleik, hermileik og verkefnasamstarfi sem allt eru aðferðir sem hægt er að nota með góðum árangri í öllum námsgreinum, þar á meðal MLB/MRM. Kennarar þurfa einnig að afla sér færni í því að taka raunverulegar aðstæður í samfélaginu eða umhverfinu almennt fyrir sem kennsluefni og þróa aðferðir til að takast á við viðkvæm eða umdeild málefni.

Á „framvindutöflunni“ hér á eftir eru ýmsar tillögur um hvernig skólastjórnendur geta fundið út á hvaða „stigi“ þeir eru hvað varðar skilning – og áhuga – á málefnum sem lúta að MLB/MRM og breytt síðan aðferðum sínum út frá því.

52. Þar á meðal eru frjáls félagasamtök og jafningjafræðsla.

| | |
|---|---|
| **1. skref (á byrjunarstigi)**<br>*Skólinn (og flestir kennararnir) eru á byrjunarstigi hvað varðar útfærslu á MLB/MRM. Þeir hafa ef til vill óljósar hugmyndir um tilganginn með slíkri fræðslu og í hverju hún felst. Framboð á námsefni er ekki skipulagt eða samræmt á tiltekinn hátt. Skólinn og/eða kennararnir kunna að halda að nóg sé að settar séu siðareglur sem stuðla að mannréttindum og lýðræði í almennu samhengi.* | **Reyndu þetta:**<br>• fræðsla og vitundarvakning um þær jákvæðu breytingar sem MLB/MRM getur haft í för með sér í skólum (með betri náms- og kennsluaðferðum, með skóla án aðgreiningar, með því að mennta komandi kynslóðir virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi o.s.frv.) er algjört lykilatriði. |
| **2. skref (komin(n) áleiðis)**<br>*Skólinn og/eða hver og einn kennari mun vinna að framgangi MLB/MRM. Kennarar eru farnir að skilja hvernig námið getur vakið áhuga nemenda og stuðlað að aukinni þekkingu og færni. Starfsfólk er farið að setja fram grunnáætlun.*<br>*Starfsfólk öðlast meiri sérþekkingu með þjálfun og stuðningi. Fjallað er um eftirfarandi:*<br>*að of mikið sé treyst á útgefið efni;*<br>*að fagtengda þekkingu á sviði MLB/MRM skorti;*<br>*að sjálfstraust skorti til að fjalla um mannréttindi og lýðræði á opinskáan og skilvirkan hátt í kennslu.* | **Reyndu þetta:**<br>• mikilvægt er að láta ekki deigan síga á þessu stigi. Hvettu starfsfólkið til að gera sitt besta og sjáðu til þess að allir fái þjálfun á þessu sviði;<br>• aðstoðaðu kennara við að finna samstarfsfólk innan sveitarfélagsins sem þeir geta unnið með að því að koma á samfélagslegum verkefnum sem nemendur geta tekið þátt í. |
| **3. skref (hefur mótað sér aðferðir)**<br>*Á þessi stigi eru skólar komnir með skilvirkt fyrirkomulag varðandi MLB/MRM (sbr.* Democratic governance of schools *(Backman and Trafford, 2007)). Fylgt er samræmdri áætlun innan sem utan hverrar skólastofu. Kennarar eru farnir að koma á skilvirkum tengslum við aðila úti í samfélaginu. Fagleg þekking verður tiltölulega traust þegar tilgreint er hvar frekari fræðslu er þörf um ýmsar náms- og kennsluaðferðir. Helstu áhyggjuefni á þessu stigi tengjast breytingastjórnun og ótta við að nýjungar hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.* | **Reyndu þetta:**<br>Meginmarkmið hvers kennara gætu m.a. verið:<br>• að koma á tengslum við foreldra, stofnanir innan sveitarfélagsins og aðra aðila í samfélaginu;<br>• að nýta sér upplýsingatæknina í námi og starfi;<br>• að vinna að því að þekking, hæfni og samvinna nemenda verði stöðugt meiri og betri;<br>• að fagna góðum árangri! |
| **4. skref (langt komin(n))**<br>*Á þessu stigi eru mjög hagnýt úrræði á sviði MLB/MRM til staðar í skólanum og kennararnir hafa komið sér upp vönduðum og skilvirkum náms- og kennsluaðferðum. Kennarar hafa sömu framtíðarsýn og skilning á málefninu, en sýna sveigjanleika og laga aðstæður að þörfum nemenda. Komið hefur verið upp góðum tengslum við aðila utan skólans.*<br>*Nemendur fá viðurkenningu fyrir góðan árangur. Kennarar hafa miklar væntingar um frammistöðu nemenda sinna vegna þess árangurs sem þeir hafa sýnt. Ný tækni er lykilatriði í því starfi sem kennarar inna af hendi. Kennarar hafa nægilegt sjálfstraust til að leyfa nemendum að taka þátt í áætlanagerð og prófa nýjar hugmyndir. Á þessu stigi snúast markmiðin um nýbreytni og nýjar aðferðir við að halda starfinu áfram og auka faglega hæfni og þekkingu. Fjallað er um samstarf og nýjar áherslur.* | **Reyndu þetta:**<br>Markmiðin gætu verið:<br>• að miðla góðum starfsháttum með öðru samstarfsfólki og skólum;<br>• að halda áfram að þróa nýjar aðferðir sem hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðra vinnubragða;<br>• að halda áfram að þróa þátttökumat og matsferli almennt og fá nemendur og samkennara til að taka þátt í því;<br>• að fagna góðum árangri. |

**8. tafla: Framvindutafla fyrir skólastjórnendur**

## 8.3 Æðri menntastofnanir

Óhætt er að segja að almennt hafi skort skilning á því að gera þyrfti MLB/MRM að föstum þætti í kennaranámi í Evrópu. Sem stendur eru uppi ýmsar hugmyndir um hvert markmið menntunar og faglegt hlutverk kennara sé og það hefur áhrif á hvernig nám á þessu sviði er útfært. Þegar fjallað er um menntamál snýst umræðan almennt um tvær andstæðar hugmyndir um hlutverk kennarans:

- önnur hugmyndin er sú að stuðla skuli að vitsmunalegum þroska barna á tilteknum þekkingarsviðum. Þá er kennarinn skilgreindur sem sérfræðingur sem veitir upplýsingar og tiltekna faglega þekkingu en finnst hann ekki þurfa að annast menntun um félagsleg og lýðræðisleg málefni;
- hin hugmyndin felur í sér víðtækari skilning á námsferlinu og mikilvægi þess að félagsmótun fari fram í skólum. Hún er útbreiddari á grunnskólastiginu. Þeir kennarar sem aðhyllast síðarnefndu hugmyndina setja hlutverk sitt sem uppalendur í forgrunn og líta frekar á sig sem lærifeður. Þeir leggja áherslu á persónulegan og félagslegan þroska nemenda sinna.

Þegar unnið er að MLB/MRM gefst tækifæri til að finna þessum andstæðu hugmyndum farveg og samsama þær almennum skilningi á faglegu hlutverki kennarans sem leiðbeinanda og alhliða lærimeistara.

Ekki er hægt að ætlast til að menntastofnanir á háskólastigi – sjálfstæðar stofnanir – setji MLB/MRM sem skyldugrein inn í kjarnanámskrá kennaranámsins eða kennsluáætlanir sínar. Okkur finnst þó mikilvægt að sýna háskólakennurum (eða sambærilegum aðilum) fram á jákvæða kosti þess að slíkt nám sé tekið upp í tengslum við meginnámsgreinarnar. Þetta er námsferli sem krefst tíma og stöðugrar ástundunar. Engu að síður er hægt að vinna að því að menntun um mannréttindi og lýðræði verði viðurkenndm, sem ein af þeim mikilvægu grunngreinum sem nýir kennarar verða að vera sérfróðir um, og þróa þarf og vinna að nýjum aðferðum í því skyni.

Kennaramenntunarstofnanir eru í lykilstöðu við að styðja innleiðingu MLB/MRM. Kennslustjórar í öllum deildum slíkra stofnana, sem og skipuleggjendur námskeiða og stjórnendur, geta byggt upp hæfni og kunnáttu á þessu sviði með því að setja sérstakar einingar inn í kennsluskrá kennara, jafnt byrjenda sem þeirra sem hafa einhverja starfsreynslu, og með því að vekja athygli á mikilvægi slíkra námskeiða. Mestum erfiðleikum er háð að fá MLB/MRM viðurkennda sem almennan hluta af námi allra kennaranema, hver svo sem faggrein þeirra eða sérhæfing er. Mikilvægt er að finna leiðir til að upplýsa og hafa áhrif á háskólakennara sem mennta kennara í öllum greinum um þann ávinning sem MLB/MRM hefur í för með sér og hversu auðvelt er að laga námið að ýmsum faggreinum.

Á „framvindutöflunni" hér á eftir eru ýmsar tillögur um hvernig æðri menntastofnanir geta fundið út á hvaða „stigi" þær eru hvað varðar skilning – og áhuga – á málefnum sem lúta að MLB/MRM, og hvernig hægt væri að innleiða tilteknar breytingar á starfsemi þeirra:

| | |
|---|---|
| 1. skref (á byrjunarstigi)<br><br>*Lítið er fjallað um MLB/MRM innan stofnunarinnar þegar litið er til sögu- og félagsvísindakennara; almenna heildarsýn skortir. Háskólastofnanir eru á byrjunarreit á þessu sviði og talið er nóg að tekið sé mjög almennt á málum af þessu tagi (til dæmis með því að bjóða upp á jöfn tækifæri til náms og fjalla um gagnvirkar aðferðir og samvinnunám í tilteknum greinum).* | Reyndu þetta:<br><br>• aflaðu þér meiri þekkingar um meginreglur og gildi MLB/MRM og hvernig slík menntun getur stuðlað að því að þjóðfélagsþegnar morgundagsins öðlist betri menntun;<br>• notaðu hvert tækifæri til að vekja athygli á málefnum á þessu sviði í tengslum við námsefnið. Reyndu til dæmis að fjalla um málefni á borð við félagslegt réttlæti, rétt allra til menntunar og félagslega samlögun, og þróa aðferðir til að takast á við málefni af þessu tagi. |
| 2. skref (komin(n) áleiðis)<br><br>*Háskólastofnanir og/eða hver og einn kennari vinnur að framgangi MLB/MRM. Meiri skilningur er að vakna gagnvart því að MLB/MRM geti vakið áhuga nemenda og aukið þekkingu þeirra og færni. Byrjað er að setja fram grunnáætlun sem allir nemendur verða að fylgja. Áhugi á MLB/MRM fer vaxandi meðal þeirra sem mennta kennara og kennara í ólíkum greinum.* | Reyndu þetta:<br><br>• á þessu stigi er mikilvægt að láta ekki deigan síga og kynda undir þeim áhuga sem er fyrir hendi en kynni ella að fjara út;<br>• afla þarf sérþekkingar með aðstoð utanaðkomandi aðila;<br>• stuðningur stjórnenda á háskólastigi er mjög æskilegur þar sem MLB/MRM yrði þá fellt inn í starfsemi viðkomandi stofnana og næði til eins margra kennara og nemenda og mögulegt er. |
| 3. skref (hefur mótað sér aðferðir)<br><br>*Háskólastofnanir hafa komið á skilvirku fyrirkomulagi. Unnið er að samræmdri áætlun sem hluta af kennaranáminu. Kennarar í einstökum greinum tengja efnið ýmsum sjónarmiðum sem lúta að mannréttindum og lýðræði. Stofnanir bjóða upp á ýmiss konar námskeið á þessu sviði til að nemendur öðlist meiri og betri þekkingu og færni.* | Reyndu þetta:<br><br>Hugmyndin um virka þátttöku/lýðræðislegan áhuga er í stöðugri skoðun. Lykilmálefni kunna að vera eftirfarandi:<br><br>• að auka virka þátttöku nemenda í verkefnum sem tengjast lýðræði og mannréttindum;<br>• að fá stúdentasamtök til að taka þátt í að skipuleggja aðgerðir innan skólans;<br>• að koma á tengslum við stofnanir innan sveitarfélagsins, aðra aðila í samfélaginu og frjáls félagasamtök;<br>• að kynna ýmiss konar skipulagsstarf í samfélaginu fyrir nemendum (verkefni/þátttökunám); starfsnám kemur hér að góðu gagni;<br>• að vera í tengslum við svipaðar stofnanir og þá aðila sem bjóða upp á nám utan hins hefðbundna menntakerfis. |
| 4. skref (langt komin(n))<br><br>*Á þessu stigi eru mjög hagnýt úrræði á sviði MLB/MRM til staðar og kennarar hafa komið sér upp vönduðum og skilvirkum náms- og kennsluaðferðum. Aukin tengsl eru á milli námsáætlana innan skólans og starfsþjálfunar. Á þessu stigi snúast markmiðin um nýbreytni og nýjar aðferðir við að halda starfinu áfram og að staðið sé við skuldbindingar á öllum stigum stofnunarinnar.* | Reyndu þetta:<br><br>Markmiðin gætu verið:<br><br>• teymisvinna meðal starfsfélaga;<br>• þverfagleg kennsla á sviði MLB/MRM;<br>• skipulag framhaldsnámskeiða í MLB/MRM á meistarastigi;<br>• fleiri tækifæri til starfsþjálfunar meðal kennara;<br>• meiri áhersla á mat á niðurstöðum til stuðnings kennslustarfinu. |

**9. tafla: Framvindutafla fyrir háskólastofnanir**

## 8.4 Athygli ýmissa aðila vakin á hæfni á sviði MLB/MRM

| Viðkomandi aðilar | Þekking og skilningur á MLB/MRM | Skipulag, bekkjarstjórnun, kennsla og námsmat | MLB/MRM í verki – samstarf og samfélagsleg þátttaka | Innleiðing og mat á þátttöku-aðferðum |
|---|---|---|---|---|
| Stefnumótendur | • gætið þess að markmið með MLB/MRM séu skýrt tilgreind í námskrá og leiðbeiningum;<br>• gætið þess að skólastjórnendur séu vel menntaðir og upplýstir;<br>• veitið fjármuni til menntunar og endurbóta á þessu sviði. | • sjáið til þess að yfirmenn menntamála leggi áherslu á mikilvægi MLB/MRM;<br>• setjið MLB/MRM miðsvæðis í námskrá;<br>• veitið kennurum stuðning og ráð um góða kennsluhætti með því að sjá til þess að þeir fái kennsluefni, bæði prentað og á myndböndum, sem og starfsþjálfun. | • veitið frjálsum félagasamtökum fjárstuðning og gerið þeim auðveldara að hefja samstarf við skóla;<br>• gerið skrá yfir hópa sem styðja samfélagsleg málefni, bæði á landsvísu og innan sveitarfélaga;<br>• sjáið til þess að herferðir gegn mismunun og kynþáttafordómum séu löglegar og njóti tilhlýðilegrar virðingar. | • sýnið þátttöku nemenda áhuga og hlustið á það sem þeir hafa að segja;<br>• eflið nemendaráð í skólum og stuðlið að því á allan hátt að skólastarfið verði opnara og lýðræðislegra; veitið nemendaráðum í skólum án aðgreiningar leiðbeiningar;<br>• útvegið fjármuni og gerið fjárhagsáætlun til að kennarar fái símenntun á sviði MLB/MRM. |
| Skólastjórnendur | • kynnið ykkur hvers vegna fjalla þarf um málefni af þessu tagi og skoðið dæmi um hverju skilvirkt nám á sviði mannréttinda og lýðræðis getur breytt í skólastarfinu;<br>• veitið kennurum í skólanum fræðslu og stuðning við þróun nýrra aðferða. | • tilnefnið verkefnastjóra á sviði MLB/MRM og styðjið þá í starfi sínu við að móta kennsluhætti í skólanum;<br>• gerið áætlun sem miðar að því að MLB/MRM hafi aukin áhrif á skólamenningu, námskrá og samfélagslega þátttöku. | • hvetjið til þess að nýjar leiðir verði farnar til að efla samfélagslega þátttöku;<br>• sýnið verkefnum sem stuðla að samfélagslegri þátttöku nemenda, auka hæfni þeirra og hafa áhrif á viðhorf og afstöðu, fullan skilning. | • fagnið tillögum sem koma frá kennurum og nemendum og lúta að því hvernig gera má skólann notalegri;<br>• sjáið til þess að MLB/MRM og virk þátttaka nemenda í samfélaginu verði liður í árlegri úrbótaáætlun skólans;<br>• sýnið framtakssemi kennara stuðning með því að standa með þeim gagnvart stjórnsýslunni. |
| Æfinga-kennarar/kennarar í kennaramenntunarstofnunum | • vísið til heimilda varðandi efni og orðalag, þegar fjallað er um þá hæfni sem búa þarf yfir á þessu sviði, á námskeiðum fyrir byrjendur og lengra komna. | • leggið sérstaka áherslu á að skipuleggja nám á sviði MLB/MRM;<br>• útvegið kennurum leiðbeiningar um hvernig kenna skuli um umdeild málefni. | • hjálpið kennurum að hugsa fyrir öllum þeim atriðum sem upp kunna að koma þegar fjallað er um málefni af þessu tagi. Setjið fram dæmi um tilvik og hvernig leyst var úr málum. | • gefið kennurum tíma til ígrundunar á námskeiðum;<br>• leitist við að laga starfsþjálfun/námskeið að þörfum kennara. |
| Kennarar | • beitið ýmsum ráðum til að fræða nemendur um mannréttindi og lýðræði. | • prófið aðferðir sem stungið hefur verið upp á að beitt sé í skólastofunni;<br>• farið að taka ágreiningsmál og málefni líðandi stundar til umfjöllunar í kennslustundum. | • skipuleggið nokkrar kennslustundir með þátttöku utanaðkomandi aðila þar sem nemendur fá að vinna að breytingum. | • verið fordómalaus og veltið viðfangsefnum fyrir ykkur. |

**10. tafla: Athygli ýmissa aðila vakin á færni á sviði MLB/MRM**

# 9. Niðurstaða

Með nýjum félagslegum áherslum og breyttum aðstæðum í samfélaginu og um allan heim hefur sú þróun átt sér stað í menntamálum að komið er í auknum mæli til móts við þarfir nemenda. Mannréttindi og lýðræði eru undirstaða samræðu og friðar í Evrópu og heiminum öllum til framtíðar. Átakalausnir, virðing fyrir fjölbreytileika, þvermenningarleg viðhorf og skilningur á borgaralegum réttindum og ábyrgð eru mikilvæg viðfangsefni í skólum.

Kennarar verða allir að búa yfir sömu hæfni (sem lýtur að samstarfi og sameiginlegum skilningi) og þurfa að þróa hana með sér (laga sig stöðugt að aðstæðum og faglegri framþróun). Í þessari bók er leitast við að gera grein fyrir aukinni ábyrgð kennara á ýmsum sviðum og bent er á leiðir til að afla sér nauðsynlegrar hæfni – þekkingar, færni og afstöðu – til að vekja skilning nemenda á lífinu og tilverunni og hvernig þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Með því að setja fram fjögur mikilvægustu hæfnisviðin (þ.e. þekkingu á MLB/MRM, kennsluhætti sem taka einnig til þverfaglegra kennsluaðferða, samstarfshæfileika og gildismat), vonum við að allir kennarar geti nýtt sér þau við innleiðingu MLB/MRM í skólum og samfélaginu almennt, og að allir sem koma að menntun kennara finni hjá sér hvöt til að setja mannréttindi og lýðræði í kennsluskrá. Þó að áherslan nú um stundir sé gjarnan lögð á bóklegan árangur sýnir þessi bók að ekki er síður mikilvægt að menntun ungs fólks í alþjóðasamfélagi nútímans snúist um gildismat, félagsfærni og samfélagslega þátttöku.

Við bindum vonir við að þeir möguleikar sem MLB/MRM veitir til skapandi starfsemi, eins og sýnt er fram á hér, leiði bæði kennara og nemendur inn á ánægjulegar brautir þar sem hugmyndir og hugsjónir fá að njóta sín. Það er gaman að fjalla um mannréttindi og lýðræði; slík fræðsla er því kennurum, sem vilja virkja nemendur í námi sínu, afar mikilvæg.

Að lokum skal minnt á samfélag án aðgreiningar. Þegar lesandinn skipuleggur verkefni sem lúta að lýðræði og mannréttindum verður honum ljóst að meginmarkmiðið, það sem allt slíkt starf snýst um, er að allir séu þátttakendur: góðir starfshættir á þessu sviði skila sér í skólastarfi án aðgreiningar, bæði innan skólastofunnar og í skólanum öllum og nemendur verða betur í stakk búnir til að skapa samfélag án aðgreiningar.

> Börn eiga rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem þau varða, og að tillit sé tekið til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.
>
> 2. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

# 10. Viðauki

## 10.1 Sjálfsmat

Sjálfsmat kennara er byggt á rannsóknarniðurstöðum sem sýna hver áhyggjuefni kennara eru á ýmsum stigum starfsferils þeirra.

Áhyggjuefni er skilgreint sem þær tilfinningar, umhugsun og vangaveltur sem tiltekið málefni eða verkefni vekja. Reiman og Thies-Sprinthall tilgreindu sex áhyggjuefni sem kennarar glíma við og skipuðu þeim í fjögur þrep.[53] Samkvæmt því eru settar fram nokkrar tillögur um hvernig hægt sé að þjálfa sig og þróa eigin hæfni.

Í 1. og 2. þrepi eru kennarar fyrst og fremst uppteknir af eigin persónu; í 3. þrepinu eru þeir uppteknari af því verki sem þarf að vinna og í 4. þrepi eru þeir uppteknir af því hvernig kennsluaðferðir þeirra virka á nemendur.

Ýmsar tilfinningar gera vart við sig á þessum stigum.

| Þrep/stig | Spurningar sem vakna | Spurningar sem vakna |
|---|---|---|
| 1. þrep<br>Eigin persóna<br>Áhyggjuefni:<br>• áhugaleysi. | Ég hef engan áhuga á þessu nýja kennsluefni.<br>Mér finnst ég vera alveg utangátta. | • veita upplýsingar. |
| 2. þrep<br>Eigin persóna<br>Áhyggjuefni:<br>• upplýsingar;<br>• persónulegar áhyggjur. | Mig skortir upplýsingar um ... Ég vil vita meira.<br>Hverju breytir þetta nýja námsefni fyrir mig? Verða foreldrar/nemendur hrifnir af því og ánægðir með að ég skuli taka það upp og prófa eitthvað nýtt? Ég hef áhyggjur. | • tilgreina rökin fyrir nýbreytni og gera grein fyrir væntingum þar að lútandi;<br>• lýsa þeim áhrifum sem nýbreytni hefur í för með sér fyrir viðkomandi;<br>• hlusta á hvað viðkomandi hefur að segja;<br>• koma upp stuðningshópi. |
| 3. þrep<br>Verkefni<br>Áhyggjuefni:<br>• umsýsla. | Ég fæ aldrei tíma til að gera allt sem ég þarf að gera. Hvernig get ég komist yfir að sinna öllum þessum nýju verkefnum og pappírsvinnu? Ég finn til vanmáttar.<br>Missi ég stjórn á bekknum ef ég læt nemendur ræða saman um umdeild málefni?<br>Áhyggjur af kennslu og umsýslu. | • gefa ábendingar um tiltekna stjórnunarhætti;<br>• láta kennarann fylgjast með öðrum kennara sem gengur vel; |
| 4. þrep<br>Áhrifin<br>Áhyggjuefni:<br>• afleiðingar;<br>• samvinna;<br>• ný áhersla. | Skilja allir nemendur hvað verið er að fjalla um? Ég er hissa á því hve vel gengur.<br>Mig langar til að deila reynslu minni með samkennurum mínum. Mér finnst þetta spennandi.<br>Mig langar til að endurmóta og aðlaga kennsluaðferðir mínar og námsefnið betur að þörfum nemenda. Mér finnst ég vera á réttri leið. | • samstarf og tengsl við utanaðkomandi aðila. |

**Tafla A1: Áhyggjuefni og spurningar**

53. Reiman, A.J., & Thies-Sprinthall, L., *Mentoring and supervision for teacher development*. New York: Addison-Wesley Longman, 1998.

## 10.2 Yfirlit yfir sjálfsmat

| Flokkur | Hæfni | Á byrjunar-stigi | Komin(n) áleiðis | Hefur mótað sér vinnubrögð | Langt komin(n) |
|---|---|---|---|---|---|
| Þekking og skilningur á MLB/MRM | Hæfniþáttur nr. 1: markmið og tilgangur MLB/MRM | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 2: helstu alþjóðasamningar og grunnreglur sem tengjast MLB/MRM | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 3: innihald námsefnis og náms- og kennsluáætlana á sviði MLB/MRM | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 4: innleiðing MLB/MRM í ýmsu samhengi | | | | |
| Nám og kennsla í þágu MLB/MRM í skólastofunni og skólanum | Hæfniþáttur nr. 5: áætlanir um leiðir, aðferðir og námstækifæri | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 6: að fella grunnreglur og hefðir inn í eigin kennslu | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 7: að setja grunnreglur sem skapa góðan skólaanda | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 8: að þróa ýmsar leiðir til að auka umræðufærni nemenda | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 9: notkun ýmissa aðferða við námsmat | | | | |
| Nám og kennslustarf í þágu MLB/MRM sem byggist á samvinnu og samfélagslegri þátttöku | Hæfniþáttur nr. 10: námsumhverfi sem stuðlar að notkun ýmiss konar heimilda | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 11: samvinna við viðeigandi aðila í samfélaginu | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 12: aðferðir til að takast á við hvers kyns mismunun | | | | |
| Innleiðing og mat á þátttökuaðferðum á sviði MLB/MRM | Hæfniþáttur nr. 13: mat á þátttöku nemenda í ákvörðunum | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 14: gott fordæmi um lýðræðislega borgaravitund og mannréttinda-gildi, viðhorf og afstöðu | | | | |
| | Hæfniþáttur nr. 15: endurskoðun, eftirlit og mat á kennsluaðferðum og árangri nemenda | | | | |
| Heildarmat | Allir hæfniþættirnir | | | | |

**Tafla A2: Yfirlit yfir sjálfsmat**

## 10.3 Aðgerðaáætlun um faglega þróun (aðgerðaáætlun skv. sjálfsmati hvers og eins, ætluð kennurum og þeim sem mennta kennara)

| Þróunarsvið | Aðgerðir | Hver? | Hvenær? | Mælikvarði á hvort markmiðum hafi verið náð |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |

Tafla A3: Sniðmát fyrir aðgerðaáætlun kennara um faglega þróun

# 11. Heimildir

## 11.1 Heimildir sem vitnað er til í bókinni

### Heimildir í formála

Backman, E. og Trafford, B., *Democratic governance of schools*, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2007.

Bîrzea, C. et al., *All European study on education for democratic citizenship policies*, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2004.

Bîrzea, C. et al., *Tool for quality assurance of education for democratic citizenship in schools*, Council of Europe Publishing, Evrópuráðið, 2005.

Council of Europe, Education for Democratic Citizenship and Human Rights, *Programme of Activities* (2006–2009), „Learning and living democracy for all", DGIV/EDU/CAHCIT (2006) 5, 14 Mars 2006.

Eurydice, *Citizenship education at school in Europe*, 2005.

Huddleston, T., *From student voice to shared responsibility: effective practice in democratic school governance in European schools*, Network of European Foundations og Evrópuráðið, 22. maí 2007.

Huddleston, T. (ritstj.), *Tool on teacher training for education for democratic citizenship and human rights education*, Evrópuráðið, Strassborg, 2005.

Naval, Print and Iriate, „Civic education in Spain: a critical review of policy", (Netútgáfa) *Journal of Social Science Education*; og Osler og Starkey, 10. kafli, 2005 (sjá neðar: Cluster A).

### Heimildir í inngangi

Bîrzea, C. et al., *Tool for quality assurance of education for democratic citizenship in schools*, Council of Europe Publishing, Evrópuráðið, 2005.

Bolivar, *Non scholae sed vitae discimus: limites y problemas de la transversalidad* [Limits and problems of the cross-curricular approach] *Revista de Educacion*, 309, bls. 23–65, Enero-Abril 1995.

Framkvæmdastjórn ESB, Mennta- og menningarmálanefnd framkvæmdastjórnar ESB, *Common European principles for teacher competences and qualifications*, flutt á „European Testing Conference on Common European Principles for teacher competences and qualifications", Brüssel, 20.–21. júní 2005.

Kerr, D., „Citizenship: local, national and international", í Gearon, L. (ritstj.), *Learning to teach citizenship in the secondary school*, London, 2003.

OECD, „The definition and selection of key competencies", DeSeCo publications, 2005, www.oecd.org/dataoecd/47/61/35070367.pdf.

ORE (Observatoire des Reformes en Education), *Revisiting the concept of competence as an organizing principle for programs of study: from competence to competent action*, ORE, Montreal, 2006.

Weinert, Franz E., *Concepts of competence*, Max Planck Institute for Psychological Research, München, 1999.

## Heimildir í yfirliti

Crick, B., *Education for citizenship and the teaching of democracy in schools*, the Crick report, London: QCA, 1998.

Davies, I., „What subject knowledge is needed to teach citizenship education and how can it be promoted? A discussion document for consideration by initial teacher education tutors", 2003, Citized-vefsvæðið: www.citized.info.

Habermas J., *The theory of communicative action*, Volume 1, Cambridge, Bretland: Polity Press, 1984.

Habermas J., *The theory of communicative action*, Volume 2, Cambridge, Bretland: Polity Press, 1987.

Luke, A., Muspratt, S., & Freebody, P. (ritstj.), *Constructing critical literacies: teaching and learning textual practice*, Cresskill NJ: Hampton Press, 1997.

McNamara, D., „Subject knowledge and its application: problems and possibilities for teacher educators", *Journal of Education for Teaching*, 17 (2), bls. 113–128, 1991.

Reece, P. og Blackall, D., „Making news: literacy for citizenship", http://makingnewstoday.uow.edu.au (mars 2008).

Schulman, L., „Those who understand: knowledge growth in teaching", *Educational Researcher*, 15, bls. 4–14, 1986.

## Heimildir í flokki A

Audigier, F., *Basic concepts and core competencies for education for democratic citizenship*, Evrópuráðið, 2000.

Banks, J.A., *Handbook of research on multicultural education*, Simon & Schuster/Macmillan, New York, 1995.

Davies, I., „What subject knowledge is needed to teach citizenship education and how can it be promoted? A discussion document for consideration by initial teacher education tutors", Citized-vefsvæðið: www.citized.info, 2003.

McNamara, D., „Subject knowledge and its application: problems and possibilities for teacher educators", *Journal of Education for Teaching*, 17 (2), 1991.

Naval, C., Print, M. og Veldhuis, R., „Education for democratic citizenship in the new Europe", *European Journal of Education*, 37(2), 2002.

QCA, *Education for citizenship and the teaching of democracy in schools* (the Crick report), QCA, London, 1998.

Osler, A. og Starkey, H., „Education for democratic citizenship: a review of research, policy and practice 1995–2005", *Academic Review*, BERA, 2005.

Shulman, L., „Those who understand: knowledge growth in teaching", *Educational Researcher*, 15, bls. 4–14, 1986.

Sliwka, E., Diedrick, M. og Hofer, M. (ritstj.), *Citizenship education – Theory, research, practice*, Waxmann, Münster, 2006.

Torney-Purta, J. et al., *Citizenship and education in twenty-eight countries: civic knowledge and engagement at age fourteen*, International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA), Amsterdam, 2001.

Wieviorka, M., *The arena of racism*, Sage, London, 1995.

## Heimildir í flokki B

Backman, E. og Trafford, B., *Democratic governance of schools*, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2007.

Black, P. et al., *Assessment for learning: putting it into practice*, Open University Press, New York, 2003.

Cunningham. J., „Rights, responsibilities and school ethos", í Baglin Jones, E. og Jones, N. (ritstj.), *Education for citizenship: ideas and perspectives for cross-curricular study*, Kogan Page, London,1992.

Devries, R. og Zan, B., *Moral classrooms, moral children: creating a constructivist atmosphere in early education*, Columbia University Press, New York, 1994.

Duerr, K., Spajic-Vrkasˇ, V. og Ferreira Martins, I., *Strategies for learning democratic citizenship*, Evrópuráðið, 2000.

Goleman, D., *Emotional intelligence*, Bantam Books, New York, 1995.

QCA, *Education for citizenship and the teaching of democracy in schools* (the Crick report), QCA, London, 1998.

Rogers, B., *The language of discipline: a practical approach to effective classroom management*, Northcote House Publishers, Plymouth, 1994.

## Heimildir í flokki C

Ajegbo, K., „Curriculum review: diversity and citizenship", DfES, London, 2007.

Billig, S. og Shelley, H., *Research on K-12 school-based service-learning. The evidence builds.* PhiDelta Kappan, Science Education, Bloomington, í rannsókn sem styrkt var af Carnegie Corporation of New York og CIRCLE (Center for Information and Research on Civic Learning and Engagement), 2000.

Citizenship Foundation, *Education for citizenship, diversity and race equality: a practical guide*, Citizenship Foundation, London, 2003.

Evrópuráðið, „Learning and living democracy. Concept paper", sérfræðinganefnd vegna Evrópuárs um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi, CAHCIT, Evrópuráðið, Strassborg, 2005.

Dewey, J., *Democracy and education*, NY Free Press, New York (1916) 1966. Einnig fáanleg hjá Google books: http://books.google.com.

Donnelly, C., „What price harmony? Teachers' methods of delivering an ethos of tolerance and respect for diversity in an integrated school in Northern Ireland", *Educational Research*, Vol. 46 (1), 2004.

Gearon, L., „NGOs and education: some tentative considerations", *Reflecting Education*, 2. október 2006.

Giroux, H., *Ideology culture and the process of schooling*, Temple University Press, Philadelphia/ Falmer Press, London, 1981.

Gowran, S., *Opening doors: school and community partnership in poverty awareness and social education initiatives*, draft guidelines for partnership development, Curriculum Development Unit, CDVEC og Combat Poverty Agency, Dublin, 2004.

Hart, R., *Children's participation: the theory and practice of involving young citizens in community development and environmental care*, Earthscan, London, 1997.

Held, D., „Democracy and the new international order“, í Achibugi, D. og Held, D. (ritstj.), *Cosmopolitan democracy*, Polity Press, Cambridge, 1995.

Osler, A., „The Crick report: difference, equality and racial justice“, *Curriculum Journal*, 11(1), 2000.

Osler, A. og Starkey, H., „Learning for cosmopolitan citizenship: theoretical debates and young people’s experiences“, *Educational Review*, 55 (3), 2003.

QCA, *Play your part: post-16 citizenship*, QCA, London, 2004.

Zacharakis-Jutz, J. and Flora, J., „Issues and experiences using participatory research to strengthen social capital in community development“, in Armstrong, P., Millerm, N. og Zukas, M. (ritstj.), *Crossing borders, breaking boundaries*, University of London, 1997.

## Heimildir í flokki D

Backman, E. og Trafford, B., *Democratic governance of schools*, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2007.

Bandura, A., *Social foundations of thought and action: a social cognitive theory*, Prentice-Hall, Englewood Cliffs, NJ, 1986.

Barell, J., *Teaching for thoughtfulness. Classroom strategies to enhance intellectual development*, Longman, London, 1991.

Brookfield, S.D., *Becoming a critically reflective teacher*, Jossey-Bass, San Francisco, 1995.

Goodlad, J., *A place called school*, McGraw-Hill, New York, 1984. Fáanleg hjá Google books: http://books.google.com.

Huddleston, T. (ritstj.), *Tool on teacher training for education for democratic citizenship and human rights education*, Evrópuráðið, Strassborg, 2005.

Huddleston, T. og Kerr, D. (ritstj.), *Making sense of citizenship: a continuing professional development handbook*, Hodder Education, London, 2006.

Rowe, D., *The business of school councils*, Citizenship Foundation, London, 2003.

Zeichner, K., „The reflective practitioner“, í Reason, P. og Bradbury, H. (ritstj.), *Handbook of action research: participative inquiry and practice*, Sage, London, 2001.

## Heimildir í viðauka

Reiman, A.J., & Thies-Sprinthall, L., *Mentoring and supervision for teacher development,* Addison-Wesley LongmanReiman, New York, 1998.

## 11.2 Aðrar heimildir

### Heimildir um námsmat

Black, P. et al., „The nature and value of assessment for learning", 2003, www.umds.ac.uk/content/1/c4/73/57/formative.pdf.

Jerome, L., „Assessment in citizenship education", 2003,

Klenowski, V., *Developing portfolios for learning and assessment: processes and principles*, RoutledgeFalmer, London, 2002.

QCA, *Assessing citizenship*, HMSO, London, 2006.

### Heimildir um hvernig takast skuli á við umdeild málefni

Citized-vefsvæðið, „Conference report on the teaching of controversial issues", 2006, www.citized.info/pdf/conferences/31_03_06report.pdf.

Citizenship Foundation, *Teaching about Iraq and other controversial issues*, 2003, www.citizenshipfoundation.org.uk/main/resource.php?s124

Claire, H. og Holden, C. (ritstj.), *The challenge of teaching controversial issues*, Trentham Books, Oakhill, 2007.

Gollob, R. og Krapf, P., *Living in democracy – lesson plans for lower secondary level* (EDC/HRE Volume III), Evrópuráðið, Strassborg, 2008.

OSCE, „Toledo Guiding Principles – Teaching about religions and beliefs", 2008. www.osce.org/publications/odihr/2007/11/28314_993_en.pdf.

**Council of Europe Publishing/Editions du Conseil de l'Europe**

*FR-67075 STRASBOURG Cedex*

*Sími: +33 (0)3 88 41 25 81 – Fax: +33 (0)3 88 41 39 10 – Netfang: publishing@coe.int – Vefsvæði: http://book.coe.int*

Í þessari bók er gerð grein fyrir þeirri hæfni sem kennarar þurfa að búa yfir til að geta gert lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi að veruleika í skólastofunni, í skólakerfinu og samfélaginu almennt. Hún er ætluð öllum kennurum – ekki eingöngu sérfræðingum á því sviði heldur kennurum í öllum greinum – og kennurum kennaramenntunarstofnana á háskólastigi eða annars staðar, bæði við starfsmenntun og starfsþjálfun.

Gerð er grein fyrir fimmtán hæfniþáttum sem skipt er niður í fjóra flokka. Hver flokkur samsvarar einum kafla þar sem hæfniþáttunum er lýst nákvæmlega og dæmi tekin. Notaðar eru framvindutöflur og tillögur settar fram um sjálfsnám: þessum töflum – sem eru stigskiptar – er ætlað að hjálpa kennurum að átta sig á kennsluaðferðum sínum, þannig að þeir sjái hvernig þeir geta bætt starfshætti sína.

Education for Democratic Citizenship and Human Rights

COUNCIL OF EUROPE
CONSEIL DE L'EUROPE
Evrópuráðið
**http://book.coe.int**

**www.coe.int**

*47 ríki um alla Evrópu eiga aðild að Evrópuráðinu. Evrópuráðið leitast við að setja fram lýðræðislegar reglur og lög sem byggjast á Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum skjölum sem fjalla um verndun einstaklinga. Allt frá stofnun þess árið 1949, eftir seinni heimsstyrjöldina, hefur Evrópuráðið verið boðberi sátta og samkomulags.*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
NÁMSGAGNASTOFNUN

ISBN-13: 978-9979-0-1891-9
9 789979 018919
40604